

ATVINNA

Atvinnuauðglýsingar úr ýmsum áttum

atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLAFUR JÓHANNESSON

Gerir heimildarmynd um Mike Stone

Var ástmaður Priscilla Presley

FÓLK 46



NÝTT
Fitty SAMLOKU BRAUÐ
 NY ORKULIND
 Smakkaðu Fitty í dag - heilsunnar vegna - komið í verlanir

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. febrúar 2006 — 42. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Í askana látið
 Bókmenntaspek-ingar tilnefna nokkrar bækur sem enginn menntskælingur ætti að láta framhjá sér fara.
BÆKUR 30

Dús við sjálfan mig
 Leikarinn og hrossabóndinn Jón Sigurbjörnsson er aðalleikari í Síðasta bænum, sem tilnefnd er til óskarsverðlauna. Fréttablaðið kíkir í heimsókn á Helgastaði.
VIÐTAL 20

Heitustu gúrárnir
 Fólk leitar sífellt meira á náðir náttúru-lækninga og ákveðni meðferðaraðilar njóta mikilla vinsælda.
HELGAREFNI 66

Fjölgað í 1. deild karla
 Ársþing KSÍ var haldið í gær og þar var ákveðið að fjölga liðum í 1. deild karla úr tíu í tólf fyrir næsta ár.
ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG

HLÝNANDI VEÐUR Austlæg átt verður, yfirleitt 13-20 m/s en hægari norðaustan til. Rigning og síðar skúrir sunnan til en fer að snjóa á Vestfjörðum og norðan til síðdegis. Hiti 0-7 stig, mildast syðst. Hægt hlýnandi veður.
VEÐUR 4



3.-4. sæti
 veljum www.bjorkv.is
BJÖRK
 Virkjum velferðina - í þágu allra

Öryggisreglur hertar á Keflavíkurflugvelli

Að kröfu alþjóðlegra eftirlitsaðila hafa reglur um öryggi í Flugstöð Leifs Eiríks-sonar verið hertar. Fólk má ekki lengur fylgja börnum, fötluðum eða öldruðum til og frá flugvélum. Sýslumaður segir töluverðan kostnað fylgja breytingunum.

ÖRYGGI Öryggisreglur á Keflavíkurflugvelli hafa verið hertar að kröfu alþjóðlegra eftirlitsaðila. Fólk er nú meinað að fylgja þeim, sem af einhverjum ástæðum komast ekki hjálparlaust í og úr flugi, svo sem börnum, fötluðum og öldruðum, til og frá flugvélum.

Þá ber öllum starfsmönnum sem vinna á toll- og öryggissvæðum að bera sýnileg aðgangskort og strangar reglur gilda um útgáfu tímabundinna aðgangsheimilda. Skal starfsmaður með fullgilda varanlega aðgangsheimild fylgja og bera ábyrgð á fólki sem hefur tímabundna aðgangsheimild.

Að auki má nefna að tekið verður af hörku á misnotkun aðgangskorta en borið hefur á að starfsfólk flugstöðvarinnar hafi farið um tollsvæði hennar utan vinnu-

tíma, til dæmis til að taka á móti farþegum.



JÓHANN R. BENEDIKTSSON

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir að grip-ið hafi verið til aðgerða í kjölfar athuga-semda sem bær-ust eftir úttekt alþjóðlegra eftirlitsaðila á öryggismálum flugstöðvar-innar. Hann segir þær snúa að öllum sem vinna á Keflavíkur-flugvelli: sýslumannsembættinu, flugmálastjórn, flugrekendum, flugstöðinni sjálfri og fleirum. Önnur athugun sem gerð var í síð-ustu viku sýni svo að enn þurfi að herða á reglum. „Við teljum full-

víst að þessar athugasemdir séu þess eðlis að enn verði að bæta í og það mun hafa í för með sér tölu-verðan kostnað,“ segir Jóhann.

Öryggisástand flugvallarins hefur, að sögn Jóhanns, verið mjög gott en alltaf megi gera betur. „Það hafa verið veikleikar sem við höfum verið að bæta úr.“

Jóhann segir að stöðugt sé hert á alþjóðlegum flugverndar- og öryggisreglum í heiminum og Ísland þurfi að undirgangast þær. „Í þessu alþjóðlega umhverfi er til-tölulega lítið svigrúm á milli landa. Okkur finnst á köflum erfitt að framfylgja svona ströngum reglum en þurfum að horfa til þess að þetta er alþjóðaflugvöllur og við verðum því að sætta okkur við þær.“

Jóhann segir einhver óþægindi fylgja breyttum háttum en þeim þurfi að aðlagast.



HRÆIN BRENNÐ Fuglflensutilfellum fjölga stöðugt. Nú hefur barvaent afbrigði stungið sér niður á Ítalíu og í Grikklandi.

Fuglflensan breiðist út: Finnst á Ítalíu og í Grikklandi

HEILBRIGÐISMÁL Komin eru upp fuglflensutilfelli í álfnum bæði á Ítalíu og í Grikklandi, eftir því sem þarland yfirvöld greindu frá í gær. Fuglflensan er af þeim stofni sem dregur fólk til dauða smitist það af honum. Þessi stofn flensunnar er nefndur H5N1 og tilraunastofur Evrópusambandsins hafa staðfest að um þennan stofn er að ræða. Álfirnir í Grikklandi fundust allar á litlu svæði í Þessalóníku en í þremur héruðum á Ítalíu, bæði á meginlandinu og Sikiley.

Þetta eru fyrstu tilfelli flensu af þessum stofni sem greinast innan Evrópusambandsins. -shá



JAFNTEFLI Fríðrik Ólafsson og Boris Spassky gerðu jafntefli í tveimur skákum í einvígi þeirra í millum í gær. Skákirnar tvær voru þær fyrstu sem þeir tefla í rúm tuttugu ár en þeir mættust nokkrum sinnum þegar báðir voru í röð fremstu skákanna heims. Tefli var í aðalútibúi Landsbankans við Austurstræti í Reykjavík og fylgdist fjöldi fólks með skákunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Einvígi Fríðriks og Spasskys: Meistararnir skildu jafnir

SKÁK Stórmeistararnir Fríðrik Ólafsson og Boris Spassky gerðu jafntefli í báðum skákum sínum í einvígi þeirra sem fram fór í Reykjavík í gær. Síðari skákin þótti sérlega fjörleg og var lengi tvísýnt um úrslit hennar.

Fjöldi fólks fylgdist með skákunum og hlýddi á fyrirlestur Spasskys um skákferil Fríðriks. Að sögn Guðfríðar Lilju Grétars-dóttur, forseta Skáksambands Íslands, var hann bæði fróðlegur og skemmtilegur en Fríðrik var í hópi sterkustu skákanna heims og að auki forseti Alþjóðaskák-sambandsins.

Spassky, sem kom sérstaklega til landsins til að tefla við Fríðrik og flytja um hann erindi, mun hitta Bobby Fischer í dag en þeir háðu sögulegt einvígi um heims-meistaratitilinn í Reykjavík 1972. Fischer býr á Íslandi. -bps

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ætlar að sjá leik Chelsea og Barcelona: Á völlinn í boði Eiðs Smára

HEIMSÓKN Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra verður í hópi áhorfenda á leik Chelsea og Barcelona í Lundúnum, miðvikudaginn 22. febrúar. Ráðherrann sér leikinn í boði Eiðs Smára Guð-johnsen, leikmanns Chelsea og fyrirlíða íslenska landsliðsins í knattspyrnu.

Halldór verður í Bretlandi í nokkra daga síðar í þessum mánuði og heimsækir íslensk fyrirtæki og athafnamenn. Fjöldmörg íslensk fyrirtæki hafa skotið rötum í Bretlandi og má þar nefna Actavis, Bakkavör, Baug, KB banka, Íslandsbanka og Lands-



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FOR-SÆTISRÁÐHERRA



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN KNATTSPYRNU-MAÐUR

bankann. Leikur Chelsea og Barcelona verður fyrri viðureign liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Er hans beðið með eftirvæntingu þar sem liðin eru talin þau bestu í heimi. Eiður Smári hefur verið í byrjunarliði

Chelsea í síðustu leikjum og staðið sig vel. Tæpri viku eftir leikinn stýrir Eyjólfur Sverrisson íslenska landsliðinu í fyrsta sinn þegar það mætir Trínídad og Tóbagó í Lundúnum. Forsætisráðherra verður þá kominn til Íslands. -bps



GÓÐUR DAGUR TIL AÐ KJÓSA



SPURNING DAGSINS

Ásbjörn, mun Samskip flytja verk á Listahátíð?

Já, mig grunar að við eigum eftir að flytja eitthvað af verkunum enda eru flutningar okkar ág.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, skrifaði fyrir helgi undir samstarfsáttakningu við Listahátíð fyrir hönd Samskipa.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Akureyri var haldið í gær:

Kristján Þór hlaut rússneska kosningu

PRÓFKJÖR Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, vann afgerandi sigur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri í gær.

Kristján þór segist hafa vænst góðs stuðnings í fyrsta sætið og var að vonum í sjöunda himni þegar úrslit lágu fyrir. „Þetta er mjög afdráttarlaus traustsýrilyfing sem ég fæ og ég er bæði stoltur og þakklátur í senn. Kosningabáttakan er meiri en ég átti von á og nýskráningar í flokkinn mjög margar. Það gefur okkur byr undir báða vængi og ég get ekki verið annað en mjög bjartsýnn varðandi kosningarnar í vor,” segir Kristján Þór.



SIGURINN VÍS Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri ásamt eiginkonu sinni, Guðbjörgu Ringsted, þegar ljóst var að sigurinn var í höfn.

FRÉTTABLAÐIÐ KK

Sigrún Björk Jakobsdóttir og Þórarinn B. Jónsson eru áfram á meðal efstu manna Sjálfstæðis-

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í AKUREYRI

| | | |
|---------|------------------------------|-------------|
| 1. sæti | Kristján Þór Júlíusson | 896 atkvæði |
| 2. sæti | Sigrún Björk Jakobsdóttir | 696 atkvæði |
| 3. sæti | Elin Margrét Hallgrímsdóttir | 298 atkvæði |
| 4. sæti | Hjalti Jón Sveinsson | 301 atkvæði |
| 5. sæti | Þórarinn B. Jónsson | 379 atkvæði |
| 6. sæti | María Egilsdóttir | 440 atkvæði |



flokksins á Akureyri en Elin Margrét Hallgrímsdóttir, Hjalti Jón Sveinsson og María Egilsdóttir eru ný í efstu sætum.

Hvorki Oktavía Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, né Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður Alþýuflokksins, voru á meðal sex efstu en bæði

gengu þau nýlega í Sjálfstæðisflokkinn.

Á kjörskrá voru 1.500 og greiddu 1.150 atkvæði. Þátttakan var 77 prósent.

Ellefu sitja í bæjarstjórn Akureyrar og í síðustu kosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn fjóra fulltrúa.

- kk



ÁNÆGÐ MEÐ PRÓFKJÖRIÐ Kristinn Guðlaugsson, Halla Jónsdóttir og Guðmundur Gunnarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI ÞÓR

Sjálfstæðismenn á Álftanesi: Afgerandi sigur bæjarstjóra

PRÓFKJÖR Guðmundur G. Gunnarsson hreppti efsta sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Álftanesi sem fram fór í gær.

Guðmundur hlaut 143 atkvæði í fyrsta sætið. Í öðru sæti með 71 atkvæði var Sigríður Rósa Guðmundsdóttir og í þriðja sæti lenti Kristinn Guðlaugsson með 72 atkvæði í fyrsta til þriðja sæti. Erla Guðjónsdóttir hreppti fjórða sætið með 94 atkvæði í fyrsta til fjórða sæti. Alls voru greidd 172 gild atkvæði.

Sjálfstæðisflokkur hefur nú fjögur sæti af sjö í bæjarstjórn Álftaness en Kristján Guðlaugsson er eini frambjóðandinn af þeim sem hlutu efstu fjögur sætin sem ekki situr í bæjarstjórn.

- sha

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvaður velti bíl Jeppi valt við Síðumúla í fyrri nótt og vildi ekki betur til en svo að jeppinn hafnaði ofan á öðrum bíl. Ökumaðurinn slapp ómeiddur en hann er grunaður um ölvun við akstur. Báðir bílar skemmdust töluvert.

Þjófur í Austurbænum

Lögreglan í Reykjavík leitar þjofs sem braust inn í fyrirtæki í miðborginni í fyriranót. Þjófurinn klífaði upp á vinnupalla og spennti upp glugga á efri hæð. Ekki lá ljóst fyrir í gær hversu miklu var stolið.

Höfuðstöðvarnar í yfirgefnum íbúðum

Starfsmannaleigan Vislande, sem talin var stórtækust í innflutningi á vinnuafli frá Lettlandi og Litháen í fyrra, hefur heimilisföng á nokkrum stöðum í Lettlandi, þar á meðal í tveimur mannlásum íbúðum í Sigulda.

STARFSMANNALEIGUR Starfsmannaleigan Vislande er talin hafa verið einna stórtækust af öllum starfsmannaleigum á Íslandi í fyrra en áætlað er að Vislande hafi flutt inn minnst 75 manns á rúmlega einu ári, frá ágúst 2004. Vislande er með höfuðstöðvar í miðborg Riga. Hún er staðsett á efri hæðinni fyrir ofan ljósmyndastofu við stóra breiðgötu. Í heimsókn Fréttablaðsins til Lettlands kom í ljós að Vislande er með að minnsta kosti tvö önnur heimilisföng í sögufrægum bæ, Sigulda, í um klukkustundar fjarlægð frá Riga.



FRÉTTABLAÐIÐ Í LITHÁEN
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

er í hrörlegum bæjarblokkum og virðast vera mannlásum, að minnsta kosti svaraði þar enginn þegar blaðamaður Fréttablaðsins var þar á ferð í fyrradag og bankaði uppá.

Nágrannarnir vissu heldur ekki neitt um íbúa í þessum íbúðum.

Þegar hringt var á skrifstofu Nordic Barter í Riga fékkst samband við yfirmanninn sem reyndist vera Ilona Mikla. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá upplýsingar um starfsmennina tókst það aldrei. Ilona, sem á starfsmannaleiguna Vislande, benti ítrekað á Ingu hjá Nordic Barter í Riga þrátt fyrir óskir um að fá að hitta hana sjálfa. Nordic Barter er rekið í tengslum við Viðskiptanetið á Íslandi og eru eigendur Nordic Barter bræðurnir Benedikt og



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Skrifstofur starfsmannaleigunnar Vislande og Nordic Barter eru til húsa á sama stað eins og sjá má á skiltunum á þessari mynd. Bæði fyrirtækin eru til húsa á efri hæðinni. Á götuhæðinni er ljósmyndastofa.

FRÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA

Örn Karlssynir. Örn er barnsfaðir Ilonu. Viðskiptahugmynd Nordic Barter í Riga er sú sama og Viðskiptanetsins á Íslandi, vöruskipti. Nordic Barter hefur meðal annars verið í innflutningi á timburhúsum og tengist það ýmsum öðrum fyrirtækjum, þar á meðal Viðskiptanetinu og Austurbrúin.

Starfsmannaleiga Vislande var í fréttum í fyrravor vegna

ghs@frettabladid.is

Sharon gekkst undir aðgerð:

Sharon nær dauða en lífi

ÍSRAEL, AP Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, var færður á gjörgæsludeild sjúkrahússins Haddasah í Jerúsalem þar sem hann gekkst undir aðgerð í gær. Læknar hans skáru hann upp vegna þess að þeir tóku eftir því að kviður hans var mjög bólginn. Sneiðmynd sem var tekin í kjölfarið leiddi í ljós að komin var sýking í kviðarhol hans.

Læknar þurftu að fjarlægja hluta af ristli forsetans sem er nú talinn úr bráðri hættu. Forsetinn er búinn að vera í dái síðan 4. janúar eftir að hann fékk alvarlegt heilablóðfall. - shá



ARIEL SHARON



GÓÐ ÞÁTTAKA Úrslitin prófkjörsins verða kunngerð í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ / ATLI ÞÓR

Samfylkingin í Reykjavík:

Fleiri kosið en búist var við

PRÓFKJÖR Alls höfðu 3.800 manns kosið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík þegar kjörstöðum var lokið klukkan sex í gær en þetta var fyrri dagurinn. Með utankjörfundaratkvæðum höfðu því rúmlega 4.500 manns greitt atkvæði.

Prófkjörinu lýkur í dag og er reiknað með að fyrstu tölur berist um klukkan hálf sjö í kvöld. Að sögn Heiðu Bjargar Pálmadóttur, formanns kjörstjórnar, er mikil ánægja þátttökuna. „Þetta er meira en við áttum von á,” segir Heiða.

- fgg

NÝJA REYKJAVÍK - KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ

DAGUR ER ALVÖRU JAFNAÐARMAÐUR



Hann makar aldrei eigin krók og skilur í orði og á borði hvað kvenfrelsi skiptir miklu máli.

Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins

Ég hef fylgst með Degi B. Eggertssyni hálfu ævina og ítrekað séð hann skila meiri árangri í kosningum og framkvæmdum en fólk taldi almennt að hægt væri að gera. Forystuhæfileikar hans einkennast af dugnaði og óvenjulegri atorku, hann laðar fólk til samstarfs með hómur og glöðu bragði og læknisreynslan segir til sín í því að hann hlustar vel á það sem fólk hefur að segja. Dagur er alvöru jafnaðarmaður sem vill bæta samfélag fólks og fyrirtækja.

DAGUR1 SÆTI

Herlögregla á Keflavíkurvelli hafði mikinn viðbúnað við komu fjögurra flugvéla:

Hermenn biðu með alvæpni

VARNARLIÐIÐ Mikill viðbúnaður var á Keflavíkurflugvelli í gær þegar fjórar C-23 flutningavélar í þjónustu Bandaríkjahers, millilentu á leið sinni frá Mið-Austurlöndum. Að sögn sjónarvotta beið á flugvelli hópur bandarískra herlögreglumanna með alvæpni og leitarhunda sér við hlið. Farþegar vélanna voru bandarískir hermenn á leiðinni heim í frí og voru nokkrir þeirra handteknir og færðir burt í handjárnnum; sumir klæddir borgaralegum fatnaði.

Eftir að farþegar vélanna höfðu verið færðir á brott voru vélnar skoðaðar nákvæmlega eða „teknar í sundur“ eins og sjónarvottur orðaði það. Einnig var leitað í öllum farangri.

Friðþór Eydal, upplýsingafultrúi Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sagðist ekki vita nákvæmlega um hvað málið snýst



FLUTNINGAVÉL Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Fjórar vélar ekki ósvipaðar þessari voru skoðaðar af herlögreglu í gærkvöld.

en staðfesti þó að um einhvers konar agabrot væri að ræða. Hann sagði að það væri mjög eðlilegt að mál væru rannsökuð hér.

„Herlögregla fékk það verkefni að hafa afskipti af hermön-

um sem voru um borð í vélunum og það er það eina sem fram fór. En þetta gæti verið eitthvað stóralvarlegt mál án þess að ég viti það,” segir Friðþór Eydal.

- shá



Engin takmörk

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannaúði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Iðnfyrirtæki treysta á öflugt rannsókn- og menntakerfi.

Menntadagur iðnaðarins verður haldinn 22. febrúar 2006.

Nánari upplýsingar og dagskrá á www.si.is

SI

Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 10.2.2006

KAUP SALA

| | | | |
|-----|-----------------|--------|--------|
| | Bandaríkjadalur | 63,09 | 63,39 |
| | Sterlingspund | 110,25 | 110,79 |
| | Eвра | 75,5 | 75,92 |
| | Dönsk króna | 10,112 | 10,172 |
| | Norsk króna | 9,347 | 9,403 |
| | Sænsk króna | 8,151 | 8,199 |
| | Japanskt jen | 0,5364 | 0,5396 |
| SDR | | 90,81 | 91,35 |

Gengisvísitala krónunnar

106,0024

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fréttaljósmynd ársins 2005 valin í Hollandi:

Þögult neyðaróp

HOLLAND Kanadíski ljósmyndarinn Finbarr O'Reilly vann til verðlauna fyrir fréttaljósmynd ársins í gær fyrir mynd sína af fingrum barns á vörum móður þess í neyðarskýli í Níger í Afríku.

Umsögn dómnefndar var á þá leið að myndin næði að sameina fegurð, hrylling og örvæntingu, en myndin er tekin á hungursneyðarsvæði.

Alls þurfti dómnefndin að velja úr 80 þúsund ljósmyndum að þessu sinni, sem bárust frá 122 löndum.

Finbarr O'Reilly starfar fyrir Reuters-fréttastofuna en þetta er annað árið í röð sem ljósmyndarar

á hennar vegum hreppa fyrstu verðlaun fyrir fréttaljósmynd ársins. Ljósmyndarar AP og Getty Images unnu flest verðlaun eða átta og sjö samtals.

Þema flestra mynda sem sendar voru inn í keppnina að þessu sinni var móðir náttúra og öfl hennar. Alls voru veitt verðlaun í 25 flokkum og hlutu 63 ljósmyndarar verðlaun eða viðurkenningu fyrir myndir.

Verðlaunamyndirnar verða kynntar sem fyrr um víða veröld á næstu mánuðum en sýningin hefur verið haldin í Kringlunni hér á landi undanfarin ár.

- aa



FRÉTTALJÓSMYND ÁRSINS 2005 Hungursneyð ríkir í Níger og tugþúsundir þurfa að leita á náðir erlendra hjálparstofnana með mat og vatn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FIMM MÁNUÐIR Maðurinn ræktaði kannabis í bílskúr við Fálkagötu í Reykjavík.

Síbrotamaður fyrir dómi:

Dæmdur fyrir kannabisrækt

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur maður var á föstudag dæmdur í fimm mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa í vörslu sinni 33 kannabisplöntur, 38 grömm af kannabislaufum og 1,5 grömm af kannabisstönglum. Jafnframt að hafa um nokkurt skeið ræktað umræddar plöntur í bílskúr við Fálkagötu.

Maðurinn hafði áður hlotið dóma fyrir brot á umferðarlögum, skjalafals, tilraun til þjófnaðar, eignaspjöll og brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Sakaferill hans nær allt til ársins 1996.

Auk fimm mánaða fangelsis var manningum gert að greiða málsvarnarlaun að upphæð 65 þúsund krónur.

- jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fór utan í vegrið Ökumaður fólksbíreiðar keyrði utan í nýtt vegrið í Draugahlíðarbrekku rétt austan við Litlu kaffistofuna í fyrirnótt. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun.

Veltu bíl Bílvelta varð á Grafningsvegi um hádegisbilið í gær. Tveir voru í bílnum og þeir fluttir á heilsugæsluna. Til aðhlyningar en meidd þeirra voru ekki talin alvarleg.

BRETLAND

Fullur flugmaður Flugmaður American Airlines var handtekinn á Manchester-flugvelli í gær. Þetta var skömmu fyrir flugtak og hugðist maðurinn, sem er grunaður um ölvun, fljúga farþegavél til Chicago. Klukkutíma seinkun varð á flugtaki.

Óttast efnahagsleg áhrif fuglaflensu

Fjármálaráðherrar átta helstu iðnríkja heims funduðu í Rússlandi í fyrsta skipti. Rússar nota tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

MOSKVA, AP Fjármálaráðherrar átta helstu iðnríkja heims eru bjartsýnir á þróun efnahagsmála fram eftir þessu ári en fregnir af fuglaflensu á Ítalíu og Grikklandi valda þó nokkrum áhyggjum. Þetta kom fram á fundi fjármálaráðherranna sem fram fór í Moskvu í gær, þeim fyrsta sem haldinn er í Rússlandi.

Talið er að ef fuglaflensutilfellum fjölgi mjög í Evrópu geti það haft efnahagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi svæði. Hvatt er til aukinna fjárframlaga til hinna sýktu svæða svo draga megi úr neikvæðum efnahagslegum áhrifum.

Gestgjafarnir Rússar eru mjög í sviðsljósinu á þessum fundi. Það er ekki aðeins vegna þess að þeir halda nú í fyrsta sinn fund fjármálaráðherra G8 ríkjanna heldur halda þeir mjög á lofti þeirri staðreynd að þeir eru aðrir stærstu olíuútflytjendur í heimi og hafa á undanförunum árum hagnast mjög á olíuútskiptum sínum. Svo mjög hafa þeir hagnast að þeir standa nú í samningaviðræðum við skuldunauta sína um að borga upp skuldir sovétímans. Einnig vilja þeir nota fundinn til að eyða þeim orðrómi að þeir séu óáreiðanlegir í olíuútflytningi sínum.

Olíuverð er sem oft áður eitt af aðalúmræðuefnum funda fjármálaráðherra G8 ríkjanna. Það sem veldur áhyggjum er ekki aðeins aukin eftirspurn heldur einnig takmarkanir á magni útflutningsríkja. „Við sjáum þá þróun að verð stýrist ekki einungis af eftirspurn heldur horfum við nú fram á enn frekari framleiðsluhömlur. Þetta getur



ÓTTI OG ÁNÆGJA Vladimir Pútín, forseti Rússlands, heilsar Peer Steinbrueck, fjármálaráðherra Þýskalands. Á milli þeirra stendur fjármálaráðherra Bandaríkjanna, John Snow.

haft neikvæðari áhrif á efnahag heimsins en við höfum séð til þessa,“ var haft eftir hátt settum embættismanni.

Mitt í allri þessari umræðu um framboð og eftirspurn olíu standa Rússar frammi fyrir því að efast er um réttmæti hlutdeildar þeirra í hópi átta stærstu iðnríkja heims. Þetta sést á því að þeir hafa ekki

verið fullgildir meðlimir í viðræðum fjármálaráðherra ríkjanna um veigamikil mál eins og gengi og viðskiptahalla Bandaríkjanna. Pútín forseti ver aðild Rússlands með kjafti og klóm og segir að land sitt sé málsvari þróunarlandanna og veiti mótvægi við þá sterkustu.

svavar@frettabladid.is

Mótmæli halda áfram:

Danir flýja morðhótanir

MÚHAMEDSTEIKNINGAR Danir hafa kallað sendiherra sinn og allt starfsfólk sendiráðs síns heim frá Indónesíu eftir að hótanir bárust þeim í gær. Er þetta enn eitt atvik-ið vegna birtingar skopmynda af Múhamed spámanni en ólgan í kringum málið virðist ekkert ætla að róast.

Mótmæli hafa nú staðið yfir í fullar tvær vikur í Indónesíu en mótmælin í gær fóru friðsamlega fram að mestu ólíkt mótmælum undanfarinna daga. Skemmst er að minnst þegar mótmælendur brutust inn í anddyri sendiráðsins á dögnum og brenndu þar fána Evrópusambandsins.

- shá

Magnús Kristinsson:

Kaupir Hertz

VIÐSKIPTI Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, hefur keypt bílaleiguna Hertz af FL Group. Kaupverðið fékkst ekki uppgefið og segir Magnús það vera trúnaðarmál.



MAGNÚS KRISTINSSON

Hertz er önnur tveggja stærstu bílaleigna landsins með tæplega þriðjungs markaðshlutdeild. Magnús keypti Toyotaumboðið nýlega. Hann segist ekki gera sér grein fyrir því hvort Toyota sé stærsti samstarfsaðili bílaleigunnar. „Ég er ekki farinn að skoða gögnin en mig grunar það,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. Hann taldi frekar ólíklegt að breytingar yrðu á rekstri Hertz og að flestir lykilstjórnendur héldu áfram hjá fyrirtækinu. „Ég er ennþá að ná áttum en mér sýnist þetta við fyrstu sýn,“ sagði Magnús og bætti við að hann væri ekki orðinn bilakóngur á Íslandi. „Ég er hins vegar mikill bíladelúkarl.“

- fgg

oddny.is

ODDNÝJU Í 4. SÆTI
Allir geta kosið unga konu til áhrifa í Reykjavík

VEÐURSPÁ
um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VINDASAMUR DAGUR
Það verður víða vindasamt í dag. Sýnu hvassast verður á Vestfjörðum og norðvestan til ef fer sem horfir, en einnig verður nokkuð hvasst með landinu sunnan- og vestanverðu og þar lægir ekki að neinu gagni fyrr en á morgun, en áfram verður þó nokkuð hvasst vestur á fjörðum.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Suðaustlæg eða austlæg átt. Rigning og síðar skúrir, Hiti 4-7 stíg.

» á morgun

Yfirleitt 5-10 m/s.

» Þriðjudagur

Víðast 5-10 m/s

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 2°C hálfskýjað | Paris | 7°C hálfskýjað | Alicante | 16°C léttskýjað |
| Oslo | -3°C hálfskýjað | Berlín | 1°C hálfskýjað | Milano | 8°C heiðskirt |
| Stokkhólmur | 2°C léttskýjað | Frankfurt | 4°C hálfskýjað | New York | 3°C snjóél |
| Helsinki | -4°C léttskýjað | Madrid | 14°C heiðskirt | San Francisco | 21°C léttskýjað |
| London | 9°C léttskýjað | Barcelona | 11°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 11°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Verra veður, betri þjónusta.

Nú er veturinn svo sannarlega skollinn á og þjónustan okkar enn mikilvægari. Nú er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við þjódum allar réttu vörurnar til að halda bílnum í góðu ástandi í vetur og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!

TILBOÐ


20%
AFLÁTTUR

Rain-X 200 ml.



20%
AFLÁTTUR

Champion þurrkublóð



20%
AFLÁTTUR

Rúðuhreinsir í lausu



olis

– öryggi í umferð!



KJÖRKASSINN

Á að gera jarðgöng til Vestmannaeyja?

| | |
|-----|-------|
| JÁ | 15,6% |
| NEI | 84,4% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu sammála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að fella úr gildi hámarksökutaxta hjá leigubílum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Hugmyndirnar um að flytja hestamannafélagið Gust á Kjóavelli:

Ævintýri fyrir hestamenn

SKIPULAGSMÁL „Ef af þessari uppbyggingu á umræddu svæði verður, þá er það ævintýri fyrir hestamenn,“ segir Bjarnleifur Bjarnleifsson, formaður hestamannafélagsins Gusts um hugmyndir þær að framtíðarsvæði undir hesthúsabyggð félagsins sem kynntar voru á fundi í fyrrakvöld.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, kynnti þessar hugmyndir, sem orðið hafa til í samvinnu hans og viðræðunefndar Gusts. Samkvæmt þeim mun Gustur flytjast á Kjóavelli á næstu 2-3 árum. Ef þetta gengur eftir munu Gustur og Andvari

verða á sameiginlegu svæði.

„Félagsmenn Gusts líta á þetta sem jákvæðan möguleika og voru ánægðir að sjá að verið væri að vinna á þessu forsendum,“ segir Bjarnleifur. „Þetta er ekki alveg í hendi ennþá heldur um hráar tillögur að ræða. Það eru nokkur mál sem þarf að leysa áður en þetta getur orðið að veruleika en það standa vonir til að þau verði leyst.“

-jss

FÉLAGSFUNDUR Hvert sæti var skipað á félagsfundinum þar sem hugmyndir um framtíðarbyggingu Gusts voru kynntar.



Eiturlyf finnast á Ísafirði:

Tveir teknir með hass

LÖGREGLA Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir á Ísafirði í fyrrinótt. Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Ísafirði eru þeir grunaðir um fíkniefnamisferli.

Mennirnir höfðu komið akandi til Ísafjarðar frá Reykjavík. Við leit lögreglu í bíl þeirra fannst mikið magn fíkniefna, tæp 140 grömm af hassi og 30 grömm af amfetamíni. Einnig fundustu tæki til neyslu. Af magni fíkniefnanna að dæma má ætla að þau hafi verið ætluð til dreifingar.

Mönnum sleppt í gærkvöldi eftir yfirheyrslur og telst málið að fullu upplýst.

shá



MOKVEIÐI Skip hafa verið að koma drekk-hlaðin í land eftir loðnuveiðar við strönd

Loðnuveiði gengur vel:

Mokveiði hjá öllum bátum

SIÁVARÚTVEGUR Mikil og góð loðnuveiði hefur verið vestan við Ingólfsstöðva undanfarna sólarhringa. Að sögn Guðjóns Jóhannssonar, skipstjóra á Hákonni EA, hefur verið mokveiði hjá öllum bátum. Þegar náðist í Guðjón um síðdegisbilið í gær var skipið staðsett rétt utan við Skeiðarásand en hann segir loðnuna vera að stefna enn vestar. Um tíu bátar eru við veiðar á þessum slóðum.

Skipstjórar og aðrir útgerðarmenn virðast vera almennt sammála um að kvótinn eigi að vera mun meiri. „Það er margfalt meiri loðna hérna núna en var í fyrra,“ sagði Guðjón að lokum. - sha

NÁTTÚRA

Skjálftahrina við Grímsey

Jarðskjálftahrina mældist við Grímsey í fyrrinótt og að sögn Halldórs Geirssonar, hjá Veðurstofu Íslands, mældist einn skjálftinn 3,7 á Richterskvarða Honum fylgdu minni eftirskjálftar. Fylgst er grannt með framvindu mála.

Eins og sprengja hafi fallið

Veðurofsinn lyfti húsi af grunni sínum og brakið dreifðist yfir stórt svæði og er sem yfir vígvöll yfir að líta. Bílar og að minnsta kosti þrjú íbúðarhús skemmdust. Mikil mildi þykir að enginn skuli hafa slasast.

ÓVEÐUR Veðurofsinn á Flateyri í fyrrakvöld var slíkur að hann reif bæði vegg og þak trésmíðaverkstæðis í loft upp og þeytti brakinu yfir tveggja hæða hús áður en það hafnaði á íbúðarhúsum og bílum sem við þau stóðu, þar á meðal nýlegri jeppabifreið af Explorer gerð sem er ónýt eftir. Eigandi jeppabifreiðarinnar, Guðjón Guðmundsson húsasmíðameistari á Flateyri, segir að greinilegt sé að jeppinn hafi tekist á loft þegar hviðan skall á, því að hann hafi færst sem nemur bílbreidd án þess að vera á dekkjunum. Brakið úr verkstæðinu dreifðist út um alla eyrina og lenti að minnsta kosti á þremur öðrum íbúðarhúsum og skemmdi þau. Guðjón segir að furðu sæti að brakið úr húsinu braut engar rúður í nærliggjandi húsum og að skemmdirnar væru



JEPPABIFREIÐIN Eins og sjá má verður þessari jeppabifreið ekki ekið aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÓ



HREINSUNARSTARF Á FLATEYRI Gífurlegt hreinsunarstarf beið björgunarsveitanna og heimafólks eftir veðrið á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÓ

því minni er búast hefði mátt við, það sýni stórir timburbjálkar sem liggja eins og hráviði upp við íbúðarhús og þar á meðal undir gluggum þeirra.

Flateyringar þekkja vel hvað svokölluð Grundarendaveður, eins og þeir kalla þessa hveli, geta verið skæð því árið 1991 fuku þök af mörgum húsum við sömu aðstæður og nú. Þá kemur hviðan niður fjöllinn gegnt þorpinu, yfir fjörðinn og yfir alla eyrina með þeim eyðileggingarmætti sem

raun ber vitni.

Til allrar mildi var enginn á ferli þegar veðurofsinn sprengdi húsið í sundur því ljóst er að ekki hefði þurft um að binda ef einhver hefði staðið þar fyrir. Sést það best á því að viðmælendur Bæjarins besta sögðu blaðamanni þar vestra að þeir hefðu aldrei orðið vitni að öðrum eins veðurham.

Björgunarsveitir af svæðinu og heimafólk vinnur nú að hreinsun um allt þorpið og nágrenni þess. Ljóst er að mikið verk er fyrir

höndum því einn viðmælandi Fréttablaðsins sagði að ástandið á Flateyri væri eins og „af svæðum sem maður sér oft í fréttamyndum þar sem sprengjur eru notaðar.“

Ætla má að tjón Flateyringa nemi tugum milljóna króna þegar allt er tekið með í reikninginn. Þó verður það ekki ljóst fyrr en síðar þar sem heimafólk og starfsmenn tryggingarfélaganna vinna nú að því að meta skemmdirnar sem orðið hafa.

svavar@frettabladid.is

ELDRI BORGARAR 60+

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanám-skeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hægt yfirferð með reglulegum endurtekingum í umsjá þolinmóðra kennara. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 20. febrúar. Kennst er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 20. febrúar. Kennst er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



KÁTT Á HJALLA Sjálfstæðismenn á Ísafirði fylgdust spennitri með talningu atkvæða í prófkjöri í gærkvöldi.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði:

Halldór hélt velli

PRÓFKJÖR Halldór Halldórsson bæjarstjóri bar sigur úr býtum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í bænum sem haldið var í gær.

Fékk hann góða kosningu í fyrsta sæti en þrjár sóttust eftir að leiða lista flokksins í kosningunum í vor. „Ég er mjög ánægður með þennan afgerandi stuðning,“ sagði Halldór í gærkvöldi. Hann gerði sér vonir um sigur og þær vonir gengu eftir. Halldór telur

að niðurstöður prófkjörsins gefi Sjálfstæðisflokknum góðan byr í seglin fyrir kosningarnar í vor. „Við munum stilla upp sigurstranglegum lista,“ segir bæjarstjórnirinn sem sýtir reyndar að Ragnheiður Hákonardóttir, sem hann telur góðan bæjarfulltrúa, hafi hafnað í sjötta sæti.

584 tóku þátt í prófkjöri en 734 voru á kjörskrá. Er þátttakan því um 80 prósent.

- shá

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í ÍSAFIRÐI

| | | |
|---------|---------------------------|--------------------------|
| 1. sæti | Halldór Halldórsson | 364 atkvæði í 1. sæti |
| 2. sæti | Birna Lárusdóttir | 315 atkvæði í 1.-2. sæti |
| 3. sæti | Gísli Halldór Halldórsson | 147 atkvæði í 1.-3. sæti |
| 4. sæti | Ingi Þór Ágústsson | 253 atkvæði í 1.-4. sæti |
| 5. sæti | Niels Björnsson | 283 atkvæði í 1.-5. sæti |
| 6. sæti | Ragnheiður Hákonardóttir | 307 atkvæði í 1.-6. sæti |



Veidimálastjórn Alaska:

Heimkynni ísbjarna í hættu

ALASKA, AP Veidimálastjórn Alaska kannar nú hvort lýsa skuli ísbirni í útrýmingarhættu, því heimkynni þeirra fara síminkandi vegna gróðurhúsaáhrifanna.

Vísindamenn leita nú upplýsinga um heimkynni, fæðu og hætti bjarnanna, og áhrifin sem síminkandi íshella Grænlandsjökuls hefur á þá og brád þeirra, sem og um ólöglegar veiðar og þá hættu sem aukin uppbygging við norðurskaufið hefur í för með sér.

Gert er ráð fyrir að þessari upplýsingaöflun verði lokið í byrjun apríl.

- smk



ÍSBIRNIR Verið er að rannsaka hvort ísbirni séu í útrýmingarhættu vegna gróðurhúsaáhrifanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

RAVMÖGNUM SÝNING!

Nýr RAV4 frumsýndur á laugardag og sunnudag



ISLENSKA AUGEIÐSINGASTOFAN/SA.IS TOY 11243 02/2004

RAV4 - alveg nýr heimur

Nýr RAV4 er kominn til landsins. Hann er ekki aðeins í breyttri útgáfu. Hann er alveg nýr heimur. Bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og hlaðinn tækni-nýjungum á borð við „Integrated Active Drive System“ sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Komdu á frumsýningu á nýjum RAV4 á Nýbýlavegi um helgina kl. 12 - 16 á laugardag og kl. 13 - 16 á sunnudag og hjá umboðsmönnum Toyota í Reykjanesbæ, á Selfossi og á Akureyri. Léttar veitingar í boði.

Komdu og upplifðu nýjan RAV4 - alveg nýjan heim.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær
Kynntu þér málið núna, á ba.com



BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfangjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006. Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com

NISSAN
PATROL



NISSAN
SKIPT_ um væntingar

ENDIST ENDALAUST

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

| Tegund | | Verð |
|------------------------|--------------|---------------|
| Patrol Luxury | Beinskiptur | 3.990.000 kr. |
| Patrol Luxury | Sjálfskiptur | 4.090.000 kr. |
| Patrol Elegance | Beinskiptur | 4.390.000 kr. |
| Patrol Elegance | Sjálfskiptur | 4.490.000 kr. |

250.000 kr. kaupauki

33" dekk, toppbogar og dráttarbeisli

Veidkortíð 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum



Bill á mynd er 35" breyttur

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

Launahækkanir taka gildi hjá Akureyrarbæ:

Laun tólf hundruð starfsmanna hækka

KJARAMÁL Á áttunda hundruð starfsmanna Akureyrarbæjar fengu greidda allt að 12 til 13 prósentu launahækkun um síðustu mánaðamót en hækkunin gildir frá 1. janúar. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir að Akureyrarbær sé fyrsta sveitarfélagið sem greiðir starfsmönnum launahækkun sem byggir á heimild launanevndar sveitarfélaga um



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Launahækkanirnar eru mismiklar eftir starfsstéttum en lægstu launin hækka mest. Kostnaður bæjarins í tengslum við launabreytingarnar er áætlaður um 200 milljónir króna.

tímabundnar launaviðbætur við gildandi samninga.

Alls taka launabreytingarnar til um 1.200 starfsmanna bæjarins en þeir sem ekki fengu hækkunina greidda um síðustu mánaðamót eiga von á henni um miðjan mánuðinn þegar þeir fá greidd hefðbundin laun.

Launabreytingarnar eru mismiklar eftir starfsstéttum en lægstu launin hækka mest. Kostnaður bæjarins í tengslum við launabreytingarnar er áætlaður um 200 milljónir króna.

-kk



GUÐRÚN BJÖRK SIGURÐARÐÓTTIR TEKUR VIÐ VERÐLAUNUM Guðrún er hér ásamt Birni Bjarnasyni, dóms- og kirkjumálaráðherra, og Mareyju Þóru Guðmundsdóttur, Írenu Líf Hafsteinsdóttur og Þóru Björgu Ingvarsdóttur, sem Guðrún bjargaði. FRÉTTABLAÐIÐ

Guðrún Björk Sigurðardóttir skyndihjálparmaður ársins:

Bjargaði dreng og stúlku frá drukknun

SKYNDIHJÁLP Guðrún Björk Sigurðardóttir, skjalavörður á Læknastræti í Mjódd, var í gær útnefnd skyndihjálparmaður Rauða krossins árið 2005.

Guðrún bjargaði þriggja ára dreng og stúlku frá drukknun þegar þau lentu í sjónum skammt frá Grundarfirði á Snæfellsnesi. Guðrún hafði tvisvar sinnum farið á skyndihjálparnámskeið og telur hún það hafa skipt sköpum. „Við vorum á gangi í fjörunni og ég leit út á sjóinn og sá höndina á stráknum og gerði mér grein fyrir því að mikil hætta var á ferðum.“

Guðrún fann strax fyrir mikilli ónotatilfinningu þegar hún gerði sér grein fyrir að því krakkarnir tveir væru augljóslega í lífshættu.

„Ég óð út í og tíu ára gömul dóttir mín kom á eftir mér og tók strákinn, sem var með meðvitund, í fangið og óð með hann í land. Ég náði svo í stúlku og gerði mér strax grein fyrir því að hún andaði ekki. Ég byrjaði því að blása eftir þeim aðferðum sem ég hafði lært á námskeiðunum. Til allrar hamingju byrjaði hún að anda aftur.“

Lögregla og björgunarlið kom síðan fljótt á staðinn og flutti krakkana tvo á sjúkrahús. Guðrún er sannfærð um að skyndihjálparnámskeiðin hafi bjargað mannlífi í þessu tilfelli. „Það skiptir miklu máli að geta beitt réttum aðferðum þegar að þessu kemur og ég hvet alla til þess að sækja skyndihjálparnámskeið.“ -mh

Allt til flutninga

Kerrur



www.evro.is

ELLINGSEN **EVRO**

Grandagarði 2, sími 580 8500

Samstarf allra samtaka í HÍ:

Breiðfylking áfram við völd

STÚDENTAPÓLÍTIK Forsvarsmenn Háskólistans hafa hug á því að halda áframhaldandi breiðfylkingu í Stúdenta- og háskólaráði Háskóla Íslands. Háskólistinn er áfram í oddastöðu eftir kosningarnar sem fram fóru í vikunni, en Vaka og Röskva fengu fjóra fulltrúa kjörna og Háskólistinn einn. Aðeins fjórum atkvæðum munaði að Vaka næði hreinum meirihluta.

Í tilkynningu frá Háskólistanum segir að stefnt sé að áframhaldandi breiðfylkingu. „Stúdentaráðsliðar Háskólistans hafa engan áhuga á því að útiloka annaðhvort hvort Vöku eða Rösku frá virku starfi í stúdentaráði með því að mynda meirihluta með annarri hvorri fylkingunni. Háskólistinn vill virkja alla fulltrúa stúdenta með því að mynda meirihluta með báðum fylkingunum,“ segir í tilkynningunni. -mh

MERKILEGT HVAÐ MARGIR HEITA MAGNÚS

Nú endurgreiðum við um 260 milljónir til 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn!

SJÓVÁ  **STOFN**



**SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON**

Reynsla af sjóðum ríkisins er slæm.

Sjóðir eru sjaldnast lausn

Á nýliðnu Viðskiptaþingi ræddi Halldór Ásgrímsson um mikilvægi nýsköpunar og heitstrengingar um að ríkið legði sitt af mörkum til sjóðs til að efla nýsköpun í landinu. Menn eru almennt sammála um að mikilvægt sé að reynt sé að hlúa að efnilegum nýgræðingum í atvinnulífinu. Það er hins vegar ekki einhlítt hver sé besta leiðin til þess. Opinberir sjóðir hafa ekki reynst vel í þeim efnum. Til að allrar sanngirni sé gætt, þá er sú leið sem ríkið hyggst fara nú skynsamlegri en margar aðrar, þar sem ætlunin er að fjárfestar leggi fé í sjóðinn á móti ríkinu. Slíkt eykur líkurnar á því að fjármuninum verði skynsamlega varið.

Mikilvægast af öllu er þó að almenn skilyrði séu góð og innviðir samfélagsins skilvirkir og traustir. Þannig væri nýr ljósleiðari milli Íslands og Evrópu eitthvað sem myndi skila miklu og opna fjölda viðskiptatækifæra. Efling frumrannsóka og menntunar er einnig líkleg til að færa af sér nýjar viðskiptahugmyndir. Allt eru þetta almennar aðgerðir sem líklegar eru til þess að efla hag og möguleika einstaklinga og fyrirtækja. Traust og ábyrg efnahagsstjórn, skynsamlegt regluverk og samkeppnishæft skattaumhverfi eru aðrir þættir sem eru líklegir til þess að skapa frjóan jarðveg í efnahagslífinu. Þættir sem fara ekki í manngreinaralít og opna þeim tækifæri sem kunna og hafa kjark til að takast á við ógrandi verkefni.

Reynslan af þátttöku ríkisins í atvinnulífinu er ekki góð. Ríkið er svifaseint og tregdulögmálin fljót að taka völdin. Gott dæmi um slíkt er sú staða sem Íbúðalánasjóður er lentur í. Innkoma bankanna á íbúðalánamarkaðinn hefði átt að kalla á skjót viðbrögð stjórnvalda um að vinda ofan af sjóðnum. Venjulegt launafólk þarf ekki á ríkisábyrgð að halda til að koma sér þaki yfir höfuðið. Í flestum nágrannalöndum okkar hefur fólk tekist ljómandi vel að koma sómasamlega þaki yfir höfuðið, án atbeina ríkisins. Þeir hópar sem ekki hafa getað slíkt hafa þá notið öruggs leiguhúsnæðis. Íbúðalánasjóður getur ekki starfað með þeim hætti sem nú er. Því fyrr sem tekið er á þeirri staðreynd því betra. Raunar má segja að með seinangangi hafi verið búið til ástand þar sem íbúðalán í bönkum eru baggi á þeim og mun ekki skila þeim neinni afkomu um áratuga skeið. Lán sem í bankakerfum þróaðra landa mynda grunn að stöðugleika í starfsemi bankanna. Íbúðalán eru öruggustu lán bankakerfisins. Afskriftir af þeim eru litlar, enda tekst sem betur fer flestum að standa í skilum við greiðslu á eigin húsnæði.

Með seinangangi hefur ríkinu tekist að veikja eina af stöðum bankakerfisins sem stendur sem betur fer afar vel um þessar mundir. Ríkt þjóðfélag eins og okkar hefur vel efni á að tryggja öllum íbúum þak yfir höfuðið. Þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki aðgang að lánsfé á frjálsum markaði þurfa líka að búa einhvers staðar. Þar hefur ríkið hlutverk. Við hin þurfum ekki á ríkinu að halda í þessum efnum og engin ástæða til þess að ríkið reki fjármálastofnun í harðri samkeppni við banka og sparisjóði. Einkavæðing bankanna og sá kraftur sem henni fylgdi ætti að hafa kennt okkur það að peningar vinna hraðar og betur í höndum annarra en ríkisins.



Klantar og Kóngsdætur

Sýning í dag kl. 14:00
Aðeins þrjár sýningar eftir!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stuðningur?

Andrés Jónsson er einn þátttakenda í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík sem lýkur í dag. Andrés ritaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að borgarstjórnin í Reykjavík skuli kosinn beinni kosningu. Virðast áhyggjur af því að Björn Ingi Hrafnsson verði næsti borgarstjóri helst ráða för um afstöðu Andrésar. Hvort Morgunblaðið deili þeim áhyggjum með Andrési er ekki vitað en blaðið sér allavega ástæðu til að tvíbirta greinina.

Fjölmiðlarnir græða
Mörgum blöskrar fjárausturinn í prófkjö-



FL, Ícelandair og Flugleiðir
FL Group ætlar að skrá Ícelandair Group í Kauphöllina og

unum sem háð eru um þessar mundir og hafa sumir haft á orði að sjálfu lýðræðinu sé hættu búin þegar framþjóðendur kynna sig með jafn ærnum tilkostnaði og raun ber vitni. Þeir sem þyngstar hafa áhyggjum hafa kallað eftir ströngum reglum og jafnvel lögum til að sporna við þróuninni. Ekki er það þó þannig að öllum þyki auglýsingamennskan slæm, í það minnsta njóta fjölmiðlar góðs af öllu saman því birting auglýsinga kostar jú sitt.

geta áhugasamir keypt sér hlutabréf í félaginu í framhaldinu af því. Fyrir er FL Group í kauphöllinni. FL Group hét einu sinni Flugleiðir og var flugfélag en breyttist síðar í alhlíða fyrirtæki í ferðaþjónustu og hlaut nafnið Icelandair. Enn síðar breyttist fyrirtækið í fjárfestingafyrirtæki og heitir upp frá því FL Group. Um það er skrafað í bakherbergjum viðskiptalífsins að ekki líði langur tími á milli þess að Ícelandair Group verði skráð á markað og FL Group verði afskráð þaðan.



bjorn@frettabladid.is

Múslimar Evrópu einangraðir

Deilan um skopteikningarnar af Múhameð sem birtust í Jótlands-póstinum er túlkuð í fjölmiðlum sem menningarlegur árekstur á milli frjálslyndra Vesturlanda og múslimaheimsins sem afneitar hugmyndinni um tjáningarfrelsi. Til að halda fram þessari tilgátu fram þarf einkum tvennt að koma til: fáfræði og hræsni.

Tjáningarfrelsinu eru takmörk sett á öllum Vesturlöndum og skapast það af tvennu: lögnum og ákveðnu félagslegu samkomulagi. Lögin reyna að bæla niður gyðingahatur sem og aðra fordóma gegn trúarhópum: kaþólska kirkjan í Frakklandi náði því til dæmis fram árið 2005 að hætt var að nota auglýsingu, þar sem notast var við mynd af síðustu kvöldmáltíðinni sem sýndi lærisveinana sem fáklæddar konur. Þetta eru sams konar andmæli og samtök múslima hafa sett fram uppá síðkastið. Voru einhver dagblöð sem birtu auglýsingu með síðustu kvöldmáltíðinni til varnar tjáningarfrelsinu er kaþólska kirkjan í Frakklandi hafði látið taka hana úr umferð?

Hvað má og hvað má ekki?

Það er áhugavert að velja því fyrir sér hverju almenningi þykir við hæfi að sýna umburðarlyndi: ekkert vandað dagblað myndi birta viðtal við hinn umdeilda franska grínista Dieudonné í dag jafnvel þó að ekki sé enn búið að dæma hann fyrir Gyðingahatur. Ekkert stóru dagblaðanna myndi birta skopteikningar þar sem gert er grín af blindum, dvergum, samkynhneigðum eða sígaunum, og væri orsökinn fyrir því frekar hræðsla við að almenningi þætti það ósmekklegt en vegna mögulegrar málshöfðunar. En þegar íslam á í hlut sætta dagblöðin sig við að einhverjum kunni að þykja umfjöllunin ósmekklegt því í almenningsálitinu er meira um fordóma gegn íslam.

Mótmæli múslima í Evrópu, ef frá eru taldir nokkrir öfgasinnar sem hafa enga stjórn á sjálfum sér, eru í raun hófsöm og byggja á lögmálinu um tjáningarfrelsi. En á almennari hátt þá eru þau án efa líka hluti af einni mikilvægustu umræðu sem nú fer fram á Vesturlöndum: Á hvaða hvaða hátt skulu lögin verja það sem flokkast sem „hið heilaga“, hvort sem átt er við guðlast, að afneita öðrum trúarbrögðum eða virðingu fyrir öðrum mönnum? Það er ekki skrítið að íhaldssamir fylgjendur trúarbragða, hvort sem þeir eru kristnir, gyðingar eða múslimar séu í auknum mæli farnir að sameinu um að vilja setja einhver takmörk á frelsi manna, hvort sem umræðan snýst um fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra, lífsiðfræði eða guðlast. Það er ekki skrítið að franska kirkjuráðið, rabbínar og kirkjuráð mót-mælenda hafi lýst yfir skilningi á

Í DAG
SKOPTEIKNING-
ARNAR AF MÚH-
AMEÐ SPÁMANNI



OLIVIER ROY

Ekkert stóru dagblaðanna myndi birta skopteikningar þar sem gert er grín af blindum, dvergum, samkynhneigðum eða sígaunum, og væri orsökinn fyrir því frekar hræðsla við að almenningi þætti það ósmekklegt en vegna mögulegrar málshöfðunar.

reiði múslima. Þessi umræða um gildi snýst ekki um árekstur Vesturlanda og Íslam, heldur er þetta umræða um árekstur ólíkra gilda innan hins vestræna heims. En hvaðan kemur þá það ofbeldi sem við höfum orðið vitni að vegna birtingar skopteikninganna?

Afskipti Evrópu ástæða ofbeldisins

Ef litið er á þau lönd þar sem óeirðirnar hafa verið mestar þá sjáum við þetta eru lönd sem hafa sitjandi ríkisstjórnir, og þar eru öfgasinnuð pólitískt öfl, sem telja að ríkisstjórnir Evrópu og Evrópubúar hafi gert á sinn hlut. Ofbeldið hefur verið skipulagt af ríkisstjórnunum og pólitískum samtökum sem eru mótfallin afskiptum landa Evrópu af ákveðnum deilumálum í Miðausturlöndum. Við erum að borga fyrir aukin diplomátísk afskipti í Miðausturlöndum. Á ríkisstjórn Sýrlands gefi sig út fyrir að standa vörð um íslam væri hlægilegt ef afleiðingarnar af stefnu hennar væru ekki eins sorglegar og þær eru. Ríkisstjórn sem hefur drepit tugþúsundir meðlima Bræðalags Múslima (The Muslim Brotherhood), er núna í framvarðsveit þeirra sem verja Múhameð. Hér er um ræða pólitískt kænskubragð til að komast aftur til valda í Líbanon og að fylkja líði með öllum þeim sem þykir sér ógnað eða sýnt fálæti af löndum Evrópu. Ástandið sýnir líka að pólitík landa Evrópu hefur þróast töluvert. Þegar Bandaríkin réðust inn í Írak var það álitid lofsvert að vera mótfallinn bandalagi Bandaríkjanna og Bretlands. Hin „gamla Evrópa“ landanna á meginlandi Evrópu hafði andúð á innrás Bandaríkjanna í Írak, var fylgjandi Palestínumönnum og tók sjálfræði ríkja heimsins stundum fram yfir útbreiðslu lýðræðishugmyndarinnar.

Evrópa er langt frá því að vera hlutlaus því á síðastliðnum þremur árum hafa lönd Evrópu tekið upp aðra stefnu í Miðausturlöndum

sem einkennist af aukinni íhlutun. Á sama tíma hafa samskipti Evrópu og Bandaríkjanna breyst til hins betra. Ólíkt því sem gerðist fyrir þremur árum þá vilja ráðamenn í Washington nú aukin afskipti landa Evrópu, sérstaklega núna þegar sá möguleiki er fyrir hendi að Bandaríkin kalli herlið sitt heim frá Írak. Þessi auknu afskipti valda því ofbeldi sem einkennilegt bandalag ríkisstjórna og samtaka stendur fyrir gegn löndum Evrópu. Segja má að þetta bandalag hafi einangrað múslima Evrópu enn frekar.

Ofbeldið ákveðið af ríkisstjórnunum

Atlagan gegn danska ríkinu var ákveðin að frumkvæði sendiherra arabalandanna í Danmörku. Ríkisstjórnir arabalandanna hafa alltaf lagt sig fram um líta á þá araba sem flutt hafa til Evrópu sem eina heild sem hægt er að kalla saman til aðgerða. Í stuttu máli, bæði einstök ríki og einstök samtök múslima gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að múslimar Evrópu finni fyrir tengslum sínum við Miðausturlönd. Þetta er atriði sem hættir ekki að vera rökrétt.

En sérhvern dag versna skoðanir meirihluta múslima Evrópu á þessum skipulögðu mótmælum: það er áhugavert að verða vitni að því að í raun þá hafa stærstu samtök þeirra ákveðið að halda sig í nokkurri fjarlægð við deilurnar um skopteikningarnar. (Það nægir að líta á heimasíðu UQIF (Bandalag íslamskra samtaka í Frakklandi) eða á síðuna ousma.com). Það er í þessu sambandsleysi á milli múslima Evrópu og ástandinu í Miðausturlöndum sem finna þarf lausn á því hvernig beri að taka á þessari óumflýjanlegu spennu og eins þarf að koma fram við þá múslima sem búa í löndum Evrópu sem ríkisborgara, líkt og gert er við kristna menn og gyðinga, jafnvel þó að stundum þurfi að minna múslima á að lögmálin um tjáningarfrelsi og frjálsa aðild að trúfélögum eru ríkjandi á Vesturlöndum.

En það vantar líka upp á að almenningur í Evrópu átti sig á hinum miklu afskiptum sem lönd Evrópu eru byrjuð að hafa af mál-efnum Miðausturlanda, allt frá Palestínu til Afganistan því í þessari þátttöku felst aukin áhætta fyrir ríkiserindreka landanna, og starfsmanna samtaka sem ekki heyrta undir ríkisvald (NGO) er munu starfa í Miðausturlöndum, sem og fyrir þegna landanna. Við getum verið sammála um að aukin þátttaka landa Evrópu í Afganistan og í Líbanon er af hinu góðu, en menn þurfa á sama tíma að átta sig á afleiðingum þessara auknu afskipta.

Höfundur er stjórnmalafraeðingur. Greinin birtist áður í lengri útgáfu í spænska dagblaðinu El Pais.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Haflíðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVAINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum versunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



KIA ENDURSÝNING

Bílasýning um helgina – Laugavegi 172
Opíð laugardag og sunnudag frá kl. 12–16

KIA-sýningin um síðustu helgi tókst frábærlega.
Við þökkum viðtökurnar og endurtökum leikinn
svo fleiri geti kynnst þessum frábæru bílum.

KIA Sorento

KIA Sorento er frábær jeppi, byggður á grind með aflmikilli 2,5 lítra, 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu.

HM-Pakki. Öllum Sorento fylgir aukahlutapakki að upphæð 200.000 kr. Vetrardekk á 16" álfelgum, sumardekkinn á álfelgum klár í skottinu. Gildir meðan birgðir endast.

Enn betra verð
2.985.000 kr.
fyrir fullbúinn alvörujeppa



KIA Sportage

KIA Sportage fæst nú með nýrri og byltingarkenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

Og verðið er frábært
aðeins **2.490.000 kr.**

KIA Picanto – verð 1.088.000 kr.



KIA Picanto, lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

KIA Rio – verð 1.498.000 kr.



KIA Rio, glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

HM-leikur KIA

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.

KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

IMMANUEL KANT (1724-1804)
LÉST PENNAN DAG.

„Það er ekki aðeins vilji guðs að við séum hamingjusöm, heldur að við gerum okkur sjálf hamingjusöm.“

Immanuel Kant var þýskur heimspækingur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 12. FEBRÚAR 1999

Clinton fundinn saklaus

Á þessum degi árið 1999, eftir fimm vikna lögsókn, ákvað öldungabing Bandaríkjanna að sýkna Bill Clinton Bandaríkjaforseta af ákærum um meinsæri og því að hafa hindrað réttlætið.

Í nóvember árið 1995 hóf Clinton framhjáald með Monicu Lewinsky, 21 árs lærlingi í Hvíta húsinu. Samband þeirra varði í eitt og hálf ár en í apríl árið 1996 var Lewinsky flutt yfir í Pentagon. Það sumar trúði hún samstarfskonu sinni, Lindu Tripp, fyrir því sem gerst hafði. Sú brást við með því að taka upp öll samtöl þeirra vinkvenna.

Á svipuðum tíma ákærði Paula



BILL CLINTON

Jones forsetann fyrir kynferðislega áreitni. Lögfræðingar hennar reyndu að fá Lewinsky til liðs við

sig en hún neitaði því að hafa átt í sambandi við forsetann. Þá gaf Linda Tripp sig fram við Kenneth Starr, sem sá um rannsókn málsins, til að ræða upptökurnar sem hún hafði í fórum sínum. Lewinsky var yfirheyrð og lofað friðhelgi ef hún játaði, sem hún gerði.

Clinton neitaði staðfastlega öllum ásökunum þar til vitnisburður Lewinsky var gerður opinber. Þá játaði hann brot sitt.

Að fimm viknum liðnum tók öldungabingjóð ákvörðun um hvort víkja ætti forsetanum úr embætti. Mikill meirihluti var þó á móti því og Clinton var sýknaður af öllum sökum.

MERKISATBURÐIR

- 1912 Síðasti keisari Kína afsalar sér völdum.
- 1918 Útgáfa Dags á Akureyri hefst.
- 1924 Verk tónskáldsins George Gershwin, Rhapsody in blue, er frumflutt í New York.
- 1940 Staðfest eru lög um friðun Eldeyjara undan Reykjanesi.
- 1986 Mannréttindasinnanum Anatoly Scharansky er sleppt úr haldi í Sovétríkjunum eftir átta ára fangelsisvist.
- 1989 Rafmagn fer af öllu landinu. Sums staðar kemst straumur ekki á fyrr en eftir tvo sólarhringa.
- 1994 Málverkinu Ópinu eftir Edvard Munch er stolið af listasafni í Osló.

AFMÆLI



Baldvin Tryggvason
fyrirverandi sparisjóðs-
stjóri er áttáæður



María Guðmundsdóttir
ljósmyndari er
64 ára



Mjöll Snæsdóttir
fornleiffræðingur er
56 ára



Védís Jónsdóttir
tiskuhönnuður er
41 árs



Franz Gunnarsson
tónlistarmaður er
31 árs

FÆDDUST PENNAN DAG



1567 Thomas Campion
tónskáld



1809 Charles Darwin
náttúrufræðingur



1809 Abraham Lincoln
Bandaríkjaforseti



NÝTT UPPHAF Á LANGRI SÖGU Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA telur að gamla merki félagsins muni ekki falla í gleymisku. Ætlunin er að koma upp einskonar minjasafni um langa sögu KEA en félagið var stofnað fyrir 120 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Bridgehátíð 2006 hefst í vikunni

Bridgehátíð Bridgesambands Íslands hefst miðvikudaginn 15. febrúar með stjórnutvímennungi á Hótel Loftleidum. Þar taka þátt erlendir boðsgestir auk valinna íslenskra para, landsliðspör og fyrirverandi heimsmeistarar.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra setur tvímennung Bridgehátíðar fimmtudaginn 16. febrúar klukkan 19.00. Sveitakeppni hefst á laugardaginn en mótinu verður slitið sunnudaginn 19. febrúar.

122 pör og 64 sveitir hafa skráð sig til leiks að þessu sinni en aldrei hafa fleiri erlendir keppendur komið á eigin vegum. Fimmtíu til sextíu keppendur koma frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bandaríkjunum og Englandi.



SPÁÐ Í SPILIN Bridgehátíð 2006 hefst í vikunni.

KAUPFÉLAG EYFIRÐINGA: KVEÐUR FORNA ÍMYND

Frá fortíð til framtíðar

Kaupfélag Eyfirðinga tók í gær í notkun nýtt firmamerki og nýja vefsíðu en hvoru tveggja er ætlað að endurspeglar nýjar áherslur í starfi félagsins. KEA er ekki lengur verslunar- og framleiðsluveldi heldur öflugt fjárfestingafélag sem ætlað er að vinna í þágu eigendanna, félagsmanna, að eflingu atvinnulífs og bættum búsetuskilyrðum á starfssvæði félagsins. Starfsmannafjöldi KEA slagar ekki lengur í eitt þúsund, eins og þegar starfsmenn félagsins voru flestir, heldur eru þeir aðeins fjórir. Í lok þessa mánaðar munu félagsmenn í KEA fá í pósti fríðindakort sem veita mun þeim afslætti hjá samstarfsaðilum KEA og í vor mun félagið flytja skrifstofur sínar í eigið húsnæði.

Gamli KEA-tígullinn hefur verið fjarlægður af skrifstofuhúsnæði KEA og gylltur ferningur kominn í hans stað. Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, segir að ekki sé

vitað hver hannaði gamla KEA-merkið en það var áberandi í miðbæ Akureyrar og hluti af bæjarmyndinni í rúm 75 ár. „Við höfum reynt ákaft að grafa upp hver hannaði merkið og erum með tvö nöfn sem koma hugsanlega til greina en vantar staðfestingu.“

Bakgrunnur KEA-tígulsins var grænn þegar hann var tekinn niður en svo hefur ekki alltaf verið. „Tígullinn hefur verið í ýmsum litum í gegnum tíðina, til dæmis blár, svartur og rauður. Við munum tryggja að merkið falli ekki í gleymisku því ætlunin er að koma upp eins konar minjasafni um langa og mikilvæga sögu KEA. Félagið var stofnað fyrir 120 árum og saga þess, fram til 1986, hefur verið skráð og gefin út og á döfinni er að láta skrá sögu KEA frá 1986 til 2002,“ segir Halldór.

Nýja merkið var hannað af Ásprenti Stíl á Akureyri en það er gylltur ferningur á ljósum grunni. „Merkið getur

haft margvíslega skírskotun og líta má á ferninginn sem ramma utan um félagssvæðið og félagsmenn. Gyllti liturinn táknar traust og fjárstyrk,“ segir Halldór.

Ný vefsíða KEA var einnig hönnuð af Ásprenti Stíl en hún er í senn einföld og stílhrein, líkt og merki félagsins.

Í lok febrúar fer fríðindakort KEA í dreifingu til félagsmanna en það mun veita þeim margvíslega afslætti. „Félagsmenn í KEA eru núna um 10.500 og hefur fjölgað um 3.000 frá því í nóvember. Félagsmenn fá KEA-kortið sent í pósti og verður það þeim að kostnaðarlausu,“ segir Halldór.

Skrifstofur KEA eru í húsnæði sem er í eigu Stöða en með vorinu verða skrifstofurnar fluttar. „Við munum væntanlega fara í húsnæði sem stendur að Glerárgötu 36 og er í eigu KEA en þar verður rýmra um starfsmenn félagsins en í því húsnæði sem við nú erum í,“ segir Halldór. **kk@frettabladid.is**

Klassísk messa með gregorslagi

Klassísk messa með gregorslagi verður haldin í Hallgrímskirkju í kvöld klukkan 20.00. Lux Aeterna, áhugahópur um klassíska messu og iðkun gregorssöngs, stendur fyrir slíkum messum með gregorslagi annan sunnudag hvers mánaðar í Hallgrímskirkju og er kynning og æfingar á messunum hálfri klukkustund fyrir messuna sjálfa eða klukkan 19.30. Hópurinn kallar til ýmsa presta en að þessu sinni mun Kristján Valur Ingólfsson sjá um helgiþjónustu.



HALLGRÍMSKIRKJA Gregorssöngur mun hljóma um kirkjuna í kvöld.



VILHJÁLMMUR HÆTTIR Vilhjálmur Egilsson lætur af starfi ráðuneytisstjóra þann 15. mars.

Vilhjálmur hættir

Jón B. Jónasson lögfræðingur og skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu verður skipaður ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins og tekur við starfinu þegar Vilhjálmur Egilsson lætur af því 15. mars næstkomandi. Jón hóf störf í ráðuneytinu árið 1974 og hefur verið skrifstofustjóri í ráðuneytinu í 25 ár og staðgengill ráðuneytisstjóra.



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Jónsdóttir

Dalbraut 27, áður Laugarásvegi 41,

verður jarðsöngin frá Áskirkju mánudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

Gylfi Sigurjónsson
Sif Gylfadóttir
Sigurjón Gylfason
og langömmubörn.

Valgerður Ólafsdóttir
Haraldur Sigurjónsson



VETRARTILBOÐ
LONDON
GLASGOW
KAUPMANNAHÖFN
OSLÓ
STOKKHÓLMUR

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

100 KRÓNUR* FYRIR BÖRN
22.900^{} KR.** FYRIR AÐRA

+ Bókaðu á www.icelandair.is



Nú geta allir krakkar pantað hollan mat á Latabæjar-bakka, fengið Latabæjar-litabók og hlustað á flugrás Latabæjar. Kíkið á www.icelandair.is/latibaer

Sölutímabil: 9. til 17. febrúar.

Ferðatímabil: 15. febrúar til 31. mars (síðasta heimkoma 10. apríl).

Þessi flug gefa 3.000 Vildarpunkta.

* Fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Innifalið: Flug báðar leiðir. Flugvallarskattar bætast við.

** Innifalið: Flug báðar leiðir og flugvallarskattar.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA



VISA ICELANDAIR



Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Pólítískt nef mitt skynjar breytingar

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, er heima í faðmi fjölskyldunnar og jafnar sig eftir bílslys. Hann segir **Jóhanni Haukssyni** frá hugðar-efnum sínum þar sem hann horfir á lengdar á stjórnmalavafstrið.

Maður, sem gefur sjálfum sér gönguför yfir landið í afmælisgjöf, hlýtur að vera maður athafna sem veit að sérhver maður er með ákveðnum hætti afurð þess sem hann tekur sér fyrir hendur.

Slíkur maður er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Í fyrra gekk hann skáhallt yfir landið, frá Reykjanestá út á Langanesfontinn nærri æskulóðunum. Líklega hátt í 600 kílómetra gjöf á fimmtugasta aldursári.

Stjórnmalamaðurinn Steingrímur Jóhann er fimmti þingmaður Norðausturkjördæmisins og sífellt á ferð og flugi milli þess og höfuðstöðva stjórnkerfisins í Reykjavík. Ýmist fljúgandi eða akandi allt að 40 þúsund kílómetra á ári um þjóðvegi landsins.

Hann var á leiðinni einn í jeppa sínum til þings 16. janúar síðastliðinn, búinn að fara hálfá þingmannaleið samtímans, þegar óhappið varð í mynna Svartárdals, í hálfu og fjúki.

„Maður verður undarlega rólegur í kjölfar áfalls, hugsar skýrt og yfirvegað. Ég held að náttúran hafi séð til þess að hafa þetta svona. Þetta passar við kenninguna um úrval náttúrunnar. Bregðast rétt við hættum til að komast af.“

Steingrímur er nú að jafna sig eftir bílslysið heima í faðmi fjölskyldunnar og notar tímann til að sinna hugðarefnum.

Allt af tanningu

„Ég er ágætlega sáttur við að vera áhorfandi í pólitíkinni, meðan ég finn að ég hef ekkert í þetta að gera. Ég veit ekki hvernig það verður þegar heilsan verður betri og starfsorkan orðin næg. Þá verður erfitt að sitja hjá. En það er lífsreynsla að vera áhorfandi og ábyggilega hollt að fylgjast með úr fjarlægð. Það er æfing að temja sér það að vera til friðs og minna sjálfan sig á að maður er ekki ómissandi. Maður kemur í manns stað og lífið heldur áfram þótt maður sé úr leik í nokkrar vikur.“

Ég er ekkert að skipta mér af sem flokksformaður, en ég er til staðar ef félagarnir vilja leita til mín eða bera eitthvað undir mig. Ég er með vaskan varamann á þingi, Hlyn Hallsson. Auk þess er

STEINGRÍMUR JÓHANN SIGFÚSSON

Fæddur: 4. ágúst 1955 í Pistilfirði

Eiginkona: Bergný Marvinsdóttir læknir.

Börn: Sigfús (1984)
Brynjólfur (1988)
Bjartur (1992)
Vala (1998)

Menntun: Stúdent frá MA 1976.
B.Sc. í jarðfræði frá HÍ 1981.
Próf í kennslu og uppeldisfræði frá HÍ 1982.

Þingstjóri: Þingmaður Alþjóðubandalagsins, frá 1983 til 1998.
Óháður þingmaður 1998 til 1999.
Þingmaður Vinstri-grænna 1999 til 2006.
Formaður sjávarútvegsnefndar 1995 til 1998.
Varaformaður Alþjóðubandalagsins 1989-1995.
Formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs frá stofnun, febrúar 1999.

Ráðherraembætti: Samgönguráðherra október 1988 til maí 1991.
Landbúnaðarráðherra október 1988 til maí 1991.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON „Fyrstu viðbrögð Bandaríkjamanna voru að harna myndbirtingu Jótlandspóstins. Þeir sneru við blaðinu og tóku að styðja Dani þegar þeir kveiktu á því að þetta gaf tækifæri til að búa aftur til lista hinna staðföstu þjóða.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ég eigingjarn á tímann. Fylgist með en les og hef samband við fólk sem ég hef vanrækt að hafa samband við. Ég er einnig að dunda mér við að skrifa dálítið sem ég hef lítinn tíma til í atinu. Þannig að ég get vel þegið að vera um sinn húsbóndi yfir þeim tíma sem ég hef meðan ég er að jafna mig. Með einhverri endurhæfingu tekur þetta allmargar vikur enn. Það verður ekki hægt að vera þingmaður fyrir hádegi ef svo má segja. Þá er betra að jafna sig. Enda þarf ég ekki að hafa áhyggjur þegar maður eins og Jón Bjarnason heldur fimm klukkustunda stólparæðu á Alþingi gegn stóriðjuæðinu.“

Árekstrar menningarheima

Talið berst að skopmyndunum af Múhameð spámanni í Jótlandspóstinum og þeim róstrum og ýfingum sem myndirnar framkölluðu og ekki sér enn fyrir endann á. „Maður horfir á þetta í forundran og er felmtri sleginn. Mér finnst þetta sýna í fyrsta lagi hve ískyggilega rafmögnum samskipti múslima og Vesturlandabúa eru orðið.“

Þetta mál sprettur ekki upp úr tómarúmi og er ekki einangrað fyrirbæri. Þetta sýnir hversu alvarlegir árekstrarir eru orðnir í samskiptum þessara menningarheima og Vesturlönd eru síður en svo saklaus í þeim efnum. Ég held að það sé hárrétt að þessir alvarlegu atburðir sem þarna hafa orðið á undanförunum árum, eins og innrásin í Afganistan og Írak og ástandið

í Palestínu, hafa áhrif á sambúð og samskipti eins og þau birtast nú í máli Jótlandspóstins.

Ég er þeirrar skoðunar að tjáningarfrelsið og réttur manna til að segja sinn hug er okkur helgur hér á Vesturlöndum. Það verður við að fá íbúa þessa heimshluta til að skilja. En birting skopmynda af heilögum Múhameð er einhver heimskulegasta aðferð til þess sem hugsast getur. Með þessu erum við ekki að stuðla að uppbyggilegum skoðana-skiptum milli þessara menningarheima til að eyða forðum. Þetta gerir hið gagnstæða. Þetta er ólánlegur og slæmur atburður.“

Hroki Vesturlanda

„Svo sé ég ekki betur en að hlaupin sé í þetta pólitík. Núna sé að myndast fylking með Dönum. Fyrstu viðbrögð Bandaríkjamanna voru að harna myndbirtinguna. Þeir sneru við blaðinu og tóku að styðja Dani þegar þeir kveiktu á því að þetta gaf tækifæri til að búa aftur til lista hinna staðföstu þjóða. Og hvað kom í næstu umferð? Jú, að þetta væri aðallega vondum stjórnvöldum í Íran og Sírylandi að kenna. Þau væru að æsa fólk upp. Er líklegt að til dæmis sírylenskum stjórnvöldum tækist að æsa indónesíska múslima upp? Hafa þau aðstöðu til þess? Mér finnst þetta lýsa því hvernig við missum málin aftur og aftur ofan í hjólför fordóma og pólitíkur þar sem ferill Vesturlanda og hroka-fullrar og árásargjarnrar stefnu Bandaríkjanna er ekki góður.“

„Það stefnir í miklu meira uppgjör en menn hafa almennt áttað sig á vegna þess að mannkynið getur einfaldlega ekki haldið áfram á óbreyttri siglingu.“

Maður reynir að lesa sig til og hafa að leiðarljósi í þessum efnum fólk sem þekkir vel til þessara mála. Ég nefni Jóhönnu Kristjónsdóttur og Magnús Bernharðsson. Þau eru betra leiðarljós en harkarnir í Washington, eða þess vegna Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Dana. Hann studdi innrásina í Írak og fékk hrós fyrir. Það er margt sem spilar inn í þetta og þessir atburðir segja okkur fyrst og fremst hversu mjög við verðum að vanda okkur í samskiptum milli menningar- og trúarhópa. Við þurfum ekki að fara lengra en til Norður-Írlands til þess að sjá hvílíkar hörmungar urðu vegna skilningsleysis milli mótmælenda og kaþólikka þar. Það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við framferði Vesturlanda eins og það birtist ungu fólki í þessum heimshluta, arabahæiminum og reyndar víða í þriðja heiminum því miður. Þeim finnst réttilega að

Vesturlönd drottin yfir heiminum. Vesturlönd troði sinni menningu upp á aðra með ákaflega lítilli virðingu fyrir því sem fyrir er.“

Uppskrift að spennu

Steingrímur heldur áfram á þessum nótum og segir að í krafti fjármagns og hnattvæðingar stórfyrirtækja sölsi Vesturlönd undir sig auðlindir þessa heimshluta í þágu eigin framleiðslu. „Við gerum út á ódýrt vinnuafli í þessum heimshlutum og það dregur sífellt í sundur í lífskjörum og aðstöðu forréttindaríkja annars vegar og afgangins af heiminum hins vegar. Þetta er uppskrift að spennu og hættuástandi.“

Um þetta fjalla gagnrýnir fræðimenn í tengslum við hnattvæðinguna svonefndu. Ég get vitnað í skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors og Kolbeins Stefánssonar um hnattvæðinguna. Ég er að lesa mig til um þetta efni og jafnvel setja eitthvað á blað. Kannski sér eitthvað af því dagsins ljós á næstunni. Þetta eru einfaldlega stærstu viðfangsefni komandi áratuga. Hnatt-ræn umhverfismál og sambúð menningarheima í þessum efnum. Átökin sem kristallast í þessu efni og kristölluðust í fjöldamótmælum í Seattle, Washington og Prag eru að mínu mati aðeins upphafið að því sem við eigum eftir að upplifa á næstu áratugum. Það stefnir í miklu meira uppgjör en menn hafa almennt áttað sig á vegna þess að mannkynið getur einfaldlega ekki haldið áfram á óbreyttri siglingu. Við komumst ekki hjá því að gera upp mörg af þessum stóru hnatt-rænu viðfangsefnum. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr bíður það okkar í stjórnmalunum í heiminum að takast á við þessa hluti.“


Skynja breytingar

Talið berst að stóriðjustefnunni og álversframkvæmdum hér á landi.

Steingrímur finnst hlutur stjórnvalda furðulegur í þeim efnum. „Þau hafa lagt í það tugi milljóna króna af opinberu fé á ári að reka áróður fyrir Íslandi sem ákjósanlegum stað fyrir stóriðjujárnfestingar. Svo er sagt að þetta sé ekkert í höndum stjórnvalda heldur í höndum álfélaganna sjálfra. Þetta er merkilegt. Menn vita ekkert hvernig þetta á að rúmast innan Kyoto-rammans. Menn vita ekkert hvort þetta rúmast innan hagkerfisins án þess að sprengja það í loft upp. Ég fæ engan botn í hvernig stjórnvöld ætla að halda á þessu máli.“

Með því að hrekja hátæknifyrirtæki sem og önnur fyrirtæki úr landi verðum við verr sett en ekki betur þegar upp er staðið. Þetta eru ekki getgátur okkar eða spáðómur. Þetta eru blákaldrar staðreyndir. Það eru bullandi erfiðleikar í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og í útflutnings- og samkeppnisáætlunum. Ég veit að það er mikið rætt um þetta víða af mikilli alvöru en þær umræður fara enn lágt því trúboðið hefur verið svo mikið og rekið af svo sterkum öflum. Svo gott pólítískt nef tel ég mig hafa að ég skynja að andrúmsloftið er að breytast. Það er einnig gott að fá fram viðhorf manna á borð Ágúst Guðmundsson í Bakkavör sem tekur undir þessi sjónarmið. Hreyfingaleg fyrirtæki, eins og hugbúnaðarfyrirtæki, geta fyrirvaralaust flutt sig um set. Við missum þau frá okkur eða þá að þau verða ekki stofnuð hér. Það þolir enga bið að koma vitinu fyrir stjórnvöld. Þetta er áratugagömul hugmyndafræði og áhersla. Þetta sýnt ekkert um það að álver sé nútímalegur vinnustaður heldur skelfilegar aðstöður í atvinnurekstri. Sjávarútvegur, þekkingariðnaður og þjónusta og meira að segja landbúnaður er ekki ósnortinn af þessu ástandi, því þar eru greinar sem hafa tekjur af útflutningi.“

Steingrímur ætlar næstu vikurnar að hlada rafhloðurnar, ná heilsu og endurnýja og styrkja hugmyndir stjórnmalastefnunnar sem hann stendur fyrir. Boðskapurinn gæti verið að ekki er allt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.



GÓÐUR DAGUR TIL AÐ KJÓSA

Prófkjör Samfylkingarinnar í dag er opið öllum Reykvíkingum, óháð stétt og stöðu, flokkslínum, aldri og áhugamálum.

Dagur B. Eggertsson læknir og borgarfulltrúi er talsmaður þess breiða hóps Reykvíkinga sem vill að borginni sé stjórnað af fagmennsku og í nánú samráði við hin ýmsu framfaraöfl íbúanna sjálfra.

Með þá hugsjón að leiðarljósi getur Samfylkingin undir forystu Dags unnið sigur í borginni. Með því að taka þátt í prófkjörinu getur þú veitt þessari hugsjón liðsinni þitt.

Nú er tækifærið til þess að mæta á kjörstað og setja kraftmikinn og framfarasinnaðan mann í fyrsta sætið.

Stuðningsfólk

DAGUR1 SÆTI

Glaumur og glæpir Reykjavíkurnætur

Mikið hefur verið rætt um ofbeldi í miðbæ Reykjavíkur enda berast okkur sífellt fleiri fregnir af hrottafengnum ofbeldisbrotum þaðan. Lögreglan segir hins vegar að ofbeldisbrotum í miðbænum hafi fækkað stöðugt frá árinu 2000.

Jón Sigurður Eyjólfsson og Haraldur Jónasson kíktu á næturlífið á laugardagskvöldi og urðu vitni að líkamsárás. Þeir könnuðu viðbrögð lögreglu og viðbúnað hennar.

Nýleg rannsókn, sem Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir gerðu fyrir Ríkislögreglustjóra og Háskóla Íslands, leiddi í ljós að mörgum stendur stuggur af miðbæ Reykjavíkur um helgar. Til að mynda sögðu rúm áttatíu prósent kvenna að þær væru óruggar einar á gangi þar að kvöldi og á sömu lund svöruðu tæp 44 prósent karla. Í sömu rannsókn kemur fram að þátttakendur voru almennt ánægðir með það hvernig lögreglu hefði tekist að stemma stigum við afbrotum í sínu hverfi og aðeins 2,5 prósent þeirra sem tilkynntu um ofbeldi eða hótn gagnrýndu lögregluna fyrir að hafa verið lengi að koma sér á vettvang. Um síðustu helgi sagði vaktstjóri á hjúkrunar- og slysa-deild frá því í sjónvarpsfréttum að ofbeldisbrotum virtist vera að fjölga og yrðu sífellt grófari. Þetta stangast hrapalega á við það sem lögreglumenn sögðu Jóni Sigurði og Haraldí sem hættu sér í bæinn



LÖGREGLUMÆÐUR HLEYPUR Á EFTIR JÁRNHÚFUÐUM OFBELDISMANNI Lögregluædur er hér á hlaupum á eftir vopnuðum árásmanni sem hvarf svo í mannþröngina. Á meðan náðu hinir ofbeldismennirnir fyrir að berjja fórnarlambið enn frekar.

til að forvitnast um hvað það er sem fólk óttast og gagnvart hverju lögreglan stendur og hvernig hún stendur sig í þeirri baráttu.

Ofbeldisbrotum hefur stórfækkað Umræðan um ofbeldi í miðbænum hefur að undanföngu frekar hniðið að því að ofbeldisbrotum sé að fjölga og líkamsárásir verði sífellt grófari. Rannsóknir sýna hins vegar að þessu sé öfugt farið. Staðreyndin er sú að frá árinu 2000 til 2004 hefur ofbeldisbrotum sem framin eru árlega fækkað úr 429 í 265 eða um tæp 40 prósent.

„Það er tvennt sem getur útskýrt þessa fækkun ofbeldisbrota,“ segir Geir Jón Þórisson

FJÖLDI OFBELDISBROTA Á SVÆÐI 101 REYKJAVÍK

| | |
|------|-----|
| 1997 | 352 |
| 1998 | 381 |
| 1999 | 409 |
| 2000 | 429 |
| 2001 | 380 |
| 2002 | 368 |
| 2003 | 337 |
| 2004 | 265 |

yfirlögregluþjónum. „Það er annars vegar lengri afgreiðslutími skemmtistaða og hins vegar myndarvélarnar sem við höfum sett upp hér og þar um bæinn. Nú vita menn að við sjáum hver átti upptökin ef slagsmál verða og við getum rakið ferðir þeirra svo við missum þá ekki úr sigtinu. Við í lögreglunni hefðum því viljað sjá einhverjar tölulegar upplýsingar frá þeim á slysa-deild sem telja að ofbeldisbrotum hafi fjölgað og þá líka upplýsingar um það hvar þau eiga sér stað,“ bætir hann við.

Nú er unnið að því að fækka þessum brotum enn frekar. „Hlutfallið milli þeirra brota sem eru framin inni á skemmtistöðum og þeirra sem framin eru úti virðist vera nokkuð jafnt og nú ætlum við að reyna að koma á samstarfi við dyraverði og aðra sem vinna á skemmtistöðunum til að reyna að ná þessu enn frekar niður,“ segir yfirlögregluþjónum.

Hættan ekki mikil í raun

Þennan laugardag sem tvímenningarnir voru í bænum bárust lögreglunni sjö tilkynningar um líkamsárás, þar af var ein úr Breiðholti en hinar úr miðbænum. Blaðamaður varð vitni af einni þeirra en þá réðust fimm menn á einn sem slasaðist á hné og hlaut höfuðáverka.

Geir Jón segir þennan fjölda tilkynninga nærri meðaltali fyrir laugardagskvöld. „Yfir helgina eru þessar tilkynningar oftast á bilinu 10 til 15 en af þeim eru venjulega ekki nema fjögur til sex tilfelli þar sem fórnarlambið fylgir málinu eftir með kæru þannig að hitt virðist vera frekar minniháttar. Ef við tölum svo um líkamsárásir þar sem alvarleg meiðsl hljóttast af eru þær svona ein til tvær yfir helgi,“ segir Geir Jón.

En hvað segir þá yfirlögregluþjónum um miðbæinn; er hann í raun hættulegur staður til að vera á? „Ef einhver fer þangað og er ekkert að skipta sér af illindum né að stofna til þeirra þá er harla ólíklegt að menn verði fyrir einhverjum brotum. Tílfnislausar líkamsárásir eru sárafaár en þær eiga sér þó stað. Venjulega verða þær seint um nótt eða þegar komið er undir morgun og iðulega eru þá árásmennirnir illa á sig komnir vegna neyslu fíkniefna,“ segir Jón Geir.

Ávallt komnir innan þriggja mínútna

„Það eru um það bil tíu til tólf lögreglumenn sem sinna miðbænum sérstaklega á laugardagskvöldum og svo koma fleiri þar að ef þurfa þykir,“ segir Guðmundur Pétur Guðmundsson sem var aðalvarðstjóri þetta laugardagskvöld. „Þessi nótt hefur ekki verið neitt sérlega viðburðarík en þó eru nokkrir sem gista fangageymslur eftir viðburði



STUMRÁÐ YFIR ÞEIM SÆRÐA Allt er afstaðið og lögreglumenn huga að hinum særða og koma honum svo undir læknishendur.

næturinnar. Þar af einhverjir fyrir líkamsárásir.“

Lögreglan telur að um fimm til sjö þúsund gestir séu venjulega í miðbænum á laugardagskvöldi. En er þetta nægur mannsafli til að stemma stígu við ofbeldinu sem hlýtur að fylgja slíkum mannfjölda sem safnast saman um vín og glaum? „Í flestum tilfellum erum við nógu margir. Þó koma fyrir álgaspunktar þar sem einhver töf verður á afgreiðslu útkalla og er þá reynt að forgangsráða eftir mikilvægi þeirra. En við erum venjulega með það mikinn viðbúnað að við eigum að vera komnir á vettvang innan við þrjár mínútur eftir að tilkynningin berst en auðvitað reynum við alltaf að koma eins fljótt og hægt er,“ segir aðalvarðstjórnin.

Lögreglan er ekki lengur með fótgangandi lögregluþjóna í miðbænum heldur hafa myndavélarnar leyst þá af hólmi. Miðbæjar-gestir verða þó lögreglunnar varir þar sem hún fer um bæinn á bílum sínum, ýmist þeim stóru sem í eru fjórir til fimm lögreglumenn eða minni blunum sem í eru aðeins tveir.

Ari Schröder, sem rekur ásamt öðrum krána Amsterdam við Tryggvagötu, segir hins vegar að

TILKYNNINGAR UM LÍKAMS-ÁRÁSIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR AÐFARANÓTT SUNNUGAGS 5. FEBRÚAR

- 03.35 Austurstræti:** Fimm menn ráðast á einn sem slasaðist á hné og fær höfuðáverka
- 04.12 Lækjargata:** Deilur leiða til slagsmála
- 04.13 Lækjargata:** Önnur slagsmál
- 06.10 Austurstræti:** Slagsmál verða í biðröð við skemmtistað (sem á að vera búinn að loka lögum samkvæmt)
- 06.21 Tryggvagata:** Sést á myndavél að maður er sparkaður þrisvar í höfuðið. Þiggur ekki aðstoð þegar lögregla kemur á vettvang
- 06.30 Aðalstræti:** Minni háttar þústrar

þegar lokað sé á stöðunum þar í kring klukkan hálf sex væri æskilegt að hafa lögreglu sýnilega þar um slóðir þar sem margmenni safnist þar fyrir og oft komi þá til slagsmála.



Í FANGAGEYMSLU Að sögn varðstjóra var vaktin ekki sérlega annasöm en þó fengu nokkrir að gista fangageymslur, meðal annars fyrir líkamsárásir.

Í eftirlitsferð

Jón Sigurður og Haraldur slógust því næst í för með tveimur lögregluþjónum sem voru í eftirlitsferð um miðbæinn um fjögurleytið. Ekki bar til sérstakra tíðinda enda segja lögreglumenn að tíminn frá hálf fjögur til hálf sex sé venjulega nokkuð rólegur. Þó voru höfð afskipti af tveimur ökuöðnum og þeir látnir blása í alkóhólmeili. Hvörugur reyndist vera ölvaður.

Í talstöðinni mátti þó heyrast að sitthvað gekk á hér og þar um bæinn, til dæmis var kallað eftir lögreglubíl til að huga að gangi mála í heimahúsi en þar hafði karlmaður verið sleginn í gólfið. Ekki urðu tvímenningarnir varir við fleiri ofbeldisverk þessa nótt en heyrðu þó af því síðar að til slagsmála hefði komið ofarlega á Laugavegi. Til allrar lukku slasaðist þó enginn.



VALDÍS ÓSK VALSDÓTTIR Valdís er hér að segja frá þeirri óhuggulegu reynslu sem hún hafði upplifað fyrir utan vinnustaðinn nokkrum mínútum áður.

Hnéskelin stóð út

Klukkan þrjú kemur til deilna fyrir utan skemmtistaðinn Pravda. Fimm ungir menn byrja svo að ógna manni um tvítugt sem er einn á ferð. Hann hringir í félag sinn og segist vera í vanda staddur en leggur svo á flotta. Fimm-menningarnir hlaupa hann upp á Austurvelli og ganga í skrokk á honum. Tveir árásmennanna eru vopnaðir hnúajánum. Hringt er á lögreglu sem er komin um mínútu síðar og eltir hún þá vopnuðu. Blaðamaður sér annan þeirra hverfa inn í mannþröngina við Bankastræti en veit ekki hvað varð um hinn. Hinir árásmennirnir þrjú fara þá á eftir fórnarlambinu sem hugðist koma sér undan en þeir ná honum fyrir utan skyndibitastaðinn Quizno's Subs við Lækjargötu.

Þar var Valdís Ósk Valsdóttir að afgreiða og varð vitni að því þegar

þeir náðu fórnarlambi sínu. „Þeir kýldu endalaust í hausinn á honum og spörkuðu í hann þegar hann lá niðri. Ég hringdi strax á lögregluna og hún kom eftir svona þrjár mínútur. En áður en þeir komu birtust þrjú vinir fórnarlambins og þá hurfu árásmennirnir á brott og félagarnir á eftir þeim. Ég veit ekkert hvað varð úr því. Svo komu menn að stumra yfir stráknum og þegar hann hífði upp buxnakálmína þá stóð bara hnéskelin út,“ segir Valdís og hryllir við.

Samkvæmt upplýsingum sem blaðamaður fékk frá kunningja fórnarlambins reyndust meiðsl hans ekki alvarleg en lögregla kom honum undir læknishendur.

„Ég hef ekki oft séð svona áður þótt reyndar hafi ég séð einhverja fara fram hjá alblóðuga,“ segir Valdís eftir þessa óskemmtilegu reynslu.

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemun við VSK
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 9.-12. febrúar
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 9.-12. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval snyrtivöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Capitano-vindlar fyrir sjómenn

Íslenskur iðnaður tók að skjóta rötum um aldamótin 1900. Fyrst kom vélvæðing ullarvinnslu en í þéttbýlinu hófst til dæmis framleiðsla á drykkjarvörum og ýmsum efnagerðarvörum. Þetta er vel þekkt en færri vita að tóbaksiðnaður blómstraði hér í stuttan tíma. *Svavar Hávarðsson* leit til baka og kannaði hverju þetta sætti.

Í desember árið 1950 skrifaði ritstjóri tímaritsins Íslenskur iðnaður leiðara þar sem hann gerði að umræðuefni sínu þau fimmtíu ár sem þá voru liðin af öldinni og hvað þessi ár hefðu skilað íslenskri þjóð og ekki síst íslenskum iðnaði.

Hann lagði út frá orðum þjóðskáldsins Hannesar Hafstein úr ljóðinu Aldamótin þar sem hann sá hylla undir nýja öld og í bjartsýni framfarahugar þess tíma kvað: „Sé ég í anda knör og vagna knúða/krafti, sem vannst úr fossa þinna skruða,/stritandi vélar, starfsmenn glaða og þrúða,/stjórnfrjálsa þjóð

með verzlun eigin búða.“ Miklu hafði verið áorkað, það var leiðarahöfundur ljóst, en þó taldi hann að pottur væri brotinn hvað iðnaðinn varðaði.

Að hans mati var iðnaður þjóðarinnar langt frá því að vera eins mikill og fjölbreyttur og hann ætti að vera. Draumur Hannesar um „stritandi vélar“ hefði ekki ræst, altént ekki hvað varðaði stórbrotinn verksmiðjuíðnað.

Samfélag í mótun

Yrkisefni Hannesar, hin glæsta framtíðarsýn, var í anda þess að íslenskt samfélag var að taka röt-tækum breytingum um aldamótin 1900 og tækifærin virtust takmarkalaus. Gamla bændasamfélagið hafði um nokkurra áratuga skeið verið að liðast í sundur. Mikil fólksfjölgu olli spennu sem fékk útrás með tilfærslu fólks frá sveitunum til sjávarbyggða og vestur um haf. Þéttbýlismyndun varð hröð, aukið persónufrelsi var þessu samfara og því breyttar áherslur í atvinnumálum.

Mikilvægustu breytingarnar voru þó kannski hugarfarslegar; þjóðernisvakning í kjölfar sjálfstæðisbaráttu, sem á þessum tíma var í algleymingi, komu fram í frelsishugmyndum þar sem framfarir á öllum sviðum voru sjálfsgöð



LÆKJARGATA UM 1900 Þessi mynd sýnir á skemmtilegan hátt hvernig bæjarbragurinn var í Reykjavík á þeim tíma sem vindlagerðirnar voru settar á stofn.

MAGNÚS ÓLAFSSON / LIÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

krafa og síðast en ekki síst var trúin á að Íslendingar gætu verið sjálfum sér nógir það sem skipti meginmáli.

Gróskan sem þessum breytingum fylgdi var mest í höfuðstaðnum Reykjavík og í nokkrum stærri kaupstöðum út á landi. Fjármagnið sem fylgdi aukinni útgerð, aðgangur að lánsfé með tilkomu banka og sparisjóða margfölduðu verzlun og viðskipti og í fyrsta skipti frá endalokum Innréttinganna, varð til vísir að verksmiðjuíðnaði. Fyrst

kom vélvæðing ullarvinnslu en í þéttbýlinu hófst til dæmis framleiðsla á drykkjarvörum og ýmsum efnagerðarvörum. Þetta er vel þekkt en færri vita að blómlegur tóbaksiðnaður skaut hér rötum á stuttum tíma.

Sex íslenskar vindlaverksmiðjur

Stofnað var til fyrstu verksmiðjunnar aldamótaárið og þremur árum seinna voru verksmiðjurnar orðnar sex, fjórar í Reykjavík og tvær á Akureyri. Um var að ræða

vindlaframleiðslu en með tollum á innflutta vindla frá árinu 1899 sköpuðust aðstæður fyrir framleiðslu vindla héraðs því hrátóbak bar litlar álögur.

Allar þessar verksmiðjur áttu það sameiginlegt að vera eign kaupmanna sem eðlilegt má teljast því þeir höfðu fjármagn og tækifæri til nauðsynlegra aðdráttu.

Fyrstur reið á vaðið Þorkell Þorkelsson sem kallaði verksmiðju sína Vindlaverksmiðjan í Reykjavík og sama ár var Vindlagjörðarfélagið

Vindlaverksmiðjur á Íslandi

Í Reykjavík

Vindlaverksmiðjan, eigandi Þorkell Þorkelsson.

Vindlagjörðarfélagið í Reykjavík,

eigandi Ásgeir Sigurðsson.

Vindlaverksmiðja H.Th. A. Thomsen,

eigandi Ditlev Thomsen.

Vindlaverksmiðjan Hekla, eigandi

Gunnar Einarsson.

Á Akureyri

Vindla- & reykstóbaksverksmiðjan á

Akureyri, eigandi Ó.G. Eyjólfsson.

F. Frímannsson vindlaverksmiðja,

eigandi Frímann Frímannsson.

Fjór hjóladrifið bylting.



VIÐURKENNT SÖLU-
OG ÞJÓNUSTUUMBOD
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRADÞJÓNUSTA

í Reykjavík stofnað af Ásgeiri Sigurðssyni en þar var Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri með meiru, stjórnarformaður.

Árið eftir stofnaði Ditlev Thomsen Vindlaverksmiðju H.Th.A.Thomsen sem varð stærst þessara verksmiðja en Gunnar Einarsson kom einnig á fót myndarlegu fyrirtæki sem bar nafnið Vindlaverksmiðjan Hekla. Á Akureyri starfræktu Ó.G. Eyjólfsson og Frimann Frimannsson verksmiðjur frá 1902. Önnur þeirra hóf starfsemi sína á Eskifirði en var fljótlega færð norður. Hjá þeim starfaði danskur vindlagerðarmeistari, Dahl að nafni, sem stofnaði verksmiðju 1903 ásamt Otto Tulinius kaupmanni. Nöfn þessara verksmiðja voru Vindla- & reyk-tóbaksverksmiðjan á Akureyri og F. Frimannsson vindlaverksmiðja.

Íslendingar tóku þessari nýjung vel og má af auglýsingum frá vindlagerðunum ráða að þrátt fyrir að verkakönun hefði fjölgað jafnt og þétt hafðist vart undan að anna eftirspurn. Thomsen byrjaði 1901 í einu herbergi í verslun sinni Thomsen-magasín en fljótlega var starfsemin í 5 herbergjum þar sem 40 stúlkur störfuðu þegar best lét. Hinar verksmiðjurnar voru minni en líklega hafa 10-20 stúlkur unnið að vindlagerð í hverri þeirra.

Eitthvað fyrir alla

Það kemur einnig á óvart hversu mikil fjölbreytni var í framleiðslu verksmiðjanna. Allt frá litlum kaffivindlum til stórra Havana-vindla voru á boðstólnum og nöfn tegunda lýstu andagift og hugkvæmni. Þjóðlegir straumar í anda tímans birtust í nöfnum eins og Skuggasveinn, Fjallaffill og Hekla. Tæknihyggja samtímans birtist í nöfnum eins og Rafrittinn kemur en einnig var vel gætt að þörfum hvers og eins. Thomsen bauð upp á Quartetto fyrir söngmenn, Geysi fyrir ferðamenn, El Studio fyrir námsmenn, Capitano fyrir sjómenn en að síðustu má nefna Ístrubelg fyrir þá sem vildu hafa sína vindla efnismikla.

Betri borgarar nýttu sér góða



HAFNARSTRÆTI SKÖMMU EFTIR ALDAMÓTIN 1900 í fimm litlum herbergjum í kjallara Thomsen-magasíni unnu tugir stúlkna við vindlagerð. Kaupið var lágt og vinnan erfið og óheilsusamleg. Það voru helstu rök þingmanna fyrir því að þessar stúlkur ættu að fara til vinnu í sveitum landsins, eða þar sem þær áttu heima.

þjónustu vindlagerðamanna eins og heimsendingaþjónustu Gunnars Einarssonar og nokkrir viðskiptavinir auðkenndu sína vindla með sérútbúnu „magabelti“, eins og merktur pappírrenningurinn utan um vindla er jafnan kallaður.

Ekki atvinnuvegur fyrir Íslendinga

Fljótlega eftir að verksmiðjurnar hófu starfsemi sína komu málefni þeirra til kasta alþingis. Þingheimi ofbauð uppgangurinn og gróði vindlagerðamanna og vildu sneið af kökunni fyrir landssjóð. Þeir tilbúðir enduðu með gjaldtöku sem varð þess valdandi að vindlastofurnar hurfu eins snögglega og þær birtust.

Eftir allt saman risti hugar-

farsbreytingin ekki alveg eins djúpt og ætla mætti af kveðskap þjóðskáldsins Hannesar Hafstein. Hann fór fremstur í flokki þeirra sem ekki vildu vindlagerð á Íslandi eins og ræður hans á Alþingi sýna. Honum leist ekki vel á það að vindlagerðin færðist frá Danmörku og til Íslands, enda þótti það yfirleitt ekki fínt að brúka íslenskan

varning, hvað þá munaðarvöru eins og tóbak: „...jég tel næsta ólíklegt, að þeir menn, sem nú kaupa þá 6.000 vindlakassa, er til landsins flytjast árlega – meira er það ekki nú – mundu láta þvingast til að fara að reykja tóma illa innlenda vindla, þetta er með öllu óeðlilegur atvinnuvegur fyrir Íslendinga og vantar öll skilyrði hjer á landi.“

Búnaður Vindlaverksmiðjunnar Heklu

| | | |
|------------------|-------------------------|-------------------------------|
| 477 form | Ýmis verkfæri | Vindlakassaefni fyrir 250 kr. |
| 1 skurðarvél | Vindlabönd fyrir 15 kr. | 1 járnvals |
| 1 stimpilvél | 1 limpottur | 1 kommóða |
| 8 járnpressur | 2 sigti | 1 bali með lömpum |
| 2 vindlavélar | Kassar og spitur | 1 skúffa með hnífum |
| 4 skurðarklossar | 2 klukkur | Borð og stólar |

Annar þingmaður, Jón Ólafsson, hafði önnur rök sem reyndar voru víða uppi á þessum tíma: „Jeg ímynda mér, að allir, sem þekkja nokkuð til þessa atvinnuvegs, hljóti að játa, að engin sjerstök ástæða sje til þess, að vernda hann fremur en aðra atvinnuvegi. Ef maður til dæmis tekur tillit til fólksins, sem vinnur að þessari atvinnugrein, þá mundi maður virkilega ekki hafa mikla löngun til þess, að styrkja hana, því bæði er vinnan feykilega óholl, og þar að auki sjerlega illa borguð, ekki nema 20-35 kr. á mánuði. Og fyrir þetta á fólkið að sjá sjer fyrir húsnæði, fæði og klæðum. Jeg held það væri nokkuð hollara og betra fyrir stúlkur, að fara upp til sveita og vera vinnukonur þar.“

Þrátt fyrir að Jón Ólafsson reyndi að fría sig af fordómum í garð iðnaðarins, þá skín í gegn að þessi atvinna var þyrnir í augum hans. Hér kemur fram rótgróinn hugsunarháttur þeirra sem einhvers var umleikis á þessum tíma; ungar stúlkur áttu að vera í sveit en ekki að freista gæfunnar í spillingarbælunum við sjávarstöðuna.

Eins og dögg fyrir sólu

Lög um tolla á íslenska vindlagjörð voru sett í nóvember 1907 og vindlaverksmiðjurnar sex höfðu hætt starfsemi sinni aðeins nokkrum mánuðum síðar. Á milli 100 og 150 einstaklingar, aðallega ungar stúlkur, höfðu misst atvinnu sína og eigendur atvinnutækjanna höfðu orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni.

Til dæmis varð Gunnar Einarsson sem átti vindlaverksmiðjuna Heklu gjaldþrota og tapaði ævistarfi sínu. Rök eru fyrir því að mesti skaðinn hafi verið sá að íslenskt samfélag hafi orðið af gullnu tækifæri til að auðga atvinnulíf landsmanna og ná þeirri fjölbreytni og því sjálfstæði sem barist var fyrir á næstu áratugum. Sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar var í algleymingi á þessum tíma og raddir úr öllum stigum samfélagsins kröfðust þess að Íslendingar gerðu hlutina sjálfir; það var jú boðorð dagsins.



Mercedes-Benz R-Class er byltingarkennd bifreið sem sameinar alla kosti rúmgóðs fjölskyldubíls og glæsilegrar lúxuskerru. Vélaraflið er engu líkt, þægindin eins og best verða á kosin og hönnunin, í stóru sem smáu, er uppfyll af ómótstæðilegum nýjungum. Auk þess er hann fjórhjóladrifinn og tekur sex farþega. Þennan bíl getur þú skoðað alla helgina því það er opið hjá okkur laugardag og sunnudag frá kl. 12-16.



Mercedes-Benz

Dús við sjálfan mig

Það er vatn á geyminum í kaffikönnunni á Helgastöðum. Brúnkaka með súkkulaðirönd í skápnum. Allt svo fallett og hreint heima á bænum. Hálfpartinn jólalegt, enda snjóhvítt teppi á túnunum úti. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir þáði kökusneið og molasopa hjá leikaranum og hrossabóndanum Jóni Sigurbjörnssyni, en Jón er aðalleikari í Síðasta bænum, sem tilnefnd er til óskarsverðlauna.

Á hlaðinu er hundur af næsta bæ í erindagjörðum forvitninnar. Vill vita hver kemur að heimsækja stórleikarann sem lifað hefur sem einbúi á Helgastöðum í Arnessýslu síðan 1992.

„Dætur mínar vildu að ég væri með hund en það blessaðist ekki. Hingað kom tók en ég náði ekki að hæna hana að mér. Leyfði henni aldrei að vera inni í húsi, en svaf í kjallaranum á nóttunni. Hún fór því að hverfa sólarhringum saman, svo þetta gekk ekki,“ segir Jón einlægur með sinni alkunnu, sterku karlmannsrödd, um leið og hann hellir kaffi í blámunstraða bollana.

Paradís fundin

Jón er örlagabarn. Maður sem hefur litlu ráðið um eigin forlög en jafnan fengið hlutskiptið upp í hendurnar, þótt ekki hafi skort sterkan, einbeittan vilja. Þau Þóra Friðriksdóttir leikkona keyptu jörðina að Helgastöðum 1. vorið 1969, en jörðin kom í hlut Jóns þegar þau hjónin skildu.

„Það er skritið hvernig hestamennskan varð hluti af lífi mínu, en saman eigum við fjölskyldan 24 hesta. Þóra og Sigríður heitin Hagalín fengu mikinn áhuga á hestum eftir að hafa setið reiðnámskeið hjá Fákí og eftir það keyptum við fyrsta hestinn. Skömmu síðar dóu foreldrar Þóru með stuttu millibili og þeim systkinum tæmdist arfur, en Þóra vildi koma sínum fjármunum í eitthvað fast og kaupa jörð. Þetta er því allt runnið undan hennar rötum: við fórum að leita og fundum Helgastöði, þar sem við eyddum öllum sumrum eftir það,“ segir Jón þar sem hann situr við eldhúsgluggann og horfir hugfanginn á Heklu, Tindfjöll og Eyjafjallajökul.

„Ég hef búið hér einn síðan ég varð sjötugur og finnst það yndislegt. Hér vakna ég í algjörrri þögn og laus við alla þílamengun á stórrí landareigninni, en kaupir verktaka til að sjá um heyskapinn

og losna um leið við að eiga vélar sem bila,“ segir hann íbygginn og brosir út í annað.

Ameríski draumurinn

Jón er fæddur í Borgarfirði en flutti þriggja ára með foreldrum sínum og bróður í Borgarnes.

„Ég lék kerlingu í peysufötum sem lítill strákur, en seinna með ungmennafélaginu. Eitt sumarið kom leikhópur og setti upp Þorlák þreytta með Haraldi Á. Sigurðssyni í aðalhlutverki. Haraldur var mikill kómiker og við spurðum hvort hann væri ekki til í að leika Þorlák þreytta með ungmennafélaginu. Hann var undir eins til í það, setti upp sýninguna og lék Þorlák, og ég var valinn með til að leika lítið hlutverk,“ segir Jón um fyrstu kynni sín af leiklistinni.


„Ég hafði aldrei farið í bíó, en fékk nú mikla bíódelu, lá í öllum sýningum og las kvikmyndablöð. Þar sá ég auglýsingu frá American Academy of the Dramatic Arts í New York, sem er elsti leiklistarskóli Bandaríkjanna og enn starfræktur, og einsetti mér að fara þangað í nám,“ segir Jón sem fyrst nam leiklist við Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar.

„Eftir námið stefndi ég vestur, en það er svo kyndugt með þessa ævi mína að allt kemur að sjálfu sér; jörðin, hestarnir og leiklistin. Ég fór í tónlistarskóla og lærði á píanó en þá kom enn einn áhrifa-valdurinn við sögu; kórstjórnin í Borgarnesi sem vildi að ég sækti um í Karlakór Reykjavíkur, sem ég og gerði og komst inn,“ segir Jón um það örlagaríka skref.

New York, New York

Með Karlakór Reykjavíkur söng Jón frá 1943 til 1946 og fór kórinn í tíu vikna söngferð til Bandaríkjanna og Kanada haustið 1946.

„Ég ákvað strax í sambandi við þessa ferð að ég kæmi ekki til baka,“ segir Jón og skellir upp úr. „Við fórum alla leið suður til



SETIÐ VIÐ ELDHÚSGLUGGAN HEIMA Á HELGASTÖÐUM Jón hefur verið einbúi á Helgastöðum í Arnessýslu frá því að hann sté af leiksviði í síðasta sinn vorið 1992. Leikur hans í stuttmyndinni Síðasti bærinn hefur vakið gríðarlega athygli, en myndin er tilnefnd til óskarsverðlauna í flokki stuttmynda.FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Mexíkóflóa, um gjörvöll Bandaríkin og enduðum í Winnipeg. Á hótélherbergi í Texas hringdi ég til New York og talaði við yfirkennara skólans sem hvatti mig til að koma, sem og ég gerði þegar kórinn var farinn heim til Íslands,“ segir Jón sem dreifir í að leigja sér herbergi hjá íslenskri konu eftir á Broadway.

„Svo var ég boðaður til yfirkennarans sem færði mér tvö eintöl til að læra utan að, en inntökuprófín voru löngu búin. Ég kláraði þau skítnerfös og ómögulegur, enda sagði hann mig verða að gera miklu betur, tók bókina, fór með erindið og hágrét, gamall og yndislegur maðurinn. Þetta gerði hann fyrir mig og setti mig af stað þannig að ég gerði nú allt miklu betur og komst inn, eini nemandinn við skólann sem ekki var mæltur á ensku að móður-máli,“ segir Jón sem aldrei lærði ensku öðruvísi en af bíómyndunum í Reykjavík og eitt ár í gagnfræðaskóla.

„Þetta var yndislegur tími og ég var svo hamingjusamur. Söngbakterían eftir starfið með kórnum fylgdi mér og ég fann mér kennara þar sem ég lærði óperusöng meðfram leiklistarnáminu. Stundaði svo Metropolitan-óperuna grimmt og lifði eins og heimsborgari,“ segir Jón, en það var faðir hans sem kostaði námið.

„Pabbi var verkamaður og mamma líka þegar hún fékk eitthvað að gera. Hann átti enga peninga en tók lán í bankanum í Borgarnesi og sendi mér sem framfærslu út. Foreldrar mínir samþykktu allt sem mér datt í hug og spurðu ekki einu sinni hvers vegna ég færi út í þetta þrjá, en fólk skildi ekki hvers vegna menn lærðu leiklist árið 1946,“ segir Jón brosmildur og fær sér bita af brúnkökusneið.

Nennir ekki til Hollywood

Um sama leyti og Jón fór utan til Bandaríkjanna fór stór hópur samnemenda hans úr leiklistarskóla Lárusar til Lundúna sömu erinda, þar á meðal Evar Kvaran, Baldvin Halldórsson, Rúrik Haraldsson, Klemens Jónsson og Gunnar Eyjólfsson.

„En ég hafði séð þennan skóla í Ameríku sem haldi sér af því að hafa útskrifað heimsfræga kvikmyndaleikara sem ég hafði séð í bíó,“ segir Jón sem eftir útskrift vorið 1948 kom heim til að leika

„Í lokaprófunum dó pabbi, sem var svolítið óvænt fyrir mig en þau heima höfðu vitað að hverju gekk um tíma. Mamma vildi að ég lyki náminu, svo ég var ekki látinn vita. Ég átti þá eitt lokapróf eftir en samdi við kennarann að fara heim til að fylgja pabba,“ segir Jón sem ávallt hefur verið forfallinn kvikmyndaáddandi.

„Mínir uppáhaldsleikarar voru Tyrone Power, Robert Taylor og Katherine Hepburn, alveg makalaust góðir leikarar,“ segir Jón sem sjálfur gæti skemmt sér meðal skærustu kvikmynda-stjarna veraldar þegar óskarsverðlaunin verða afhent í Hollywood þann 6. mars.

„Það er ekki út af mínum leik sem tilnefningin er tilkomin; ég get ekki þakkað mér það. En þetta er gott hlutverk og útkoman rímar svo sannarlega við Hollywood-drauminn minn gamla.“

„En ég nenni ekki út því þetta er svo mikið ferðalag. Vitaskuld er draumur allra leikara að fá tilnefningu til þessara verðlauna en mér hafði svo sannarlega aldrei dottið til hugar að ég yrði viðloðandi slíkt sjálfur,“ segir Jón dreyminn á svip, en stuttmyndin Síðasti bærinn með Jóni í aðalhlutverki er tilnefnd í flokki erlendra stuttmynda til verðlaunanna.

„Það er ekki út af mínum leik sem tilnefningin er tilkomin, ég get ekki þakkað mér það. Þetta er alfarið hugararmið leikstjórans Rúnars Rúnarssonar sem skrifaði söguna og skóp persónuna. Á sinn hátt má segja að tilnefningin sé punkturinn yfir i-ð á mínum ferli, en getur þó aldrei orðið hápunkturinn því ég hef leikið svo miklu stærri og bitastæðari hlutverk áður. En þetta er gott hlutverk og útkoman rímar svo sannarlega við Hollywood-drauminn minn gamla,“ segir hann hlæjandi.

Eintóm ánægja

Hún geislar af Jóni lífsgleðin og hann segist sáttur við ferilinn.

„Ég er dús við sjálfan mig og finnst stundum að mér takist vel það sem ég geri. Þetta er búið að vera mikið skemmtilegt og ég hef aldrei séð eftir því að velja þessa

leið, enda bættist við söngurinn og það kórónaði margt,“ segir Jón sem söng meðal annars við Konunglegu óperuna í Stokkhólmi í tvö ár.

Leitum að þjónustufulltrúa til starfa í móttöku fyrir fólksbifreiðar Ford, Lincoln, Volvo og Daihatsu að Bíldshöfða 6 í Reykjavík.

Þjónustufulltrúar í móttöku

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur þjónustufulltrúa í móttöku á fólksbifreiðaverkstæði okkar að Bíldshöfða 6 í Reykjavík.

Stutt lýsing á starfi

- Tekur á móti bifreiðum á verkstæði, fyrir viðgerðir á fólks- og sendibifreiðum
- Útskrift reikninga

Hæfniskröfur

- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða reynslu og þekkingu á bifreiðum
- Hafi ríka þjónustulund
- Viðhafi nákvæmni við útskrift reikninga
- Gilt bílpróf

Vinnutími

Vinnutími er frá 7:45-18:00 alla virka daga, en vinnutími þjónustufulltrúa er breytilegur frá viku til viku.

Umsókn um þetta starf skal merkja: **0602-6**

- Brimborg býður uppá fyrirtaks starfsumhverfi, góða vinnuaðstöðu og samkeppnishæf laun með hressum og kátum vinnufélögum.
- Smelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið eða komdu til okkar og fáðu umsóknareyðublað. Frekari upplýsingar um starfið veitir starfsmannasvið Brimborgar í sínum: **515 7088 og 515 7188**
- Nú er tækifærið til að prófa eitthvað nýtt - við bíðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2006.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.



Öruggur staður til að vera á

Viltu vinna hjá framsæknu fyrirtæki?

Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibáti, fimm sumarhústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

Slástu í hópinn!



Kranamaður í skipaafgreiðslu óskast

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmanni til starfa sem kranamaður í skipaafgreiðslu Samskipa í Reykjavík. Um er að ræða starf á hafnarkrana félagsins en hann er af gerðinni Liebherr LHM 400.

Vinnutími

Vaktavinna á dag- og kvöldvöktum 7:55-16:00 og 16:00-24:00.

Hæfniskröfur

Tilskilin réttindi, þ.e. stóra vinnuvélaprófið. Haldgóð reynsla af kranavinnu skilyrði og reynsla af hafnarvinnu æskileg. Viðkomandi þarf að vera stundvís, nákvæmur, samviskusamur, lipur í mannlegum samskiptum og geta unnið undir álagi. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, www.samskip.is, (veljið „Kranamaður í skipaafgreiðslu – auglýst staða“) fyrir 16. febrúar 2006. Ólafur A. Ólafsson rekstrarstjóri veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8540.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

RÁÐGJAFI Á ÞJÓNUSTUBORÐI

Vilt þú vinna í Háskóla Íslands og sinna skemmtilegu og krefjandi starfi í tæknilegu umhverfi þar sem lögg er áhersla á símenntun í starfi og þægilegt andrúmsloft á vinnustað? Þá höfum við rétta starfið fyrir þig.

Reiknistofnun Háskóla Íslands er umsjónaraðili tölvukerfa Háskóla Íslands. Starfsemi RHÍ felur í sér uppsetningu og rekstur tölvuneta og tölvuþjóna, nettengingar fyrir nemendur og starfsmenn, tölvukerfi og þjónustu við tölvur háskólasamfélagsins.

Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða ráðgjafa í tölvumálum á þjónustuborð sem fyrst. Starfið felst í að veita viðskiptavinum ráðgjöf, upplýsingar og aðstoð í tölvumálum. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi. Ráðgjafi tekur fyrst á málum viðskiptavina og stýrir úrlausn þeirra. Ráðgjafi þarf að vera öflugur einstaklingur með áhuga og þekkingu á tölvu. Vegna flókins sérhannaðs tölvukerfi Háskólans er þess krafist að viðkomandi hafi góða almenna tölvuþekkingu. Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun/framhaldsmenntun á sviði tölvutækni
- Áhugi á tæknimálum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2006.

Nánari upplýsingar veitir Albert Jakobsson, deildarstjóri aj@hi.is.

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans. Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



Rafiðnfræðingur

Viltu vinna hjá framsæknu fyrirtæki?
Rafmiðlun óskar eftir að ráða Rafiðnfræðing

Rafiðnfræðingur:

Reynsla æskileg sem og lipurð í mannlegum samskiptum auk enskukunnáttu

Starfssvið:

- Hönnun
- Tilboðsgerð
- Verksamsjón

Boðið er upp á góða starfsaðstöðu í nýju og glæsilegu húsnæði fyrirtækisins.

Umsóknir sendist á netfangið rafmidlun@rafmidlun.is
Nánari upplýsingar í síma: 843 3505 og www.rafmidlun.is

Rafmiðlun ehf

Ökurhvarf 8 • 203 Kópavogur
Sími: 540 3500 • Fax: 540 3501
Email: rafmidlun@rafmidlun.is

» Viltu vinna hjá góðu fyrirtæki?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að þjónustulunduðu og hæfileikaríku starfsfólki í þann góða hóp sem fyrir er í eftirfarandi störf:

Sölumaður hreinlætistækja í verslun Skútuvogi

» Ábyrgðarsvið

Ráðgjöf og sala hreinlætistækja til einstaklinga og stærri aðila

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður
Reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum kostur

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Fullt starf – vinnutími 10 - 19 / 8 - 18

Gjaldkeri í timbursölu Grafarholti

» Ábyrgðarsvið

Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður
Tölvukunnátta æskileg

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Fullt starf - vinnutími 8 - 18
auk tveggja helgidaga í mánuði

Sölu- og afgreiðslumaður í pípulagnaverslun Skútuvogi

» Ábyrgðarsvið

Afgreiðsla þjónusta og fagleg ráðgjöf við viðskiptavini

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður
Þekking á pípulagnaefni kostur

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Fullt starf

Sölu- og afgreiðslumaður í nýrri verslun sem opnar í vor

» Ábyrgðarsvið

Afgreiðsla, þjónusta og fagleg ráðgjöf við viðskiptavini

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður
Þekking á byggingarvörum er kostur

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Vinnutími; 9 - 18

Starfsmaður á kassa í nýrri verslun sem opnar í vor

» Ábyrgðarsvið

Afgreiðsla, þjónusta og fagleg ráðgjöf við viðskiptavini

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Unnið er á vöktum (9 - 21)

Kvöld- og helgarstarfsmenn á kassa í nýrri verslun sem opnar í vor.

» Ábyrgðarsvið

Afgreiðsla, þjónusta og fagleg ráðgjöf við viðskiptavini

» Hæfniskröfur

Þjónustulund, áhugi og metnaður

» Í boði er

Gott og öruggt vinnuumhverfi
Vinnutími; 18 - 21 virka daga
og 9 - 18 um helgar

Umsóknir berist fyrir **16.febrúar** til Elínar Hlífur Helgadóttur elinh@husa.is Húsasmiðjan, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á skrifstofu okkar að Holtagörðum og inn á vefsíðunni husa.is. Öllum umsóknum svarað.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarværa á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverlanir eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi og rekum sérstakan skóla, Húsasmiðjuskólann, þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Í Húsasmiðjunni er starfandi öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtana-hald, sér um útleigu sumarhúsa fyrir starfsfólk auk þess sem fyrirtækið og starfsmannafélag veita starfsfólki styrk til heilsuræktar.

Velkomin í hópinn!



HÚSASMIDJAN
...ekkert mál



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Matráður í Austurborg

MENNTASVIÐ – LEIKSKÓLAR

Óskað er eftir matráði í leikskólann Austurborg, Háaleitisbraut 70. Austurborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja tæplega 93 börn samtímis.

Helstu verkefni matráðs er að skipuleggja og annast matreiðslu, sjá um innkaup á hráefnum. Hann hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsinu. Vinnur í nánu samstarfi við leikskólastjóra.

Hæfniskröfur:

Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
Góð þekking á næringarfræði
Þekking á rekstri
Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Guðrún Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 588-8545. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000. Umsóknir sendist í leikskólann Austurborg, Háaleitisbraut 70. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á leikskolar.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Áhugaverð störf í boði

MENNTASVIÐ – GRUNNSKÓLAR

Grunnskólakennarar

Fossvogsskóli, sími 568-0200

- Umsjónarkennari óskast vegna forfalla í 100% stöðu til kennslu í 2. bekk.

Hvassaleitisskóli, sími 570-8800

- Kennari í tæknimennt óskast frá og með 16. febrúar næstkomandi í 6 vikur. Kennir er 22 tíma á viku.
- Kennari óskast vegna fæðingarorlofs í 1. bekk í lok febrúar.

Korpusskóli, sími 411-7880

- Smíðakennari óskast í 50% stöðu vegna veikindaforfalla. Kennir er 3 daga í viku. Ráðning er til vors og staðan er laust strax.

Selásskóli, sími 567-2600

- Íþróttakennari óskast vegna forfalla.

Vesturbæjarskóli, sími 562-2296

- Kennari óskast í 100% stöðu á miðstigi.

Hæfniskröfur:

Kennarapróf
Hæfni í mannlegum samskiptum
Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Stuðningsfulltrúi

Háteigsskóli, sími 530-4300

- Stuðningsfulltrúar óskast á miðstigi, um er að ræða 50% stöðu annars vegar og 60% stöðu hins vegar. Störfin eru laus frá 1. mars.

Hæfniskröfur:

Nám stuðningsfulltrúa æskilegt
Hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla og áhugi á að vinna með börnum
Frumkvæði í starfi
Auðvelt með að vinna í hóp

Helstu verkefni:

- Að vera kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð
- Að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum

Skólaliði

Langholtsskóli, sími 553-3188

- Skólaliði óskast til aðstoðar í mótuneyti skólans. Um er að ræða tímabundna ráðningu í 2 mánuði. Vinnutími frá kl. 8-16, möguleiki á hlutastarfi eftir hádegi.

Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
Nákvæmni í vinnubrögðum

Helstu verkefni:

Að sinna nemendum í leik og starfi
Að sjá um daglegar ræstingar
Að sinna tilfallandi verkefnum

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.



Styrktarfélag vangefinna

Bjarkarás

Óskar eftir þroskajálfum, félagsliðum og stuðningsfulltrúum til starfa. Um er að ræða 100% stöður en hlutastörf koma til greina. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Bjarkarás er staðsettur í Stjörnugróf 9 og vinnutími er frá 8.30 til 16.30 virka daga. Um er að ræða störf á deild sem ætluð er einhverfum einstaklingum sem þurfa sértæka þjónustu. Starfsmönnum er boðin sérhæfð fræðsla og kennsla varðandi vinnubrögð. Skipulagður er tími til undirbúnings og ágæt starfsaðstaða er til staðar.

Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um til að gæta jafnvægs milli kynja í starfsmannahópnum og þar sem meirihluti þjónustuþega eru karlmenn.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Valgerður Unnarsdóttir í síma 568-5330.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum. Upplýsingar um Styrktarfélagið má nálgast á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Vélstjóri óskast á ísfisktogara.

Upplýsingar gefur Reynir í síma 843-4215.

Hárgreiðslustofan Hárið Engihjalla óskar eftir:

- Meistara eða svein
- Upplýsingar veita Sigrún eða Bára í síma 554 4645.



HÁRSNYRTISTOFA

Engihjalla 8 • 200 Kópavogur • 554 4645

Opíð 10 - 18 á mánudögum • 9.30 - 18 þri - föst • 10 - 14 Laugardaga



Stálsmiðir

Viljum ráða menn til starfa sem hafa þekkingu og getu til að smíða vandaða stálinnréttingar. Aðeins koma til greina fagmenn sem geta unnið sjálfstætt og sýna fagmennsku í vinnubrögðum og afköstum. Góð laun í boði fyrir rétta menn.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892-9466 eða 565-7799

Verkstjóri með reynslu

Óskum eftir að ráða ákveðinn einstakling til að stjórna byggingaframkvæmdum á tveimur litlum fjölbylishúsum í Njarðvík. Má gjarnan vera kominn á seinni hluta starfsævinnar. Leitað er eftir aðila sem er fylgin sér og getur látið hlutina ganga. Með honum yrðu 2-4 einstaklingar sem hann stýrir. Góð laun í boði.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „Verkstjóri 121“.



Verkamenn, vélamenn og bílstjórar óskast til starfa

Upplýsingar gefur Sólvi í síma 660-6100 eða 545-1805.

FRÍÐUR OG FEGURÐ VIÐ STRÖNDINA Á STOKKSEYRI

Ég hef fengið vilyrði fyrir lóð undir fjölbylishús á sérstökum og fögrum byggingareit við ströndina. Nú leita ég eftir áhugasömum þátttakendum til byggingar hús fyrir eldra fólk.

Þeir sem raunverulegan áhuga hefðu fyrir þátttöku leiti upplýsinga í síma 551-5678.

REYKJANESBÆR
Tarnvegur 11 • Pósthólfur 101 • Síma 511 4000
www.reykjanesbaer.is

**LAUSAR STÖÐUR
LEIKSKÓLINN HOLT**

Vegna fjölgunar barna í leikskólanum Holti eru þrjár 100% stöður lausar frá 1. mars nk.

Leikskólinn býr við þá sérstöðu að vera staðsettur í fögru umhverfi sem býður upp á afar skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur. Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistaruppeldi og eru elstu börnin staðsett í Akurskóla sem liggur að lóð leikskólans.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir leikskólustjóri, í síma 421 6100 og Helga Jóhanna Oddsdóttir starfspróunarstjóri í síma 421 6700.

Laun skv kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir berist starfsmannþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 27. febrúar nk. Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublað á upplýsingavef Reykjanesbæjar; reykjanesbaer.is.

Starfspróunarstjóri



Fræðsluvið www.reykjanesbaer.is

Verk- eða tæknifræðingur.

Óskað er eftir verk- eða tæknifræðingi til starfa á teiknistofu á Akureyri.

Um er að ræða gerð burðarþolsteikninga ásamt yfirferð teikninga. Góð laun og hlunnindi í boði. Í dag vinna hjá fyrirtækinu 6 manns og mun fyrirtækið flytja í nýtt húsnæði í byrjun apríl á þessu ári.

Upplýsingar gefnar í síma 861 6616 (Haraldur).

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli

Vegna forfalla er laus til umsóknar staða umsýjarkennara í ó. bekk.

Umsóknir berist til Marteins Más Jóhannssonar aðstoðarskólalastjóra í síma 595-9250.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Okkur vantar Grafískan teiknara

Við erum með auglýsingastofu og leitum að brosmildum grafískum teiknara sem getur unnið sjálfstætt og hefur reynslu af stóru stofunum. Þarf að hafa gott vald á Illustrator, Photoshop og eitthvað í InDesign.

Áhugasamir sendið umsóknir til afgreiðslu Fréttablaðsins Skaftahlíð 24 eða á box@frett.is merkt „grafískur - 121“.

Má bjóða þér að slást í hópinn?

Oliuverzlun Íslands hf. óskar eftir að ráða starfsfólk til þjónustu- og sölustarfa á þjónustustöðvar félagsins. Um er að ræða vaktavinnu á þrískiptum vöktum. Opnunartími stöðvanna er frá kl 8.30 á morgnana til 23.30 á kvöldin. Störfin henta bæði konum og körlum á öllum aldri en aldurslágmark er 18 ár.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Störf í boði hjá Olís

Starfsmenn til þjónustu- og sölustarfa utanhúss óskast á eftirtaldar stöðvar:

- Álfheimar
- Klöpp við Skúlagötu
- Sæbraut

Helstu verkefni eru þjónusta og sala á eldsneyti og öðrum þeim vörum er tengjast rekstri bílsins. Einnig þríf utanhúss og aðstoð við þríf, vöruafyllingar og sölu innanhúss eftir því sem þörf er á. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvís, reglusamur og heiðarlegur.

Vaktstjórar óskast á eftirtaldar stöðvar:

- Garðabær
- Sæbraut

Helstu verkefni vaktstjóra eru umsjón með daglegum störfum og verkstjórn annarra starfsmanna á vaktinni. Vaktstjóri aðstoðar viðskiptavinum við vöruval, veitir upplýsingar og leiðbeinir um vörunotkun. Hann leggur sig fram við að veita góða þjónustu og leysir vandamál varðandi þjónustu og/eða afgreiðslu, sem koma upp á vaktinni.

Vaktstjórar með áherslu á veitingasölu

- Gullinbrú

Helstu verkefni vaktstjóra eru umsjón með daglegum störfum og verkstjórn annarra starfsmanna á vaktinni. Vaktstjóri aðstoðar viðskiptavinum við vöruval, veitir upplýsingar og leiðbeinir um vörunotkun. Hann leggur sig fram við að veita góða þjónustu og leysir vandamál varðandi þjónustu og/eða afgreiðslu sem koma upp á vaktinni. Vaktstjóri ber ábyrgð á öllu er viðkemur matarsvæði, t.d. matargerð, þöntunum og þrífum og sér um allar ræstingar á matarsvæði. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvís, reglusamur og heiðarlegur. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af verslunarstörfum og hafi komið að matargerð.

Aðstoðarfólk í verslun

- Gullinbrú

Helstu verkefni eru þjónusta og sala í versluninni auk þess sem viðkomandi aðstoðar við vöruafyllingar og þríf innanhúss. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvís, reglusamur og heiðarlegur.

Allar umsóknir berist í tölvupósti til frida@olis.is auk þess sem hægt er að fylla út starfs-umsóknir á www.olis.is
Umsóknarfrestur rennur út 19. febrúar nk.



Oliuverzlun Íslands hf. hlaut á síðasta ári Íslensku ánægjuvögina í flokki smásöluverslana, auk viðurkenningarinnar „Fyrirmyndarfyrirtæki VR 2005“.



Oliuverzlun Íslands hf. • Sundagörðum 2 • 104 Reykjavík • Sími 515 1000 • Fax 515 1010 • www.olis.is

Hurðaruppsetningar og viðhald

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. leitar að starfsmönnum í hurðardeild fyrirtækisins. Um er að ræða uppsetningar á iðnaðar- og bílskúrshurðum ásamt viðhaldi og þjónustu. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður.

Umsóknir sendist á netfang hedinn@hedinn.is eða í pósti / faxi. Allar frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofutíma í síma 569-2100 og öllum umsóknum verður svarað.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með viðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkornustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mótuneyti er á staðnum.

A góðumjárnnum



HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Plötusmiðir / Járníðnaðarmenn


Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. leitar að járníðnaðarmönnum til framtíðarstarfa. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður. Viljum einnig bæta við okkur aðstoðarmönnum.

Umsóknir sendist á netfang hedinn@hedinn.is eða í pósti / faxi. Allar frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofutíma í síma 569-2100 og öllum umsóknum verður svarað.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með viðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkornustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mótuneyti er á staðnum.

A góðumjárnnum



HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Hugbúnaður hf.

er leiðandi fyrirtæki í gerð verslunarhugbúnaðar, með tugþúsundir kerfa í gangi hér á landi og erlendis.

Starf í þjónustudeild

Hugbúnaður hf. er nú að leita að auknum starfskrafti í þjónustudeild. Starfið felur í sér þjónustu við notendur og uppsetningar á hugbúnaði og vélbúnaði bæði innanlands og erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Skilningur á SQL gagnagrunnum
- Íslensku- og enskukunnátta
- Háskólamenntun æskileg en ekki nauðsynleg

Áhugasamir sendi póst með öllum helstu upplýsingum ásamt ferilskrá á atvinna@hbi.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2006. Við munum leitast við að svara öllum umsóknum.



365

Óskum eftir jákvæðum og hressum starfskrafti í þjónustuver okkar í fullt starf.

Starfið felst að mestu í sölu á smáauglýsingum í Fréttablaðið og DV en þjónustuverið sér einnig um skiptiborð og móttöku

Umsóknir berist á smaar@frett.is merkt „þjónustuver06“ fyrir 17. febrúar 2006.



Frá leikskólum Kópavogs

Í Kópavogi eru starfræktir 16 leikskólar og starfa þeir samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Hver leikskóli hefur sína eigin námskrá þar sem farið er nánar út í áhersluatriði hvers leikskóla. Eftirfarandi störf, heilsudags- og hlutastörf eru í boði við leikskólana:

- **Dalur:** Leikskólakennara, matráð, starfsmann í eldhús og kennara í listaskála
- **Núpur:** Leikskólakennara
- **Álfatún:** Deildarstjóra, sérkennslustjóra, leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara, einnig er laust starf vegna ræstinga
- **Grænatún:** Leikskólakennara
- **Kópasteinn:** Leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara
- **Smárahvammur:** Leikskólasérkennara
- **Rjúpnahæð:** Leikskólakennara
- **Fífusalir:** Deildarstjóra, leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara
- **Fagrabrekka:** Sérkennslustjóra
- **Marbakk:** Aðstoð í eldhús

Upplýsingar veita leikskólastjórar í viðkomandi skólum.

Áhugasömum er bent á að fara inn á heimasíðu Kópavogs www.kopavogur.is en undir "leikskólar" er að finna nánari upplýsingar um hvern leikskóla fyrir sig.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á job.is

Fáist ekki leikskólakennarar í störfin verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinendur.

Laun samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.



Ferðaþjónusta

Okkur vantar starfskraft á skrifstofu til að annast móttöku á erlendum ferðahópum. Viðkomandi verður að hafa gott vald á ensku og þýsku og reynslu af sambærilegum stöfum æskileg. Vinsamlegast sendið umsóknir á snaeland@snaeland.is fyrir 17.02.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf / hlutastarf

NTC HEILDSALA

Upplýsingar veitir:
Hilda s. 512 1717 / 820 1709

NTC hf. Laugavegi 91



ESS (Eurest Support Service) er alþjóðlegt fyrirtæki og hluti af Compass Group samsteypunni sem sérhæfir sig í rekstri mótuneyta og matarþjónustu. Fyrirtækið starfar í 90 löndum og hjá því vinna um 400.000 manns um heim allan. Á Norðurlöndum vinna um 10.000 manns hjá ESS. Fyrirtækið sér um daglegan rekstur í starfsmannaþorpi Fjarðaáls sem er í næsta nágrenni við Reyðarfjörð. Þar munu búa allt 1.500 manns á meðan verið er að reisa álverið Fjarðaál.

Er starf í Starfsmannaþorpinu á Reyðarfirði eitthvað fyrir þig?

Viðgerðir, þríf, aðstoð í eldhúsi, lagerstjóri og störf í gestamóttöku:

Okkur vantar starfsfólk í hlutastörf og fulla vinnu til að:

- Sjá um þríf í eldhúsi, svefnskálum og á vinnusvæði
- Elda mat (matsveinar, kokkar)
- Aðstoða í eldhúsi

Við gerum þær kröfur til starfsmanna að þeir hafi gott viðmót og mikla þjónustulund ásamt haldgöðri starfsreynslu.

Starfsemi er stjórnad af Íslendingum og Norðmönnum. Í boði er góður vinnustaður og gott starfsumhverfi hjá virtu fyrirtæki.

Vinnutími er mismunandi eftir störfum og samið er um hann í atvinnuviðtali.

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur R. Gíslason í síma 470 7643 & 899 2321 milli 10:00-16:00 alla virka daga.

Áhugasamir sendi umsókn til:

Ráðningastofunnar
Búðareyri 25
730 Reyðarfirði

Á skrifstofunni er hægt að fá umsóknareyðublöð sem og á heimasíðu Bechtel, www.fjarmaalproject.is



Barnaverndarstofa

Staða ritara við Barnahús

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu ritara við Barnahús en Barnahús hefur með höndum þjónustu við börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Um er að ræða fullt starf. Í starfinu felst m.a. símsvörun, reikningaskrif, móttaka og skráning tilvísana, skráning upplýsinga í gagnagrunn, ráðgjöf við barnaverndarnefndir og aðra auk þátttöku í fræðslu um starfssemina. Þekking á starfi barnaverndarnefnda er æskileg. Kostur er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Barnahúss í síma 530 2500.

Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21 og er umsóknarfrestur til og með 27. febrúar.

P E R L A i n v e s t m e n t s

ÞÍN UPPLIFUN

ÞINN LÍFSTÍLL

Perla Investments s.l. er ört vaxandi spænsk fasteignasala í eigu Íslendinga og spænsks fjárfestingafélags. Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða fólk í eftirtalin störf:

- **Söludeild Perla Investments:**
Sölumaður í fasteignadeild, Menntun á sviði viðskipta og /eða reynsla af fasteignasölu nauðsynleg.
- **Leigu- og ferðapjónusta Perla Holidays:**
Skrifstofustjóri, Viðkomandi þarf að hafa menntun og / eða góða reynslu af ferða- eða markaðsmálum.
- **Þjónustudeild:**
Áhersla er lögð á góða þjónustulund og tungumálakunnáttu.

Hæfniskröfur í öll störf:
Tungumál: Haldbær kunnáttu bæði í rituðu og töluðu máli í íslensku og ensku, spænskukunnáttu er mikill plús. Einnig er kunnáttu í einhverju norðurlandamálanna góður kostur. Almenn tölvukunnáttu, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, samvirkusemi og skipulagni nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa lifandi og skemmtilega framkomu, vera heiðarlegir, jákvæðir og með ríka þjónustulund. Nauðsynlegt er að viðkomandi séu reidubúnir að ganga í öll nauðsynleg störf og geti byrjað sem fyrst.

Í boði: Eru skemmtileg, lifandi og fjölbreytt störf hjá rótgróinni, ört vaxandi spænskri fasteignasölu með höfuðstöðvar á Costa Blanca ströndinni.

Umsóknir ásamt ferilskrá og fyrirspurnir óskast sendar til Elinar á admin@perlainvest.com merktar því starfi sem um ræðir. Öllum bréfum verður svarað.

ÞÍN FASTEIGNASALA Á SPÁNI

www.perlainvest.com

Viltu vinna með okkur?

Sveigjanlegur vinnutími!

Erum að ráða hresst fólk í eldhús og afgreiðslu í heil-, hálf- og hlutastörf

Hvar hentar þér best að vinna?

Mosfellsbær, Faxafen, Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær eða Selfoss?

Við viljum aðeins skemmtilegt og hresst fólk til starfa. Umsóknir liggja frammi á öllum KFC stöðunum okkar. Einnig laus störf hjá Taco Bell á Keflavíkurlflugvelli*.

-skemmtilegur vinnustaður!

hausverk / SÍA



*Aldurstakmark 18 ára og eldri á Taco Bell.

Vélvirkjar/Vélstjórar


Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Héðinn hf. leitar að vélvirkjum og vélstjórum til framtíðarstarfa. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður. Getum bætt við nemum í Vélvirkjun.

Umsóknir sendist á netfang hedinn@hedinn.is eða í pósti / faxi. Allar frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofutíma í síma 569-2100 og öllum umsóknum verður svarað.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með viðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemi er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mótuneyti er á staðnum.

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Landslagsarkitekt

Áhugaverð störf í boði

Umhverfissvið Reykjavíkur óskar eftir að ráða landslagsarkitekt til afleysinga í eitt ár.

Starfs- og ábyrgðarsvið

Starf landslagsarkitekts á Umhverfissviði felst m.a. í hönnun útivistarsvæða og samskiptum vegna framkvæmda, gerð umsagna og ráðlegginga varðandi útivistarsvæði. Starfið heyrir undir Skrifstofu náttúru og útivistar.

Hæfniskröfur

- Reynsla af hönnun útivistarsvæða, þ.m.t. leik- og dvalarsvæði

- Kunnáttu í notkun teikniforrita
- Reynsla úr garðyrkju, garðyrkjuskólamenntun er æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagning í starfi.
- Samstarfshæfni, eiga auðvelt með að tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Hæfileiki til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri í síma 411 8500.

Umsóknir skulu berast til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, 101 Reykjavík eigi síðar en 20. feb. 2006.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá síma 411 8500, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar er eitt af sjö fagsviðum Reykjavíkurborgar og samanstendur af skrifstofum Neyslu og úrgangs, Náttúru og útivist, Staðardagskrár 21, Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, sem skiptist í þrjár deildir: Hollustuhætti, Mengunarvarnir og Matvælaeftirlit auk hundaeftirlits. Veffangid er www.umhverfissvid.is.

Rekstraraðili á Húsavík

Oliufélagið ehf. leitar eftir rekstraraðila til að taka að sér rekstur þjónustustöðvar félagsins á Húsavík. Gott tækifæri fyrir samhent og kraftmikil hjón sem vilja reka sjálfstæða starfsemi samhliða rekstri félagsins.

Verksvið:

- Ábyrgð með rekstri bensínafgreiðslu á Húsavík
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Umsjón með sjálfisala
- Uppgjör og önnur tengd störf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunar- eða veitingarekstri
- Almenn tölvuþekking
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði
- Frumkvæði
- Þjónustulund

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsóknir berast fyrir 1. mars nk. merkt: Oliufélagið ehf. - bt. Ingólfur Steingrímssonar, Suðurlandsbraut 18 - 108 Reykjavík

Oliufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólk og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavinarins að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi. Nánari upplýsingar um ESSO á www.esso.is.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bókasafn Kópavogs:

- Deildarstjóri þjónustudeildar

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Störf við liðveislu

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Laugar/baðvarsla karla 100% starf
- Baðvarsla kvenna 100% starf
- Baðvarsla karla 85% starf

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Gangavörður/ræstir

Hjallaskóli:

- Danskennari
- Skólaliði

Kársnesskóli:

- Gangavörður/ræstir 50% starf

Kársnesskóli íþróttahús:

- Baðvarsla stúlkna

Kópavogsskóli:

- Íþróttakennari

Snælandsskóli:

- Matráður 100%

Vatnsendaskóli:

- Kennari alm. 50%

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is

og www.job.is

Framtíðarstarf

Vegna aukinna umsvifa vantar starfsmann í tímursölu Húsasmiðjunnar á Egilsstöðum.

Hæfniskröfur.

- Rík þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Búa yfir heiðarleika og samvirkusemi.
- Þekking á byggingavörum er kostur en ekki skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist fyrir 1. mars n.k. til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, guðrunk@husa.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is Nánari upplýsingar hjá Þorsteini Óla Sveinssyni rekstrarstjóra sími 6603066 thorsts@husa.is

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru alþjálf talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuættar starfsmanna.

Velkomin
í hópinn!



HÚSAMÍDJAN
...ekkert mál



RE/MAX

Fasteignablað

61. tölublað • 4. árgangur • 12. febrúar 2006



RE/MAX®
BORG


Suðurhlíð 35

105 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 13:00 – 13:30

Verð: 43.500.000

Stærð: 134,3 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1957
Brunabótamat: 14,6 millj.


Einbýlishús á stórrí og gróðursællni 1.298,3m² lóð (byggingarlóð), í Hlíðunum. Húsið er 4ra til 5 herbergja á einni hæð úr timbri, mjög vel staðsett í Suðurhlíðum Rvk., rétt við Óskjuhlöina og Nauthólsvíkina. Eldhús m/borðkrók. Baðherbergi með baðkari. Góð stofa, þar sem opið er inn í rúmgóða sólstofu. Útgengt er úr sólstofu út á verönd, í fallega ræktaðan garð. Húsið þarfnast gagngerra lagf. Sveit í borg í Suðurhlíðum Rvk.!



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Eggert
Sölufrúri
893 1819
eggert@remax.is



RE/MAX®
BORG

Rjúpnasalir 14

201 Kópavogur
Opið hús í dag kl. 14:00 – 14:30

Verð: 29.600.000

Stærð: 128,9 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 17,3 millj.

Glæsileg 128,9 m² íbúð á jarðh., í vönduðu ákkl. fjölþyli, m/stórri verönd, í Salahlv. Forstofa m/fataskáp. Gott miðrymi, opið inn í önnur herb. Úr stofu er útgengt á verönd í garðinum. Eldhús með borðkrók og þvottahús inn af því. Í baðherb. er hornbaðkar m/nuddi/sturtu. Þrjú svefnherb. Vandabár innréttingar. Sjónvarpsdyrasími í íbúð. Leiktæki á lóð. Stutt í alla þjónustu og útivistarsv. í nág.



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Eggert
Sölufrúri
893 1819
eggert@remax.is



RE/MAX®
BORG

Vesturberg 124

111 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 15:00 – 15:30

Verð: 38.900.000

Stærð: 254 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 23,7 millj.

Parhús, 254 m². Par af 3ja herb. íbúð í kjallara, m/sérinngangi, í útleigu. Forstofa m/fataskáp, og þar inn af gestasnyrtng. Hollið er bjart og hátt til lofts. Eldhús m/nýlegri eldhúsinnr. og borðkrók. Þvottaherbergi, búr og geymsla inn af eldhúsi. Baðherbergi m/baðkarj og sturtu. Útgengt er úr stofu út á verönd í garðinum. Þrjú svefnherb. á hæðinni. Í kjallara er rúmg. herb. og geymsla, auk 3ja herb. íbúðar.



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Eggert
Sölufrúri
893 1819
eggert@remax.is



RE/MAX®
BORG


Berjarimi 11

112 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 16:00 – 16:30

Verð: 17.300.000

Stærð: 80,7 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 11,2 millj.


Falleg og rúmgóð 2ja herb. útsýnisíbúð á efstu hæð í 6 íbúða fjölþylishúsi. Gengið er inn í forstofu og þaðan inn í opið miðrymi m/fataskáp. Stofa með stórfenglegu útsýni yfir borgina og höfnina. Í eldhúsi eldaveil á eyju og borðkrókur, þaðan sem einnig er gott útsýni. Gengið út á svalir frá stofu og eldhúsi. Í baðherbergi er baðkar m/sturtu og tengi fyrir þvottav. Svefnherb. m/fatask. Stutt í alla þjónustu.



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Eggert
Sölufrúri
893 1819
eggert@remax.is



RE/MAX®
BORG

Gagnheiði 69 og 71

800 Selfoss


Verð: 9.900.000

Stærð: 89,9 fm
Byggingarár: 2006

RE/MAX kynnir: Hentugar stærðir af bilum í iðnaðarhúsi sem er í byggingu á Selfossi. Góð stálgrindahús sem skilast í júní 2006. Möguleiki er á 31-32fm milli lofti í hverju bili. Öll bilin verða einnig með 4x4m innkeyrsluhurð og gönguhurðum að framan og aftanverðu. Verð á endabilum sem eru 92,8fm er 10,7m.kr.



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Hjalti
Sölufrúri
899 1717
hjalti@remax.is



RE/MAX®
BORG

Lyngdalur

190 Vogar
GLÆSILEGT PARHÚS Í VOGUNUM


Verð: 21.900.000

Stærð: 170,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Bílskúr: Já

RE/MAX kynnir: Mjög skemmtilegt parhús alls 170,5 fm með bílskúr. Húsið skilast fohkelt frá seljanda. Gert er ráð fyrir 3-4 svefnherbergjum samkvæmt teikningu. Húsið verður staðsteypt, einangrað að utan og klætt með bárujárnri og jatóbavið. Pak verður einangrað, klætt pappa og aluzink bárujárnri í ál-lit. Lóð verður tyrð án trjágróðurs, girðinga og sólpalla. Hellulagt bílaplan. Bílskúr innfallinn í fermetra fjölda eignar



Elfa Lija
Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali



Hjalti
Sölufrúri
899 1717
hjalti@remax.is



Básbryggja 13

110 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 14:00 -14:30

Verð: 32.700.000

Stærð: 148,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1999
Brunabótamat: 20,2 millj.

Einstaklega falleg Penthouse íbúð í Bryggjuhverfinu

Um er að ræða einstaklega fallega og bjarta 5 herbergja Penthouse íbúð í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi. Komið er inn í anddyri með flísum á gólfi. Á hæðinni eru þrjú góð herbergi öll með skápum, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, hvítri innréttingu, flísalagt. Falleg innrétting í eldhúsi sem liggur samhliða borðstofu og stofu. Mikil lofthæð er í íbúðinni sem gefur henni mikinn sjarma. Útg. út á svalir úr stofu. Úr stofu liggur stigi upp á efri hæðina sem er rúmgóð og í dag nýtt sem sjónvarpsaðstaða. Geymla undir súð á efri hæð. Falleg eign sem vert er að skoða.

RE/MAX®

BORG

Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg.fasteignasali



Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



RE/MAX®

BORG



Hamraberg 14

111 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 15:30 -16:00

Verð: 32.900.000

Stærð: 133,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1981
Brunabótamat: 17,2 millj.

Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg.fasteignasali



Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is




Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Falleg eign á góðum stað. Um er að ræða einkar gott 4ra herbergja parhús á góðum stað í Breiðholti. Komið er inn í anddyri, kókosteppi á gólfi. Inn af anddyri er þvottahús. Gengið úr anddyri inn í stofu og borðstofu en þaðan er útg. út í garð. Á hæðinni er einnig eldhús með fallegri eikar innréttingu, flísar á gólfi. Gestasalerni á hæðinni. Úr stofu liggur stigi upp á efri hæðina, þar er komið upp á gang með 3 svefnherbergjum og er eitt þeirra nýtt sem sjónvarpsherbergi í dag. Á hæðinni er einnig einstaklega fallegt og rúmgott baðherbergi, hannað af arkitekt. En þar er hornbaðkar, stór sturtuklefi og mjög góð innrétting, baðherbergi er flísalagt með fallegum ljósum Mosaik flísum. Geymsluoft er yfir öllu húsinu. Eignin er mikið endurnýjuð á fallegan máta.

RE/MAX®

BORG



Huldubraut 27

200 Kópavogur

Opið hús í dag kl. 17:00 – 17:30

Verð: 24.600.000

Stærð: 86,2 íbúð 18,6 bílskur samtals 104,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1981
Brunabótamat: 13,9 millj.
Bílskur: Já

Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg.fasteignasali



Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Falleg eign á góðum stað í Kópavogi. Um er að ræða 4ra herbergja íbúð á sjarmerandi stað við Huldubraut í Kópavogi. Eignin skiptist í , Þrjú svefnherbergi, rúmgóða og bjarta stofu en þaðan er útgengt út í garð með stórum palli. Eldhús með fallegri hvítri innréttingu, þvottahús sem er inn af eldhúsi og baðherbergi með baðkari, flísalagt hólfi og gólf með hvítum flísum, hiti í gólfi. Parket á öllu að undanskildu baði, þvottahúsi og eldhúsi sem er flísalagt.



RE/MAX BORG

Borgarvegur 23
260 Reykjanesbæ
Opið hús í dag kl. 16:00 -17:00

Verð: 27.900.000
Stærð: 190 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1981
Brunabótamat: 22,7 millj.
Bílskúr: Já

Ella Lilla Sigursteinsdóttir
löggr.fasteignasali

Einar Sölufulltrúi
663 1818
einar@remax.is

Brynjar Sölufulltrúi
696 8875
brynjar@remax.is

Fallegt 190m² einbýlishús, með 5 svefnherbergi, í Reykjanesbæ. Góð eign á mjög barnvænum og rólegum stað. Eignin skiptist í anddyri, baðherbergi, sjónvarpshol, 5 svefnherbergi, eldhús, stofu, þvottahús, búr og bílskúr. Heitur pottur er á skjólgóðri verönd. Eignin býður upp á mikla möguleika og getur verið laus fljótlega.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Safamýri 36
108 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 14:00 – 14:30

Verð: 18.900.000
Stærð: 92,6 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 11,0 millj.

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Hörður Sölufulltrúi
899 5209
hordur@remax.is

Guðrún Sölufulltrúi
697 3629
gudrun@remax.is

3JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ FALLEGUR ÚTSÝNI Í VELVIÐHÖLDNU HÚSI AÐ SAFAMÝRI Í REYKJAVÍK Nánari lýsing: Íbúðin er á fjórðu hæð. Gengið er inn í alými með skáp fyrir yfirhafnir // Eldhús með sprautuákaðri upprunalegri innréttingu og borðkrók // Rúmgóð og björt stofa með útsynisgluggum. Gengið er út á svalir frá stofu // Barnaherbergi með parketi á gólf // Svefnherbergi með góðum fataskáp, gengið er út á minni svalir frá svefnherbergi // Baðherbergi er með flisum á gólf, hvítri innréttingu, sturtuklefa og opanlegu fagi // Geymsla er í kjallara // Snyrtileg sameign //

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Engihjalli 1
200 Kópavogur
Opið hús í dag kl. 14.30 – 15.00

Verð: 16.900.000
Stærð: 90 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 12,3 millj.

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Ingibjörg Sölufulltrúi
699 4420
ingibjorg@remax.is

Mjög falleg og mikið endurnýjuð íbúð á 6. hæð í góðri lyftublokk. Íbúðin er mjög falleg með mjög góðu útsyni þar sem íbúðin hefur tvær svalir. Gengið er inn í hol sem er stórt með góðu skáppaplássi. Baðherbergi er ný uppgert allt flisalagt, með baðkari og góðri innréttingu. Stofan er stór og björt, með útgengi út á svalir. Búð er að opna eldhúsið og gera það allt upp, nýleg innrétting, góður borðkrókur, nýlegur háfur og náttúrusteinn á gólf. Herbergi eru stór og góð, með góðu skáppaplássi og útgengi út á svalir í öðru... Íbúð fylgir sameiginlegt þvottahús á sömu hæð með tveimur öðrum íbúðum.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Suðurgata 10
190 Vogunum
Fallegt hús á góðum stað í Vogunum með bílskúr

Verð: 32.900.000
Stærð: 164 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 26,8 millj.
Bílskúr: 50 fm

Rúnar S. Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Kristín Hafdis Sölufulltrúi
822 4997
kristinhafdis@remax.is

Góð verönd og fallegur garður. Viðbygging síðan 2001. Bílskúr síðan 1999. Komíð er inn í flisalagða forstofu með skáp. Eldhús er rúmgott með góðri ljósi innréttingu. Baðherbergi með baðkari, góðri innréttingu, flisar á gólf. Stofan er rúmgóð með plastparketi á gólf. Svefnherbergisgangur er með tveimur barnaherbergjum og góðu hjónaherbergi með fallegum skáp og parket á gólf. Eign sem vert er að skoða.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Lyngás
210 Garðabær
Tvær íbúðir

Verð: 27.900.000
Stærð: 141,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 19,3 millj.

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Páll Sölufulltrúi
690 4994
pall@remax.is

Tvær íbúðir á jarðhæð. Lausar við kaupsamning. Stærri íbúðin 101,4 fm. Komíð inn í hol með góðum fataskáp. Rúmg. svefnherbergi með góðum skáp. Tvö rúm, barnaherbergi. Á herbergjum er fallegt ljóst plastparket. Stór stofa/borðstofa, parket á gólf. Eldhús með ljósi innréttingu, borðkrókur. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað, skipt um tæki og flisalagt. Sér geymsla og þvottahús er í sameign. Minni íbúðin (ósambýkt) 40,2 fm. Komíð inn á flisalagðan gang með fatahengi, baðherb. með sturtu, tengt fyrir þvottavél. Ágætt svefnherbergi. Rúmgóð stofa með eldhúskrök, parket á gólf.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Nátthagi
Sandgerði
Fallegt sumarhús á tveimur hæðum

Verð: 7.500.000
Stærð: 60 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 2005

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Páll Sölufulltrúi
690 4994
pall@remax.is

Fallegt, um 60 fm sumarhús á tveimur hæðum (95 fm Gólfliður) auk 23 fm verandar á efri hæð sem hægt er að loka með gleri og stækka þar með húsið sem því nemur. Húsið stendur á steypum sökkli. Húsið er í byggingu og verður selt í núverandi ástandi. Gólf er lokað, þak er fullklárað, gler er komið í ásamt hurðum. Eftir er að einangra. Rotþrö er tilbúin. Húsið er á reit 16 í frístundasvæði í landi Þróðsstaða í Sandgerðisbæ, mitt á milli Sandgerðis og Garðs.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Selvogsgata 15
220 Hafnarfjörður
Snyrtilega og björt íbúð

Verð: 12.700.000
Stærð: 58,2 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1934
Brunabótamat: 7,5 millj.

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Lóa Sölufulltrúi
696 8733
loa@remax.is

Staðsetning og ástand: Snyrtilega og björt íbúð á 2 hæð á besta stað í Hafnarfirði rétt við Flensborg. Eldhús með hvítri innréttingu. Baðherbergi flisalagt í hól og gólf. Ágætt stofa og rúmgott svefnherbergi. Í sameign sem er með séringangri er 14 fm herbergi sem hægt að að nýta til útleigu. Gott þvottahús í sameign. Hús í góðu ástandi.

RE/MAX STJARNAN
517 3629

Yrsufell 12
111 Breiðholt
Hús með mikla möguleika

Verð: 32.900.000
Stærð: 141 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 20,3 millj.
Bílskúr: 21,6 fm

Rúnar S Gíslason hdl.
löggr.fasteignasali

Lóa Sölufulltrúi
696 8733
loa@remax.is

Staðsetning og ástand: Gott radhús á góðum stað í Fellahverfinu ásamt bílskúr. Steniklætt hús, heitur pottur í garði og gufubað í kjallara. Aðal hæð 141,2 fm. Forstofa með flisum og fatahengi. Þrjú ágætt barnaherbergi og rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Tvö baðherbergi. Þvottahús. Stórt eldhús með borðkrök. Stofa / borðstofa með útgengi út í góðan suður garð sem er með heitum potti. Úr stofu er stigi upp í sjónvarpsrými sem er 20 fm. og er ekki inni í fm.tölu. Kjallari 60 fm. Svefnherbergi, alými, gufubað, sturta og góð geymsla. Kjallarinn er ekki inni í fm.tölu. Hús með mikla möguleika.






RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Lágholt 7
270 Mosfellsbær
Opíð hús í dag kl. 14:00 -14:30

Verð: 39.700.000
Stærð: 206 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1966
Brunabótamat: 22,6 millj.
Bílskúr: 50 fm

Rúmgott einbýlishús á einni hæð með stórum 50 fm. bílskúr, stórum grónum garði með glæsilegu tréhúsi fyrir börnin. Húsið er steipt með álklaðningu. 5 svefnherbergi, stór rúmgöð stofa, endurnýjað eldhús með þvottahúsi innan. Baðherbergi er einnig nýlega endurnýjað. Skemmtileg eign í botnlanga þar sem stutt er í alla þjónustu.





RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Berjarimi 26
112 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 15:30 -16:00

Verð: 18.900.000
Stærð: 74,3 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 9,7 millj.

Sérlega glæsileg íbúð á 2.hæð með sérinnangi og uppithúðu bílskýli. Eldhús með fallegri ljósi innréttingu glerkápum og stáltækjum. Baðherbergi er mjög vandað, flísalagt í hólf og gólf með baðkari. Stofa og borðstofa eru samliggjandi, parket á gólfum og hátt til lofts. Flott eign sem vert er að skoða.





RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Vallarhús 65
105 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 15:00 -15:30

Verð: 29.900.000
Stærð: 125,4 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1990
Brunabótamat: 17,7 millj.

Sérlega vel staðsett 4-5 herb. raðhús á tveimur hæðum með suðurgarði og engri byggð fyrir aftan hús. Eldhús með hvítri innréttingu, límrésborðplötu og stálpötum milli efri og neðri skápa, dökkar flísar á gólf. Stofa og borðstofa parketlagt. Snyrtileg eign í Grafarvogi þar sem stutt er í alla þjónustu.





RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Hraunbær 196
111 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 16:00 -16:30

Verð: 14.900.000
Stærð: 82,9 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1967
Brunabótamat: 10,6 millj.

Mjög rúmgöð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Flísalagt hol, eldhús með eldri innréttingu, stofa með plastparketi og útgengt á svalir. Gangur með baðherbergi og svefnherbergi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél. Svefnherbergi er með innbyggðum skápum.





RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Flétturimi 31
112 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 16:00 -16:30

Verð: 16.900.000
Stærð: 67,3 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 8,7 millj.

Falleg 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði. Snyrtilegt eldhús með hvítri /beyki innréttingu, flísum á milli skápa, nýleg eldavél. Baðherbergi með innréttingu og baðkari. Stofa með plastparketi á gólf og útgengi í garð með frábæru útsýni yfir borgina. Góð eign á rólegum stað í enda botnlanga, stutt í alla þjónustu.





RE/MAX®
MJÓDD

Jónas Órn Jónasson hdl.
lsgg.fasteignasali
520 9550

Hafdis Sölufrútrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufrútrúi
863 0402
asdis@remax.is

Hraunbær 102b
110 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 16:30 -17:00

Verð: 17.500.000
Stærð: 97,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 11,7 millj.

Góð 4ra herbergja íbúð á 3 hæð (efstu). Eldhús með upprunalegri innréttingu, efri og neðri skápar, t.f. uppþvottavél, nýjar flísar á gólf. Þvottahús innan eldhúsi. Þrjú svefnherbergi öll parketlögð, tvö þeirra eru með skápum. Stofa er parketlögð. Baðherbergi með dúk á gólf, flísar á vegg, innrétting við vask, baðkar. Aðgangur að lokuðu bílskýli.





RE/MAX®
MJÓDD

3ja herbergja íbúð óskast á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 869 1256.

Ungt reglusamt par óskar eftir rúmgóðu herbergi eða líttli stúdíóíbúð. Helst sem næst Fjölbraut í Breiðholti. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 845 6923.

Geymsluhúsnæði



Lagertjald til sölu

Lagertjald 10m breið 15m langt. 150m² 3,50m vegghæð. Tjaldid eru nýtt og tilbúð til uppsetningar. Við eigum 2 slík tjöld sem hægt er að tengja saman. Getum útvegað fl. stærðir af sterkum tjöldum sem geta staðið allf. árið.



Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Ert þú á aldrinum 40-60 ára?

Vantar þig aukatekjur? Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki? Viltu ferðast til spennandi landa? Okkur vantar konur í vinnu! **Hafðu samband við okkur! Lilja Dóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri** **Volare s. 8657036 lilja-hjoll@sinnet.is** **Eydís Davíðsdóttir sölu og markaðsfulltrúi** **Volare s. 8695226 eydis@tpostur.is** **www.volare.is**

Leikskólinn Ösp, lðufelli 16, 111 Rvk.

Leikskólinn Ösp óskar eftir leikskólakennara í deildarstjórastöðu og leikskólakennurum/leiðbeinendum sem fyrst. Einnig vantar aðstoðamanneskju í eldhús 50% starf.

Upplýsingar gefur leikskólástjóri í síma 557 6989 & 849 5642 Svanhildur.

Fjarðarbakari Hafnarfirði

Óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tviskiptar vaktir í boði. **Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

"Stelpurnar"

Við leitum að aukaleikurum í sjónvarpsþáttinn "Stelpurnar" á öllum aldri. Einnig leitum við út fólki sem er tilbúið að leigja út íbúð með húsgögnum í einn dag. **Áhugasamir sendið inn svar á lindav@sagafilm.is helst með mynd og upplýsingum um umsækjendur.**

Fjölbreytt verslunarstarf

Áreiðanlegur og duglegur starfskraftur óskast í fjölbreytt starf í fataverslun í Rvk. Um er að ræða 100% starf.

Svör berist Fréttabl. merkt "verslunarstarf". f. 17/02/06 eða á smaar@frettabladid.is.

Hjólbarðapjónustan Lág-múla 9.

Óskum eftir að ráða vant fólk í hjólbarðadeildina okkar í Lág múla 9.

Upplýsingar í síma. 5333 999.



Afgreiðsla í líkamsrækt

Orkuverid líkamsrækt í Egilshöll óskar eftir starfskrafti í afgreiðslustörf, um er að ræða allt að 100% hlutfall í vaktavinnu, getum einnig bætt við okkur kennara Les Mills réttindi er kostur. Áhugasamir hafi samband á georg@orkuverid.is.

Skólafólk athugið.

Erum að leita að hressu og drífandi starfsfólki til að vinna um helgar og hugsanlega eitthvað seinnipart dags.

Allar nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri allra virka daga milli kl. 10-12. Verslunin Rúm Gott. Smíðjuvegi 2 s. 544 2121.

Óska eftir flokkstjóra til malbikunarframkvæmda. Loftorka Reykjavík Upplýsingar í síma 565 0877 & 892 0525

Sumarhúsalóðir við Sogið

Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgaræs á besta stað í Grímsnesinu.

Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786

Eðalverk ehf óskar eftir vönum véla-mönnum og verkamönnum. Uppl. hjá Stefáni í s. 661 2277.

Bón og þvottur

Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bilkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Dekkjaverkstæði

Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bilkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni

Blikksmiðjan Vik ehf. í Kópavogi óskar eftir að ráða blikksmið og aðstoðar mann sem fyrst. Upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 557 1580.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða vélgæslumenn til framtíðarstarfa í framleiðsludeild fyrirtækisins. Um er að ræða störf bæði í dagvinnu og vaktavinnu. Áhugasamir sendi greinagóðar upplýsingar á egils.is merkt "vélgæslu-maður" fyrir 17. febrúar n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Vanir menn óskast í byggingavinnu. Ás-hamar ehf Hveragerði. Uppl. í síma 899 1529 & 896 4067.

Árbæjarbakari.

Starfsfólk óskast í afgreiðslu virka daga. Vinnutími frá 13-18.30. Einnig vantar aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 869 0414 og á staðnum.

Bilstjóri óskast. Við leitum að bilstjóra á sendibílfreið okkar. Þarf ekki meirapróf. Tilvalið fyrir eldri mann. Upplýsingar í síma 550 9800.

sportarinn.is Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. hjá Sóley í s. 899 3540.

Trésmiður á eftirlaunaaldri

Þarf að vera þaulvanur vinnu á trésmiðaverkstæði, hlutastarf eða fullt starf. Uppl. í s. 895 8763.

Starfskraftur óskast í lagnavinnu, yfirborðsfrágang, smíðar og fl. Uppl. í s. 895 8763.

Sensation Ísland óskar eftir söluþólki um allt land. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Elisabet í síma 696 5750 eftir kl. 17.00.

Bakari-afgreiðsla

Óskum eftir duglegum starfskrafti í afgreiðslu nú þegar. Framtíðarvinna. Upplýsingar í síma 897 7140, Björg.

Atvinna óskast

Ung kona óskar eftir að þrifa í heimahúsum. Er dugleg og vandvirk. S. 866 4237.

Bífvélavirki óskar eftir aukaverkefnum eftir kl.17 á virkum dögum og um helgar. Tekur allt til greina. Uppl. í síma 863 6346.

Ertu í breytingum? Vantar þig smíð? Get tekid að mér ýmis verkefni. S. 694 9414.

Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld. Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skípholti 33.



Post- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útbúð á blöðum um og pósti um helgar milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 1
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

| Laus hverfi - Dreifing um helgar | | |
|----------------------------------|--|---|
| 101-35 | Hofsvallagata Hringbraut | 107-35 Einimelur Neshagi |
| 101-39 | Bjarkargata Hringbraut Suðurgata Tjarnargata | 107-36 Fornhagi Hjarðarhagi |
| 101-50 | Vesturgata | 107-38 Kaplaskjólsvetur |
| 101-61 | Fossagata Skerplugata Þjórarsargata | 107-40 Fjörugrandi Keilugrandi |
| 101-77 | Bræðraborgarstígur Túngata | 107-42 Flyðrugrandi |
| 101-83 | Sólvallagata | 108-06 Grensásvegur Heiðargerði Hvammgerði |
| 104-02 | Brúnavegur Dyngjuvegur Kleifarvegur Vesturbrún | 108-10 Furugerði Hlyngerði Seljugerði Viðjugerði |
| 104-26 | Dalbraut Selvogsgrunn Sporðagrunn | 108-11 Breiðagerði Búðargerði Steinagerði Teigagerði |
| 105-03 | Karlagata Skarphéðinsgata | 108-21 Bäsendi Garðsendi Tunguvegur Ásendi |
| 105-21 | Miklabraut | 108-25 Ásgarður |
| 105-23 | Brautarholt Laugavegur Mjólnisholt Ásholt Þverholt | 108-30 Grundarland Haðaland Helluland Hjallaland |
| 105-24 | Miðtún Samtún | 108-41 Kjarrvegur Markarvegur |
| 105-27 | Laugateigur | 108-44 Langagerði Tunguvegur |
| 105-28 | Laugateigur | 108-49 Kvistaland Kúrland |
| 105-32 | Laugarnesvegur | 109-07 Bláskógar Dynskógar Skógarsel Árskógar |
| 105-34 | Rauðalækur | 109-08 Hléskógar Ljárskógar |
| 105-35 | Brekkulækur Dalbraut Rauðalækur | 109-13 Heiðarsel Hjallasel |
| 105-38 | Gullteigur Hraunteigur Sundlaugavegur | 109-18 Kaldasel Kleifarsel |
| 105-43 | Engjateigur Sigtún | 109-19 Klyfjasel Kógursel |
| 105-51 | Auðarstræti Gunnarsbraut Snorrabraut | 109-23 Vaðlasel Vogasel Ystasel |
| 105-56 | Kirkjusandur Laugarnesvegur | 109-32 Fljótasel |
| 105-57 | Hrisateigur Laugalækur | 110-02 Hlaðbær Háabær Vorsabær Þykkvibær |
| 105-58 | Laugalækur Otrateigur Sundlaugavegur | 110-05 Brekkubær |
| 105-60 | Engihlíð Mjóahlíð Reykjahlíð | 110-06 Brautarás Hraunbær Rofabær |
| 105-62 | Hofteigur | 110-15 Laxakvísl Reyðarkvísl |
| 107-01 | Hringbraut | 110-20 Hraunbær |
| 107-04 | Hofsvallagata Melhagi | 110-21 Mýrarás Selásbraut Skógarás |
| 107-06 | Grenimelur | 110-26 Seiðakvísl Arkvörn |
| 107-07 | Birkimelur Víðimelur | 110-30 Melbær |
| 107-10 | Fálkagata | 111-15 Depluhólar Erluhólar Fýlshólar Haukhólar Vesturhólar |
| 107-17 | Kaplaskjólsvetur | 111-26 Vesturberg |
| 107-20 | Boðagrandi | 112-43 Reyrenge |
| 107-22 | Bárugrandi Álagrandi | 112-54 Laufengi |
| 107-26 | Grandavegur | 170-42 Kirkjubraut Skólabraut |
| 107-30 | Hjarðarhagi Smyrilsvegur Prastargata | 170-43 Sæbraut Sólbraut |
| 107-31 | Hringbraut | |
| 107-33 | Grenimelur Hagamelur Reynimelur | |

Í leit að breskum geirvörtum

Leikarinn Bob Hoskins framleiðir og leikur annað aðalhlutverkið í kvikmyndinni Mrs. Henderson Presents.

Hann hefur leikið Mussolini, páfann, Winston Churchill, Stalín, engil Guðs og Kölska sjálfan. Bob Hoskins er þó kannski þekktastur fyrir hlutverk sitt í fjölskyldumynd Robert Zemeckis um Kalla kanínu. Það er augljóst þegar maður spjallar við hann að honum er nokkuð sama hvaða álit fólkið í kringum hann hefur á honum. Hann er mjög óheflaður í framkomu og gjörsamlega laus við hina ýktu siðprýði sem einkennir marga Breta. Hann er frekar hávaðasamur og nýtur augljóslega athyglinnar. Hann er líka alveg merkilega myndinn. Maður veltir því fyrir sér hvort það séu þessir eiginleikar sem gera hann svo fýsiligan í hlutverk hinna ýmsu stórmenna? Hann heldur ekki.



BOB HOSKINS

maður mótmælir henni ekki.“

Ertu spenntur fyrir því að sjá viðbrögðin við þessari mynd?

„Já, ég held að ég sé spenntari fyrir þessari mynd en nokkurri annarri sem ég hef gert. Það er vegna þess að það að gera þessa mynd var með því ánægjulegra sem ég hef gert um ævina. Við byggðum eftirmynd af leikhúsinu, með skrifstofurnar á efri hæðinni og búningsherbergin á þeirri neðstu. Við bjuggum innan veggja þess og urðum eins og alvöru leikhús. Fólk mætti á staðinn þegar það átti frídag. Þetta var eins og annað heimili okkar. Þegar tókum lauk var það mjög dapurlegt að þurfa að kveðja staðinn. Svo þegar Stephen sagðist þurfa að taka nokkur atriði upp aftur mættu allir á staðinn.“

Þannig að þú hefur haft það strax á tilfinningunni að það væri mikið varið í þessa mynd?

„Já, tvímælalaust. Það sem var líka alveg magnað var að nokkrar af upprunalegu Windmill stúlkunum komu, þær eru allar á níræðsaldri nú. Þær mættu á svæðið og gengu um sviðsmyndina og rifjuðu upp hitt og þetta frá þessum tíma. Þegar þær svo sáu myndina sögðu þær við mig að ég væri nákvæmlega eins og Van Damm hefði verið. Ég sagði þeim þá að ég hefði verið að leika Stephen, en þær sögðu þá að hann væri nákvæmlega eins persóna og Van Damm var.“

Myndin gerist á tíma stöðugra sprengjuárása, þegar enginn Lundúnarbúi gat verið viss um að vakna í sama rúmi og hann sofnaði í. Hoskins man örlítið eftir þessum tíma.

„1942 var ófrísk móðir mín send til Suffolk. Svo þegar ég var tveggja vikna gamall vorum við send aftur til London þegar sprengjuárásirnar voru í hámarki. Ég eyddi því þremur fyrstu árum ævi minnar undir eldhúsbörðinu heima. Ég man ekki vel eftir því, en ég man eftir tilfinningunni. Ég man eftir því að leikvöllurinn okkar var sprengdur og fullt af húsum í götunni okkar. Það er eitthvað í mér, sem er kannski gamaldags en mjög breskt. Ég sé England fyrir mér eins og smá-vaxna gamla konu með hjálm og kútskaft að berjast á móti Hitler. Það er andi Englands fyrir mér.“

biggi@frettabladid.is

Búlgaría á blússandi ferð!

Kynningarafsláttur á þrotum

Nú eru síðustu forvöð að tryggja sér besta verðið með kynningarafslætti

Bókaðu besta verðið á heimasíðunni www.apollo.is



Búlgariu-bæklingurinn kominn út!

Barnaverðin okkar eru frá

19.900 kr.

í eina viku. Sjá nánar á www.apollo.is.

*Barnaverðið gildir á fyrirfram ákveðnum stöðum. Sjá nánar á www.apollo.is. Barnaverðið gildir ef börnin eru á sömu bókun og a.m.k. 2 fullorðnir sem greiða skv. verðlista og búa í sömu vistarveru. Ef bókað er á söluskrifstofunni bætist við 2.500 kr. bókunargjald á mann. Kynningarafsláttur nær ekki til Barnaverðanna.

Netklúbburinn...

Skráðu netfangið þitt í netklúbbinn okkar á forsíðu heimasíðunnar www.apollo.is.

Það marg borgar sig.

Bókaðu núna!

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo



www.apollo.is • 5 100 300

tílboðs dagar

Opið í dag frá kl.13-16

Val hús gögn

Ármúla 8 • 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Hringrás hamingju og hreysti

Smitandi lífsgleði og heilbrigð fegurð geislar af smáskammtalækningum Kristínu Kristjánsdóttur sem einnig er starfsmaður heilsufyrirtækisins Maður lífandi, þar sem margir vinsælustu lærifæður þeirra sem leita í óhefðbundin heilsuúrræði taka á móti skjólstaðingum sínum. Kristín segir sjálfshjálparorðna vinsælli en áður og hóp þeirra sem vilja bera ábyrgð á eigin heilsu ört stækkandi.

„Að sumu leyti má tala um nýjan lífsstíl þeirra sem meira hafa á milli handanna en áður, því meðferðarúrræði af þessu tagi eru fremur dýr og ekki niðurgreidd af Tryggingastofnun, en á móti kemur að með þessu fyrirbyggir fólk heilsuþrest seinna á ævinni og fjárfestir í sjálfu sér. Mörgum þykir dýrt að fara til heilara og borga 5.000 krónur fyrir skiptið, á sama tíma og það veigar sér ekki við að borga sömu eða hærra upphæð fyrir lyf sem engin trygging er fyrir að lækni það, en lækningin mælti með,“ segir Kristín, en algengt verð fyrir þjónustu meðferðaraðila í óhefðbundna heilsugeiranum er frá 5.000 krónum og upp úr.

Heilsa á eigin ábyrgð

Að sögn Kristínar koma þeir sem stunda reglulegar heimsóknir til heilsugúrúa úr öllum þjóðfélags-hópum, enda mikil hvatning til almennings að bera ríkari ábyrgð á eigin heilsu.

„Í nútímaþjóðfélagi eru kröfur á vinnumarkaði miklar og margir sem sinna störfum þar sem þeir verða að halda dampi. Þá er einfaldlega ekki í boði að vera orðinn þreyttur og lúinn seinnipartinn, enda lítt spennandi að eiga sér ekkert líf eftir vinnu þegar loks gefst stund til að komast í ræktina og sinna börnum, heimili og maka,“ útskýrir Kristín og fullyrðir að enginn þurfi að vera orkulaus.

„Enda kemur á daginn að þeir sem leita úrræða hjá heilsugúrúum



HAMINGJAN UPPMÁLUD ENDA HEILSAN Í ÖRUGGRI STJÓRN Kristín Kristjánsdóttir smáskammtalækni er ein fjölmargra sem sækja til mismunandi heilsugúrúa til að ná enn betri tókum á heilsu og lífshamingju, en slíkt gerist æ vinsælla meðal Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

smita út frá sér og láta í sér heyra, sem svo fær hina þreyttu til að hugsa: „Hví getur mér ekki liðið svona líka?“ Öll viljum við vera hamingjusöm og sjálfsskoðun af þessu tagi tel ég byggja mjög á þeirri staðreynd,“ segir Kristín sem þekkir af eigin raun hve gefandi og auðvelt er að hlúa að sjálfum sér.

„Um leið og maður tekur ábyrgð á eigin heilsu kemst maður í betra jafnvægi og öðrum fer að líða betur í kringum mann líka. Maður hefur í forgangi hvað maður setur ofan í sig, hversu mikið maður hreyfir sig og hvaða fólk maður umgengst upp á gefandi en ekki slítandi nærveru, en allt þetta spinnst saman og verður að hringrás sem gerir alla að betri manneskjum,“ segir Kristín brosandí.

Lífsstíll til að ánetjast

Hingað til hefur stærsti hluti þeirra sem leita sér óhefðbundinna lækniúrræða verið sjúklingar sem leitað hafa allra leiða en ekki fundið lækningu annars

staðar, en með því blanda þeir saman austrænum og vestrænum læknavísindum. Kristín segir hópinn nú fara ört stækkandi og vera fjölbreyttari.

„Ef við lítum til Bandaríkjanna má sjá að allar þær stjórnur sem byggja framtíðina á útliti sínu eru með heilsugúrúa á sínum snærum; leita til næringarþerapista, í jóga, nudd og til stjörnu- og talnaspekninga til að gera sér lífið léttara. Flestir vita líka að þegar þeim líður illa í sálartetrinu fer margt annað úrskaiðis, enda tengjast líkamlegir og andlegir kvillar,“ segir Kristín sem viðurkennir að naflaskoðun af þessu tagi geti hæglega farið út í öfgar.

„Til er fólk sem þræðir á milli lækna og finnur endalaust einhver vandamál til að leggja fyrir þá, og óhefðbundni heilsugeirinn fer ekki varhluta af því, en slíkt tilheyrir þó algjörum undantekningum. Vinsælir leiðbeinendur taka fólk í tíma en vísa þeim frá aftur þegar nóg er komið. Meðferðarúrræðin ganga enda út á það að

fólk taki sjálf ábyrgðina. Vinna gúrúanna er heildræn; í upphafi er farið yfir lífsstíl fólks og stundum tilfinningalíf, en eftir tímann heldur sjálfshjálpin áfram heima. Það eru því ekki gúrúarnir sjálfir sem bóka skjólstaðinga sína áfram út í það óendanlega, nema síður sé, en kannski má segja að hægt sé að ánetjast slíkum heimsóknum þar sem menn finna fljótt hversu vel þeim líður og hve gott það gerir manni að sækja til þeirra.“

Viðurkennð menntun skilyrði

Ásókn í óhefðbundnar lækningar fer vaxandi og æ fleiri sem hafa þrjá eða fleiri gúrúa í sinni þjónustu, sem hver með sínum hætti hlúir að ólíkum þáttum andlegrar og líkamlegrar heilsu.

„Auðvitað eru tiskubólur í þessu eins og öðru og innan viss hóps eru menn varla með mönnum nema þeir hafi aðgang að gúru í sínu lífi. Hins vegar styð ég heilsuhugar þá sem leita sér hjálpar, því ólík úrræði henta ólíku fólki. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt

fram á samspil mataræðis og líkamlegra kvilla. Menn eru það sem þeir borða og auðveldlega hægt að kalla yfir sig sjúkdóma og vanheilsu með röngu mataræði, rétt eins og bæta má heilsu og jafnvel lækna með réttu mataræði. Mér finnst því eðlilegt að fólk leiti sér óhefðbundinna lækninga meðfram þeim vísindalegu og vestrænu,“ segir Kristín en bætir við að fólk skyldi ávallt velja viðurkenna aðila áður en haldið er blint áfram í leit að bættri heilsu.

„Í Bandaríkjunum gerast kröfur um viðurkenna menntun sífellt háværari og jafnvel farið fram á þeir sem stundi nálastungur hafi einnig lokið gráðum í læknaísfræði. Þeir sem starfa í þessum geira myndu sjálfir aldrei fara til neins sem hefði aðeins helgarnám-skeið að baki og þess vegna hafa verið stofnuð ýmis félagasamtök á bak við þessar starfandi stéttir, þar sem enginn gerist meðlimur né fær skírteini án tilskilinnar menntunar, sem tryggir öryggi skjólstaðinga okkar.“

NÝJA REYKJAVÍK - KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ

KJÓSUM DAG Í DAG

VIÐ KEYRUM ÞIG Á KJÖRSTAÐ

SÍMINN ER 824 3369

Stuðningsfólk Dags B. Eggertssonar

Kosið er á fimm stöðum: **Miðbær:** Hallveigarstíg.
Laugardal: Félagsheimili Þróttar. **Árbæ:** Fylkishöllinni.
Breiðholti: Álfabakki 16 (Visa). **Grafarvogi:** Gylfafföt 9.

DAGUR1 SAETI

Vinsælir gúrúar

Eftirtaldir aðilar hafa notið mikilla vinsælda meðal þeirra sem vilja taka aukna ábyrgð á eigin heilsufari og leita með því á náðir náttúrulegum lækningum.

Eftir áberandi umræðu um ýmiss konar fæðuþöpol leita æ fleiri til meðferðaraðila sem greina óþol líkamans við ákveðnum fæðutegundum og í kjölfarið ráðleggja skjólstaðingum sínum að forðast eða draga úr neyslu vissra matartegunda en velja hollari kost í staðinn.

Þá njóta nálastungur vaxandi vinsælda meðal Íslendinga, sem og áheyrn á púls líffæra, tungulestur og lithimnugreining, en með slíku má finna hulin mein líkamans, næringarskort og fleira.

Hómopátía, eða smáskammtalækningar, sem og grasalækningar eru kostir sem sífellt fleiri velja þegar kemur að náttúrulegri lækningu í stað hefðbundinna lyfja, auk þess sem hverskyns nudd, heilun, höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferð, rolfling, ásamt fleiri óhefðbundnum heilsuúrræðum njóta sívaxandi vinsælda.

Þess má geta að óhefðbundnir meðferðaraðilar taka aldrei fram fyrir hendur lækna í heilbrigðisstétt, heldur veita sína hjálpar meðfram öðrum lækningum.

Vinsælustu heilsugúrúar landsins eru meðal annars þessir:

Þorbjörg Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti.

Matthildur Þorláksdóttir, náttúruleg lækni sem meðal annars vinnur með greiningarvél sem greinir matarþöpol.

Puríður Hermannsdóttir, hómopati, ráðleggur meðal annars um makró-bíótískt fæði og greinir matarþöpol.

Kristján Ívar Ólafsson, nuddari og heilari, hefur einnig menntað sig í nálastungum, rolfling og fleiru.

Birna Imsland, hómopati og meðferðaraðili við höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferð.

Þórunn Birna Guðmundsdóttir, austurlenskar nálastungur og nudd, les í tungu og lithimnu.

Sigurður Sigurðsson, nudd og austurlenskar nálastungur.

Örn Jónsson, sjúkrannudd og austurlenskar nálastungur.



20.000 kr. LÆKKUN!

Einstakt afmælistilboð á Fender og Guild kassagíturum með hörðum tóskum.

Í tilefni af 60 ára afmæli Fender bjóðum við þessa gæðagripni á frábæru verði.



DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006



Fender ESD
Handsmíðaðir í Ensenada í Mexíco úr sérvöldum gæðavíðartegundum
frá 59.900 kr.
áður frá 79.900 kr.

GUILD GAD-50
49.900 kr.
áður 69.900 kr.
Sunburst og Natural


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Þú hefur ekki lífað lífinu nema...

Fimmtán mikilvægir hlutir sem þú verður að upplifa áður en þú deyrð. Af hverju? Af því bara.



1. Að hafa borðað japanskan fugufisk.

Þessi furðulegi fiskur tútnar út og getur drepið þig á sekúndubroti ef hann er matreiddur vitlaust. Þú færð svona skepnu bara á fínustu japönsku veitingahúsum í heimi og það er sannarlega kikk (eða rússnesk rúletta) að borða hann. Kostar líka formúu.



2. Að hafa gengið yfir Pont des Arts eldsnemma morguns.

Þessi dásamlega brú er ein sú fallegasta og rómantískasta í Parísborg. Hafðu með þér poka af nýbökðuðum croissant og njóttu.



3. Að hafa heimsótt Graceland.

Það er bara einn kóngur, og hann bjó hér. Þetta er svona Xanadu rokk og rólsins. Skoðið endilega avókadólitaða eldhúsið hans Elvis.



4. Að hafa borðað pylsu á Coney Island.

Bestu pylsusalarnir eru á bryggjunni á Nathan's. Þetta eru víst bestu pylsur í heimi, sama hvað við Íslendingar höldum.

5. Að hafa komist á topp Hvannadalshnjúks.

Það er ekkert stórmál að klöngrast þarna upp. Og þetta er nú einu sinni hæsti tindur Íslands.

6. Að hafa drukkið Bellini á Harry's bar í Feneijum.

Kann að vera klisja, en samt sem áður stórkostlega fullkomið.



7. Að hafa keyrt Route 66.

Þessi sögufræga móðir allra vega í Bandaríkjunum er ferðalag fyrir sálina. „Get your kicks on Route 66“ eins og segir í laginu góða.



8. Að hafa upplifað Holi-hátíðina á Indlandi.

Þetta er vorfagnaður Indverja og landið er í blóma. Allir verða hálf-galnrir og hlaupa um allar trissur og mála hver annan með lituðu dufti. Það er mikið um dans, át og dýrdir.



9. Að snæða á Tour d'Argent.

Þetta er eitt frægasta veitingahús Parísar og það er hrein dásemd að upplifa hér ostrur, foie gras og besta vínlista í heimi.

10. Að baða sig í afskekktu lind.

Tíndu af þér spjarirnar og vertu



einn með náttúru Íslands. Eða kannski bara í góðum félagskap. Þessi er á Vestfjörðum.



11. Að hafa prófað sjóstangaveiði á suðrænum höfum.

Jafnast ekkert á við að fanga eitt stykki risastóran túnfisk og grilla hann á ströndinni. Mælum með norðurströndum Ástralíu.



12. Að hafa heimsótt píramíðana.

Þetta er eitt mesta undur veraldar og maður fellur í stafi yfir mikilleik forn-Egyptanna. Mjög dularfullt líka.



13. Að hafa farið til Grænlands.

Þessi stærsta eyja heims er rétt hjá okkur en er samt svo ólík Íslandi. Ævintýri á hjara veraldar.



14. Að hafa tjaldað í Sahara-eyðimörkinni.

Vertu einn með sandinum, stjörnunum og kannski nokkrum meðlimum af Tuareg-ættbálknum. Ævintýralegt og jafnvel andleg upplifun.



15. Að kafa á kóralriffi.

Eins og að svamla í volgu risavöxnu fiskabúri. Nei, miklu betra. Ótrúlega fallegt og þú verður einn með hafinu. Rauða hafið og Great Barrier Reef eru efst á lista.

annabjornsson@frettabladid.is
MYNDIR/GETTY IMAGES

Gengur þú með viðskiptahugmynd í maganum?

Vinnumálastofnun/Félagsmálaráðuneyti auglýsir styrki til atvinnumála kvenna

Heildarfjárhæð til úthlutunar er 25.000.000

Áttu góða viðskiptahugmynd sem fellur að eftirfarandi atriðum?

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Verkefnið sé nýnæmi
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð

- umsóknarfrestur til 20. mars 2006

Veittir verða stofnstyrkir og þróunarstyrkir

- Styrkir nema að jafnaði 500.000 – 1.000.000 kr
- Vönduð umsókn skilar vænlegri árangri

Upplýsingar hjá Líneyju Árnadóttur í síma 455 4200 og á netfanginu liney.arnadottir@svm.is

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar

www.vinnumalastofnun.is



Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmnum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmnum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð



VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|-----------|-----------------------------|---------|----------|
| 90 x 200 | 3.000* _{kr} | 13 mán. | 39.000.- |
| 120 x 200 | 4.000* _{kr} | 13 mán. | 52.000.- |
| 150 x 200 | 5.000* _{kr} | 13 mán. | 65.000.- |
| 180 x 200 | 6.000* _{kr} | 13 mán. | 78.000.- |

**Tilboðið miðast við Venus rúm 90-150 cm og Orthopedico 180 cm

Hágæða sængurverasett í úrvali



Cool Linen sængurverasett
100% bómull, tvítt, hvítt og beige **2.299**_{kr}



Cool Linen sængurverasett
100% bómull, blátt **1.999**_{kr}



Cool Linen sængurverasett
100% bómull, blátt, bleikt **1.999**_{kr}

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

„Dauðasyndirnar leiða ekki til tafarlauss dauða, það kemur enginn glóandi steinn af himni eða önnur skyndirefning. Dauðasyndirnar leiða hægt og bitandi til dauða, þær tæra lífsgleðina, angistin þrengir að og kærleikurinn tortímist hægt en óumflýjanlega.“



- Syndin er lúmsk og lúmsk eins og Jaakko Heinimäki bendir á í bók sinni Syndirnar sjó.

bækur

baekur@frettabladid.is

SAMSÆRISKENNINGABÓK KVIKMYNDUÐ

Diana prinsessa og ástmaður hennar, Dodi Al Fayed, létust svíplega í bílslysi í París þann 31. ágúst 1997. Heimsbyggðin var harmi slegin við fráfall hinnar ástkæru prinsessu og í kjölfar dauða hennar spruttu upp ótal samsæriskenningar. Ein þeirra gekk út á að breska leynipjónustan hefði komið Diönu fyrir kattarnef til þess að koma í veg fyrir að framtíðarríkisafinn, Vilhjálmur prins sonur Diönu og fyrrum eiginmanns hennar Karls Bretaprins, yrði stjúpsonur arabísku kaupþýslumanns. Jon King og John Beveridge skrifðu bókina Hidden Truth, eða Falinn sannleikur, þar sem þeir viðruðu kenningar sínar um að bandaríska leynipjónustan CIA og bandaríska alríkislögreglan FBI hefðu bruggað prinsessunni banaråd. Samkvæmt tímaritinu Screen Daily stendur nú til



að gera spennumynd byggða á bókinni. William P. Cartledge, framleiðandi Educating Rita, ætlar að framleiða þennan breska trylli sem gert er ráð fyrir að muni kosta 2,8 milljónir punda í framleiðslu. Engir leikarar hafa enn verið ráðnir en gera má ráð fyrir að margar leikkonur renni hýru auga til hlutverks prinsessunnar dáðu. Engin viðbrögð hafa borist frá bresku konungsfjölskyldunni en ætla má að fyrrverandi tengdamóður Diönu, Elísabetu Bretadrottningu, líki það mátulega vel að fjölskylda hennar dragist inn í atburðarás spennumyndar með pólitískum undirtóni. Rannsókn á dauða Diönu stendur enn yfir eins og fyrrverandi lögreglustjórinn Lord Stevens, sem stjórnar rannsókninni, upplýsti í síðasta mánuði og sagði að hún væri miklu umfangsmeiri og flóknari en nokkurn hefði getað óráð fyrir.

> Bók vikunnar

The Possibility of an Island eftir Michel Houellebecq.

Franski sóðakjafsturinn Michel Houellebecq er kominn aftur á kreik en þessi nýja skáldsaga hans er fáanleg á Íslandi í enskri þýðingu. Houellebecq vakti verðskuldaða athygli fyrir bækur sínar Öreindirnar og Áform. Það er ekki minni sláttur á honum í nýju bókinni sem margir vilja meina að sé hans besta verk hingað til.



METSÖLULISTINN

HEILDARLISTI


- 1 ÍSLANDSATLAS
HANS H. HANSEN
- 2 HROKI OG HLEYPIDÓMAR
JANE AUSTEN
- 3 SUMARLJÓS, OG SVO KEMUR NÓTTIN
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
- 4 ENDALAUS ORKA
JUDITH MILLIDGE
- 5 HVAR ER VALLI?
MARTIN HANDFORD
- 6 VIÐ ENDA HRINGSINS
TOM EGELAND
- 7 VETRARBORGIN
ARNALDUR INDRIDASON
- 8 ÍSLENSKUR STJÖRNUATLAS
SNÆVARR GUDMUNDSSON
- 9 ÞRÍÐJA TÁKNID
YRSA SIGURDARDÓTTIR
- 10 VERONIKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA
PAOLO COELHO

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 SUMARLJÓS, OG SVO KEMUR NÓTTIN
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
- 2 VIÐ ENDA HRINGSINS
TOM EGELAND
- 3 VETRARBORGIN
ARNALDUR INDRIDASON
- 4 ÞRÍÐJA TÁKNID
YRSA SIGURDARDÓTTIR
- 5 VERONIKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA
PAOLO COELHO
- 6 TÍMI NORNARINNAR
ARNI ÞÓRARINSSON
- 7 BLÓÐBERG
ÆVAR ÖRN JÓSEFSSON
- 8 FLUGDREKAHLAUPARINN
KHALED HOSSEINI
- 9 KROSSTRÉ
JÓN HALLUR STEFÁNSSON
- 10 BLEKKINGALEIKUR
DAN BROWN

SKÁLDVERK - KILJUR

- 1 HROKI OG HLEYPIDÓMAR
JANE AUSTEN
- 2 MINNINGAR GEISJU
ARTHUR GOLDEN
- 3 SJÁLFSTÆTT FÓLK
HALLDÓR LAXNESS
- 4 ENGLAR OG DJÓFLAR
DAN BROWN
- 5 DAUÐINN Í FENEYJUM
THOMAS MANN
- 6 MÝRIN
ARNALDUR INDRIDASON
- 7 GRAFARÞÖGN
ARNALDUR INDRIDASON
- 8 ALKEMISTINN
PAOLO COELHO
- 9 SKUGGA BALDUR
SJÓN
- 10 DAUÐARÓSIR
ARNALDUR INDRIDASON



ÍSLANDSATLAS EDDU

Bækurnar í veganestið

Það þykir ekki lengur góð latína að berja nemendur til bókar svo uppræðarar landsins þurfa að beita öðrum meðulum til að birgja þá upp af andlegri næringu. Fréttablaðið leitaði til nokkurra bókaormna og bað þá að tilnefna fimm bækur sem allir menntskælingar ættu að lesa.



PÁLL VALSSON, ÚTGÁFUSTJÓRI EDDU

The Catcher in the Rye eftir J.D. Salinger. Snilldarsaga sem smellpassar að lesa á þessum örlagaríku mótunarárum í menntaskóla. Hafði mikil áhrif á mig á sínum tíma og batnar bara við hvern lestur. Hef því miður ekki lesið íslenska þýðingu Flósa Ólafssonar, Þjargvættinn í grasinu, en mér er sagt að hún sé góð.

Hundrað ára einsemd eftir Gabriel Garcia Marquez. Meistaraverk sem opnaði fyrir manni tófralendur bókmenntanna, stórkostlega andrik og skemmtileg saga sem er auðvitað löngu orðin sígild.

Rokkað í Vittula eftir Mikael Niemi. Frábær uppvaxtarsaga frá norðurhjaru sem er í senn bæði tragísk og drepfyndin. Gott dæmi um hvað norrænar bókmenntir geta verið skemmtilegar.

Meistarinn og Margaríta eftir Mikhail Bulgakof. Skáldsaga sem hefur allt til að bera, tímalaus snilld.

Heimsljós eftir Halldór Laxness. Fulltrúi íslenskra skáldsagna í þessum hópi. Gæti opnað augu menntskælinga fyrir hinni ljóðrænu feegurð tilverunnar.



JÓN KALMAN STEFÁNSSON RITHÖFUNDUR

Íslenskur aðall eftir Þórbjörg Þórbjörg. Hreint og beint skemmtileg, ein af þessum tímalausu bókum og þarfaleiðandi alltaf nútímaleg.

Fjallkirkjan eftir Gunnar Gunnarsson, til dæmis fyrsta bindið, Skip heiðrikjunnar í þýðingu HKL. Þungur niður í þessari bók, skemmtileg með harmrænan undirtón, mikill skáldskapur. Ágætt líka að gefa bókum Halldórs frí,

lesa eitthvað úr Fjallkirkjunni í stað Sölu Völlu, Sjálfstæðs fólks...

Uppvöxtur litla trés eftir Forrest Carter. Þessi bók er fyndin, sorgleg, skemmtileg, maður les hana hindrunarlaust í afbragðsþýðingu Gyrðis Eliassonar, og ekki skemmir fyrir að viðhorf höfundar og náttúruskynjunin, er bókstaflega lífsnausynleg fyrir okkar tíma; skynjun sem lesendur anda að sér og, í sumum tilvikum, smítast af.

Ástin fiskanna eftir Steinunni Sigurðardóttur. Heillandi nóvella, stutt, sem er einn af höfuðkostum bóka í augum margra nemenda, ástríðufull, örvæntingarfull og sár; tilfinningar og kenndir sem ríma svo vel við þennan aldur.

Kátir voru karlar eftir John Steinbeck. Tortilla Flat heitir hún á frummálinu, hugsanlega vanmetin bók út af framsetningu og efni, einkonar ærsl, lífsafstaða sem angar af kæruleysi, Steinbeck sagnamaður með góðri blöndu af því sem seinna var kallað töfraunarsæi.



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Fyrst dettur mér í hug **Einum kennt, öðrum bent**, eftir Þórbjörg Þórbjörg. Ég var á fyrsta ári í menntaskóla þegar ég las hana og hún límist í höfuðið á manni. Einmitt fóðrið sem maður þarf á þessum aldri. Svo er hún líka svo skemmtileg og á köflum fyndin.

Hvunnagshetjan, eftir Auði Haralds, er mögnuð kennslustund í þeirri ótrúlegu vísu sem felst í því að hlæja á óvæðigandi stöðum. Þetta er hörmungasaga sem lætur mann verkja í hjartað, en um leið kemst maður ekki hjá því að hlæja upphátt af því að Auður, sem er einn vanmetnasti höfundur á Íslandi, er svo guðlega fyndin.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar eru svo mikilvægur hluti af þjóðarfinum að það er varla hægt að halda því fram að maður sé Íslendingur ef maður hefur ekki lesið þær. Helst ættu þær auðvitað að vera námsefni í grunnskóla, en hálfullorðið fólk hefur líka gott af því að lesa þær aftur og sjá þær í nýju ljósi.

Afróðita eftir Isabel Allende væri fint mótvægi við hina svokölluðu klámvæðingu. Ísabella er frábær lovedoktor og svo er hún líka svo flink að elda. Ungt fólk verður að læra að elda ef það á að eiga einhverja vana um að sleppa undan ofríki hamborgaranna.

Að lokum myndi ég setja hreina skissubók á námsskrána. Þar

hefðu nemendurnir frjálsar hendur og gætu hvílt sig á ítrosdunni. Í lok annar gætu þau skilað henni inn, með ljóðum, myndum og stórkostlegum hugmyndum sem í fyllingu tímans gætu orðið að ómetanlegri nýsköpun. Eða í það minnsta gæti svona bók stuðlað að ómetanlegri nýsköpun og auknu frelsi í huga okkar efnilegu æsku.



ÁRMANN JAKOBSSON ÍSLENSKUFRAEÐINGUR

Íslensk orðabók (t.d. Menningarsjóðs). Ekkert er brýnna en að auka orðaforða íslenskra unglunga. Mig dreymir um nýja kynslóð fólks í Sjónum sem drepur okkur ekki úr leiðindum með því að klifa á sömu orðunum og setningunum.

Ljóðmæli Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds. Líf nútímamannsins er erfitt. En okkar offituvandamál og illt heilsufar geta aldrei jafnast á við líf Fjallaskáldsins sem yrkir um dauða, sorg, svik, feigð, sjúkdóma, ölæði og þar fram eftir götunum. Þessi bók setur eigin vandamál í ákveðið samhengi og af því hafa unglingar gott.

Ulysses eftir James Joyce. Mörg íslensk ungmenni eru upptekin af því að bækur og aðrir textar séu leiðinleg í merkingunni snauð að viðburðum og hasar. Sá sem hefur komist í gegnum Ulysses veit að fátt er skemmtilegra en textar sem eru einmitt ekki litaðir af viðburðum og hasar. Þetta er bók sem breytir öllum sem lesa hana til enda.

Vive La Revolution! eftir Mark Steel. Ef auðvaldsskipulagið á ekki að vera allsráðandi til frambúðar þarf að efla hinn sanna byltingaranda ungu kynslóðarinnar og enginn getur það betur en Íslandsvinurinn Mark Steel sem í þessari bók rekur sögu frönsku byltingarinnar. Jafn fyndinn og Ricky Gervais og Rowan Atkinson, jafn byltingarsinnaður og Rósa Luxemburg og Che Guevara. Það er góð blanda.

Bastarðar Voltaires (Voltaire's Bastards) eftir John Ralston Saul. Í þessari bók lýsir höfundurinn því hvernig nútímamenn (og einkum stjórnmálamenn og stjórnendur) hafa snúið út úr og afskræmt skynsemishyggju upplýsingartímans. Ég held að það sé nauðsynlegt að stúdentsefni lesi þetta áður en það er of seint.

Tvær seinustu bækurnar hafa ekki verið þýddar; ef miða á við bækur á íslensku þyrfti ég að líta lengra aftur í tímann því að fátt er um þýðingar á mikilvægum nýlegum bókum um samfélagsmál.

Á tjá og tundri

Þri 14. feb kl: 20.00 sæti laus
Fim 16. feb kl: 20.00 sæti laus

Nemendamótssöngleikur
Verslunarskóla Íslands.

Hafið bláa

Sun 19. feb kl: 13.30 Frumsýning

Pantanir í síma 551 4700

miðasala opin alla daga kl.13:00 til kl.17:00

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Svona lúxus á ekki að kosta

3.160.000*

Bílar á milliverði eru fljótir að verða dýrir þegar aukabúnaðinum er bætt við. SAAB 9-5 er vel búinn lúxusbíll á milliflokksverði. Öruggur, glæsilegur og á allra færi að eignast. Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta yfir í lúxus.



* Þú átt það skilið

Vel útbúinn Saab 9-5 Sedan Linear 2.0 turbo. 150 hestar og sjálfskiptur á kr. 3.160.000. Þetta er ekki flóknara.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab **95**



ÚTVARPIÐ ÞITT
POLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X

97.7



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Hinsegin óperetta
Sýnt í Iðno

Gestur Síðasta máltíðin

Næstu sýningar:
Sunnud. 12. febrúar kl. 20:00
Sunnud. 19. febrúar kl. 20:00
Miðvikud. 22. febrúar kl. 20:00

Aðeins þessar þrjár sýningar

Miðasala í Iðno í síma 562-9700,
idno@xnet.is og á www.midi.is

"Drepfyndið."
Bergþóra Jónsdóttir - mbl



STUÐ MILLI STRÍÐA „Where is the city centre?“

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VILL FALLEGRI MIÐBÆ



Nú þegar borgarstjórnarkandidatar berjast um hylli Reykjavíkinga og hver lofar f o g r u fer ég að hugsa um tilfinningar mínar til borgarinnar sem ég hef kosið að búa í.

Ég var alltaf hálfgerður útlendingur, með annan fótinn erlendis og upplifði borgina í stuttum tímabilum eða sumarfríum. Það var gaman að horfa á breytingarnar á borginni úr fjarlægð, en þær hafa verið ótrúlegar und-

anfarna tvo áratugi. Hún hefur fengið á sig mun meiri heimsbrag en heldur enn í sérvitningsleg sérkenni. Og útlendingar hafa uppgötvað Reykjavík eins og einhvern falinn gimstein í norðri. Frá því að Damon Albarn keypti í Kaffibarnum og 101 Reykjavík varð lífsstíll, hópast ferðamenn til borgarinnar, falla í stafi yfir iðandi barlengju Laugavegarins, skoða krúttleika Tjarnarinnar og hina skrýtnu Hallgrímskirkju.

En svo standa þeir alltaf furðu lostnir með kort af borginni niður á Lækjartorgi, í leit að „city centre.“ Jú, akkúrat, svörum við, þetta hér er miðbærinn, city centre, þetta hroðalega þunglyndislega torg með gráa steinsteypuhroðanum öðrum

megin, og Kebab kumbaldi hinum megin. Merkillegt nokk. Einstaka falleg hús, en inni á milli og úti um allt eru hús sem passa ekki við neitt, eins og enginn hafi lært nokkurn skapaðan hlut um skipulag.

Hér er að finna allar stærðir bygginga, allar gerðir, alla líti og öll tímabil í einni afar sorglegri hrúgu. Miðbærinn okkar er hreinlega forljótur fyrir utan andapollinn góða. Allt frá hryllingnum Hlemmi sem minnr á Dýragarðsbörninn, niður óásjálegan Laugaveginni niður á grátt og subbulegt Lækjartorgið. Ég er ekkert að biðja um Haussmann fílinginn, bara eitthvað agnarögn virðulegra. Svona þínu meira útlend á Ísland. Það væri sko hressandi.

Tælenskar

matvörur í úrvali

Frábær verð



THAI Heritage TOM YUM PASTE

BANTHAI Laugavegi 130

na na thai

Skeifan 4
S. 588 1818

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson

Þú 989

BYLGJAN

Allir eru að hlusta!


Reykjavík síðdegis
Alla virka daga 16-18:30



myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Pú og pa

Eftir SÖB




■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| Lausn á gátu gærdagsins | | | | | | | | |
|-------------------------|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 1 | 2 | 8 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 7 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 4 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 1 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|--|---|
| | | 9 | 1 | | | 4 | | |
| | | | 8 | 7 | | | | 5 |
| 8 | | | | | | | | 6 |
| 9 | | 4 | | 2 | 7 | | | |
| | 3 | | | | | | | 1 |
| | | | 4 | 9 | | 2 | | 7 |
| | 8 | | | | | | | 2 |
| 7 | | | | 3 | 6 | | | |
| | | 6 | | | 8 | 5 | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



Hræddur í fótunum

Myrkum músíkdögum lýkur með þrennum tónleikum í dag. Lokaatriði hátíðarinnar verða tónleikar Kammerseitar Reykjavíkur í kvöld.

„Hvers vegna þarf nöfn á tónverk?“ spyr Þuríður Jónsdóttir tónskáld. „Geta tónar snúist um nokkuð annað en hljóð?“

Á lokatónleikum Myrkra músíkdaga frumflytur Kammerseitar Reykjavíkur verk eftir hana, sem hlotið hefur nafnið „Hræddur í fótunum“. Þuríður segir að nafnið hafi fæðst á vörum sonar hennar. „Hann vildi að ég breiddi sængina betur yfir fætur sína.“

Þuríður segist í þessari tónsmíð stundum láta hljóðfærin líkja eftir tölvu sem er að líkja eftir hljóðfærum.

„Margir segjast ekki skilja nútímatónlist. Skilja þeir pianó-konsert eftir Rachmaninoff? Það þarf ekki að skilja – bara slaka á og hlusta.“

Á tónleikunum frumflytur



KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR Daði Kolbeinsson leikur einleik á óbóid í nýju verki eftir John A. Speight, sem Kammerseitar Reykjavíkur frumflytur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kammerseitar Reykjavíkur einnig verk eftir John A. Speight, sem nefnist Cantus og er konsert fyrir óbó og kammerhóp. Einleikari á óbó verður Daði Kolbeinsson.

Einnig verða leikin verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Atla Heimi Sveinsson og Leif Þórarinsson. Stjórnandi á tónleikunum er Bern-

hardur Wilkinsson. Venjulega hefur Kammerseitar Reykjavíkur leikið á opnunartónleikum Myrkra músíkdaga, en þetta árið eru það lokatónleikarnir sem verða vettvangur sveitarinnar. Tónleikarnir verða haldnir í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð og hefjast klukkan 20 í kvöld.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

9 10 11 12 13 14 15

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

14.00 Kolbeinn Bjarnason flatuleikari, Guðni Franzson klarinetuleikari og Eydis Franzdóttir óbóleikari flytja ný verk eftir danska tónskáldið Lars Graugaard á tónleikum Myrkra músíkdaga í Norræna húsinu.

17.00 Sinfóníuhljómveit áhugamanna flytur verk á tónleikum í Seltjarnarneskerkju. Einleikari á kontrabassa er Kristján Orrí Sigurleifsson, en stjórnandi Oliver Kentish.

20.00 Kammerseitar Reykjavíkur kemur fram á lokatónleikum Myrkra músíkdaga í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð.

LEIKLIST

14.00 Leikritið um Ronju Ræningjadóttur verður frumsýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI

Geðdöfn gamanleikur
eftir Anna Svein

Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars



eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 12. Feb
Sun. 19. Feb
Síðustu sýningar

Námsmenn og Vörðufélagar fá
miðann á Mind Camp á 1000 kr.
í boði Landsbankans

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

MÍÐASALA
LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á mið.is

Sumarstörf hjá Reykjavíkurborg

Opnað verður fyrir umsóknir vegna sumarstarfa hjá Reykjavíkurborg 15. febrúar. Þeir sem eru fæddir 1989 eða fyrr geta sótt um hjá Vinnumiðlun ungs fólks.

Einungis er hægt að sækja um á heimasíðunni www.vuf.is

Aðgangur að tölvum og aðstoð við að fylla út umsókn býðst í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3 - 5.

Tekið er á móti umsóknum til 21. apríl.

VINNUMIÐLUN UNGS FÓLKS
PÓSTHÚSTRÆTI 3 - 5 • SÍMI 411 5500 • WWW.VUF.IS

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Hergason
18. feb. Nokkur borð laus
19. feb. Nokkur borð laus
4. mars. Laus borð
17. mars. Aukasýning
18. mars. Laus borð
Aðeins þessar sýningar
Gæfakort á Nínu og Geira
fast í miðasölu

BROADWAY
5331100 Netfang: miðasala@broadway.is
Ógreiddir miðar selur hálfmánuði fyrir viðbúð.

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20 - 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl. 20

„Á meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa dhyggjur af framtíð Íslensku óperunnar“
Ríkharður Örn Pálsson, Morgunblaðinu

KYNNING FYRIR SÝNINGU - KL. 19.15
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

| | |
|---|--|
| SALKA VALKA | MANNTAFL |
| Fi 16/2 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING! | Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING |
| WOYZECK | ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR |
| AUKASÝNINGAR | Fi 16/2 kl. 20 UPPS. Fö 17/2 kl. 20 UPPS. |
| Í kvöld kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 | Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 |
| Lau 18/2 kl. 20 | BELGÍSKA KONGÓ |
| KALLI Á ÞAKINU | Lau 18/2 kl. 20 UPPS. Su 19/2 kl. 20 UPPS. |
| AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA! | Fi 23/2 kl. 20 Fö 24/2 kl. 20 |
| Lau 4/3 kl. 20 Su 5/3 kl. 20 | Fö 10/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 |
| CARMEN | GLÆPUR GEGN DISKÓINU |
| Su 19/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPS. | Í kvöld kl. 20 Mi 1/3 kl. 20 |
| Fö 3/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20 | NAGLINN |
| Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 Su 19/2 kl. 20 UPPS. |
| RONJA RÆNINGJADÓTTIR | Fö 24/2 kl. 40 Lau 25/2 kl. 20 |
| Í dag kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT | HUNGUR |
| Lau 18/2 kl. 14 UPPSELT Su 19/2 kl. 14 | FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr. |
| Su 26/2 kl. 14 UPPS. Su 26/2 kl. 17:30 | Má 13/2 kl. 20 Mi 15/2 kl. 20 UPPSELT |
| Lau 4/3 kl. 14 Su 5/3 kl. 14 | Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 17 |
| Lau 11/3 kl. 14 Su 12/3 kl. 14 | Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 **uppseilt**, lau. 25/2 **uppseilt**. **Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3.**
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 12/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00. **Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld sun. 12/2 **uppseilt**, þri. 14/2 **uppseilt**, mið. 15/2 **uppseilt**, fös. 17/2 **uppseilt**, lau. 18/2 kl. 17:00 **uppseilt** og kl. 20:00 **uppseilt**, sun 19/2 **uppseilt**, mið. 22/2 **uppseilt**, fös. 24/2 **uppseilt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppseilt** og kl. 20:00 **uppseilt**, sun. 26/2 **uppseilt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppseilt**, sun. 5/3 örfá sæti laus, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppseilt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppseilt**, sun. 12/3 nokkur sæti laus, mið. 15/3 örfá sæti laus, lau. 18/3 kl. 17:00 örfá sæti laus.

SUNNUGAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Í kvöld sun. 12/2 kl. 18:00 **uppseilt**, sun 19/2 kl. 18:00 **uppseilt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppseilt**. **Vegna fjölda áskorana verða tveir fyrirlestrar endurteknir.**
Sun. 5/3 kl. 18:00 Kristín Ástgeirsdóttir - Svava og stjórnmalinn örfá sæti laus, sun. 12/3 Gerður Kristný Guðjónsdóttir - Svava og skáldskapurinn örfá sæti laus.

KASSINN
PÉTUR GAUTUR
Frumssýning fim. 23/2 uppseilt, sun. 26/2 örfá sæti laus, fim. 2/3, fös. 3/3, lau. 4/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhússeisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Hefur gríðarlega gaman af starfinu

Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason hefur vakið athygli að undanförunu fyrir frammistöðu sína í myndinni *A Little Trip to Heaven* auk þess að hafa nýlega tekið upp fyrir Clint Eastwood. Freyr Bjarnason hringdi í hann til Bandaríkjanna og spurði hann út í ferilinn og framtíðaráformin.

Óttar stjórnaði tökum á mynd Baltasars Kormáks, *A Little Trip to Heaven*, og þreytti hann þar frumraun sína sem aðaltökumaður. Áður hafði hann verið á D-camerau í stórmyndinni *Flags of Our Fathers* sem var að hluta til tekin upp hér á landi í leikstjórn stjórnunnar Clints Eastwood.

Óttar hefur undanfarin tíu ár starfað við að taka upp auglýsingar í Bandaríkjunum og er greinilega orðinn virtur á því sviði því nú á dögum tók hann upp glænýja Pepsi-auglýsingu í Los Angeles með Evu Longoria úr þættinum *Desperate Housewives* í aðalhlutverki.

Óttar hefur einnig tekið upp auglýsingar fyrir stórfyrirtæki á borð við Sony Playstation, Jaguar, Chrysler og Chevrolet. Meðal annars hefur hann unnið náið með hinum reynda hollenska leikstjóra Jan De Bont sem á að baki myndir á borð við *Speed*, *Twister* og *Tomb Raider*.

Longoria er indæl pía

Óttar var nýbúinn að taka upp Pepsi-auglýsingu og strax byrjaður á nýrri með Nascar-kappakstursmanninum Jimmy Johnson í aðalhlutverki þegar blaðamaður náði í hann á milli takna.

Hann segir að Pepsi-auglýsingin hafi verið mjög skemmtilegt verkefni. „Hún var tekin upp á baklöd Fox-kríkmyndaversins. Þar er New York-stræti sem er búið byggja sem hefur verið þar í mörg ár. Við vorum þarna í tvo daga með Evu Longoria þar sem hún var að drekka Pepsi og labba í rigningu sem við bjuggum til,“ segir Óttar, og ber Evu vel söguna: „Hún er indælís pía.“ Auglýsingin verður frumsýnd í Norður- og Suður-Ameríku eftir um það bil tvær vikur en hvort hún verði sýnd hér á landi verður tíminn einn að leiða í ljós.

Á framtíðina fyrir sér

Óttar verður 32 ára í sumar og á því framtíðina fyrir sér í auglýsinga- og kvikmyndabransanum. Hann hóf feril sinn sem tökumaður á Stöð 2 aðeins átján ára og eftir þriggja ára starf þar færði hann sig um set til Saga Film þar sem hann vann í fjögur ár. Eftir það lá leiðin til Bandaríkjanna og Evrópu.

Eftir tíu ár í auglýsingabransanum hefur Óttar öðlast mikla reynslu sem tökumaður og mun hann væntanlega í auknum mæli einbeita sér að kvikmyndabransanum fari svo að tilboðin fari nú að streyma inn þaðan. Þó segist hann ætla að eyða megninu af



Í ÞYRLU Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason í þyrlu við tök. Hann hefur verið afar upptekinn að undanförunu.

þessu ári í auglýsingarnar, enda er hann á heimavelli þar.

Þar sem Óttar er aðeins 32 ára að aldri er ljóst að hann á öll sín bestu ár eftir ef miðað er við fyrirmyndir hans í faginu, kapp á borð við Darius Khondji (*Seven*, *Evita*, *Delicatessen*), Janusz Kaminski (*Munich*, *Saving Private Ryan*, *Schindler's List*) og Conrad Hall (*Road to Perdition*, *American Beauty*). Kaminski verður 47 ára á árinu, Khondji 51 árs og Hall lést fyrir þremur árum 76 ára að aldri. Allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa slegið í gegn á fertugsaldri í kvikmyndabransanum og náð að halda sér á toppnum allar götur síðan. Vonandi nær Óttar að feta í fótspor þeirra.

Aukin athygli

Inntur eftir svári segist Óttar hafa fengið aukna athygli fyrir þátt sinn í *A Little Trip to Heaven*. Hann hafi fengið fyrirspurnir að utan frá umbodsskrifstofu sinni í Bandaríkjunum en ekkert hafi verið negt niður enn sem komið er. Hann er ánægður með viðbrögðin við myndinni. „Myndin er búin að fá mjög góða dóma heima og mjög góða krítík fyrir alla tækniútfærslu, hljóð og mynd og annað. Það er ekki annað hægt en að vera ánægður með það,“ segir hann.

Vill ekki að verða leikstjóri

Jan De Bont, sem Óttar hefur starfað talsvert með í gegnum árin, sló í gegn í Hollywood sem leikstjóri eftir að hafa starfað í fjöldamörg ár sem kvikmyndatökumaður. Hann tók upp myndir á borð við *Die Hard*, *Basic Instinct*, *Leathal Weapon 3* og *The*

Hunt For Red October og var einn sá heitasti í faginu. Þá ákvað hann að söðla um og snúa sér að leikstjórn með góðum árangri.

Óttar segist ekki ætla að feta sömu slóð og Bont og gerast leikstjóri. „Það heillar mig engan veginn. Ég hef engan metnað til að fara í þá átt. Ég hef bara gríðarlega gaman af því sem ég er að gera og vil halda áfram á því sviði. Þetta er mjög fjölbreytt starf,“ segir Óttar og nefnir sem dæmi að tökumenn geti tekið að sér mun fleiri verkefni á hverju ári heldur en leikstjórnar.

Gaman að vinna með Eastwood

Óttar segir að samstarfið við Clint Eastwood við gerð *Flags of Our Fathers* hafi verið mjög gott. „Þetta gekk bara mjög vel og það var gríðarlega gaman að vinna með honum,“ segir hann. Hvort hann muni starfa aftur með þessum merka leikstjóra verði tíminn aftur á móti að leiða í ljós. „Ég væri náttúrulega meira en til í það ef sú staða kæmi upp aftur.“

Spáir Dion Bebe sigri

Óskarsverðlaunin verða afhent í Hollywood í 78. sinn sunnudaginn 5. mars. Fjölmargar myndir eru tilefndar en fáar útnefndar og telur Óttar að *Brokeback Mountain* í leikstjórn Ang Lee verði fyrir valinu sem besta myndin. Hann er þó ekki á því að hún fái verðlaun fyrir bestu kvikmyndatökuna. „Ég hefði gjarnan viljað sjá Januz Kaminski tilnefndan fyrir *Munich* en af þeim sem eru tilnefndir þykir mér líklegast að Dion Bebe hljóti titilinn fyrir kvikmyndatöku í *Memories of Geisha*,“ segir Óttar.



Í LAUSU LOFTI Óttar hefur starfað mikið í Bandaríkjunum og Evrópu undanfarin tíu ár, mest við tök á hinum ýmsu auglýsingum.

SEBASTIAN®
PROFESSIONAL

Hár og förðunarmódel 18-25 ára óskast

á Sebastian sýningu sem verður haldin
í Borgarleikhúsinu sunnudaginn
19. febrúar kl. 15.00.

Á þessari sýningu sýna erlendir fagaðilar
vor og sumarlínur 2006 frá Sebastian
í hári og förðun.

Skráning er í síma 563 63 00 Anna eða Rósa
Fyrir Miðvikudaginn 15 febrúar.



VIÐ TÖKUR Óttar tók nýverið upp Pepsi-auglýsingu með Evu Longoria úr þættinum *Desperate Housewives* í aðalhlutverki.

Úr smiðju Óttars

Óttar Guðnason er orðinn afar virtur kvikmyndatökumaður þrátt fyrir ungan aldur. Hér kemur upp-
taling á fjórum verkefna hans.



FLAGS OF OUR FATHERS Kvikmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, verður frumsýnd í lok þessa árs. Óttar var á D-kameru í myndinni.



A LITTLE TRIP Þessi kvikmynd eftir Baltasar Kormák þykir sérstaklega vel tekin og hefur áhugi á Óttari aukist mikið í kjölfarið.



SKAUPIÐ '99 Óttar tók upp áramótaskaupin árið 1998 og 1999. Var það honum vafalítið dýrmæt reynsla fyrir framtíðina.



PEPSI-AUGLÝSING Hin kynþokkafulla Eva Longoria er í aðalhlutverki í nýrri Pepsi-auglýsingu sem Óttar tók upp í Los Angeles. NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Bókaðu strax
besta verðið
á plusferdir.is

SumarPlús 2006



Net-verðdæmi 25. maí

Tenerife
39.880 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, á Parque de las Americas í 2 vikur.

Net-verðdæmi 17., 24. maí og 21. júní

Benidorm
34.490 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Buenavista og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí

Portúgal
39.280 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Elimar og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 23. og 30. maí

Marmaris
37.600 kr.

á mann miðað að við 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Öz-ay og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 29. maí og 27. júní

Krít
47.250 kr.

á mann miðað að við 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Skala og flugvallarskattar.

Net-verðdæmi 16., 23. maí og 20. júní

Mallorca
35.880 kr.

á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Piti Lari Playa og flugvallarskattar.

Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 200 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

Í BÍÓ



REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI • SELFOSSI

Nýtt í bíó

ÆVINTÝRID ER RÉTT AD BYRJA!

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

SVAKALEGUR SPENNUTRYLLIR

ÞEGAR RÖÐIN KEMUR AD ÞÉR ÞÁ FLÝRÐU EKKI DAUÐANN!

SÝNINGIN VERÐUR AD HALDA ÁFRAM, EN FÖTIN VERDA AD FJÚKA

Walk the Line er eins og klætur. Slegk ástarsaga og mannlíf drama sem lætur engan ósnortinn. - SV MBL

Enjinn ætti að fáta Walk the Line framhjá sér fara því myndin er augandi fyrir augun, eyrun og hjartað. - VVV Topps.is

5 tilnefningar til Oskarsverðlauna M.A. BESTI LEIKARI OG BESTA LEIKKONA ÁRSINS

3 tilnefningar til Golden Globe SEM BESTA MYND ÁRSINS, BESTI LEIKARI OG LEIKKONA ÁRSINS

6 tilnefningar til Oskarsverðlauna - Kvikmyndir.com

SPRENGIHLÆGLEGT framhald. Steve Martin fer enn og aftur á kostum

Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjólskyldumynd, sem heppnast hræint ágætlega! - M.M.J. Kvikmyndir.com

VELJID HÉR AD NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR

| | | |
|---|--|--|
| SMÁRABÍÓ Sími 564 0000 | REGNBÖGINN Sími 551 9000 | DRÖMLANDIÐ Sími 462 3500 |
| ZATHURA m/íslensku tali kl. 1, 3.30 og 5.45 ZATHURA m/ensku tali kl. 3.30, 5.45 og 8 FINAL DESTINATION 3 kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA WALK THE LINE kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA SÝND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA FUN WITH DICK AND JANE kl. 1, 3.45, 5.50, 8 og 10.10 BROKEBACK MOUNTAIN kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA CHEAPER BY TE DOZEN 2 kl. 1, 3.45 DRAUMALANDIÐ kl. 1 | MRS. HENDERSON kl. 3, 5.45, 8 og 10.15 WALK THE LINE kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA MEMOIRS OF GEISHA kl. 3 og 9 LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6 B.I. 14 ÁRA | ZATHURA kl. 1.40, 3.50 og 6 B.I. 12 ÁRA FINAL DESTINATION kl. 6, 8 og 10.10 KRAFTSÝNING B.I. 16 ÁRA WALK THE LINE kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA FUN WITH DICK AND JANE kl. 4 og 8 |

400 KR. Í BÍÓ! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Dolby Digital SDDS Sony Digital Sound ITEX BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

ULTIMISTURMÝSING

ÞEGAR RÖÐIN KEMUR AD ÞÉR ÞÁ FLÝRÐU EKKI DAUÐANN!

POWER-SÝNING

FINAL DESTINATION 3

EGO SVAKALEGUR SPENNUTRYLLIR

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10-POWER stranglega h.l. 16

Jim Carrey Fun with Dick & Jane

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8

6 Oskarsverðlaun

MEMOIRS OF A GEISHA

Sýnd kl. 8 og 10

DRAUMALANDIÐ

Sýnd kl. 2 kl. 10.10

JARHEAD

Sýnd kl. 10:40 h.l. 16

400 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

★★★★★ **400 KR. HEIÐGARTILBOÐ Í SMÁRABÍÓ!** ★★★★★

Fun with Dick & Jane

CHEAPER BY THE DOZEN 2

ISLENSKT TAL DRAUMALANDIÐ

ZATHURA

Aðeins 400 kr. á þessar myndir í Smárabíói í dag kl. 13

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan Britney Spears hefur viðurkennt að hafa gert mistök þegar hún ók með son sinn Preston í kjöltunni á hraðbraut í Kaliforníu á dögunum. Hún segist engu að síður hafa þurft að aka á brott á þennan hátt öryggisins vegna. Segir hún að paparazziljósmyndarar hafi áreitt þau mæðginin og því hafi hún orðið að drífa sig í burtu.

Talið er að ástarsamband rokkarans Richie Sambora og fyrrum aðstoðarkonu hans hafi valdið því að hann hætti með eiginkonu sinni, leikkonunni Heather Locklear. Aðstoðarkonan vann fyrir Sambora í sjö ár þar til hún var rekin á síðasta ári.

Leikkonan Halle Berry kom mörgum á óvart þegar hún birtist með nýja kærastann sinn, fyrir-sætuna Gabriel Aubry, upp á arminn í Versace-veislu á dögunum. Berry, sem er tvífráskilin, byrjaði með hinum þrituga Aubry í desember í fyrra en hefur hingað til farið leynt með sambandið. Á meðal fleiri gesta í veislunni voru Jennifer Lopez, Kate Hudson, Nicolas Cage og Sting.

Talið er ólíklegt að Gary Oldman endurtaki hlutverk sitt sem Sirius Black í næstu Harry Potter-mynd. Oldman, sem lék í síðustu tveimur myndunum, hefur enn ekki skrið undir samning um að leika í þeirri þriðju. Svo virðist sem framleiðendur myndanna hafi ekki haft áhuga á að ráða hann á nýjan leik. Umboðsmaður Oldmans segist afar undrandi á þessu máli.

Colin Farrell hefur neitað öllum sögugögnum þess efnis að hann hafi átt vingott við Angelínu Jolie þegar þau léku saman í Alexander. „Því miður,“ sagði leikarinn í samtali við glanstímaritið OK! „Hún er algjör draumur. Fagmáður fram í fingurgómna en hefur þessa brjáluðu hlíð sem ég elska,“ sagði Farrell sem augljóslega heldur ekki vatni yfir þessari fyrverandi samstarfskonu sinni. Hún er ótrúleg og ég elska hana. Við urðum nánir vinir og mér fannst eins og ég hefði alltaf þekkt hana,“ sagði Farrell í samtali við blaðið.

Velgjörðarsendiherrann Nicole Kidman og kærasti hennar, Keith Urban, komu í fyrsta skipti fram opinberlega á Grammy-verðlaununum. Þau sátu í fremstu röð og létu vel hvort að öðru en Keith hlaut verðlaun sem besti karlsöngvarinn í sveitatónlist. Breska götublaðið The Mirror hefur eftir heimildarmanni að Keith hafi ekki getað haft augun af henni og þau virtust vera mjög hamingjusöm. „Ástarlífið hjá Nicole hefur ekki verið upp á marga fiska þannig að það er frábært að sjá hana brosa,“ sagði heimildarmaðurinn og bætti við að leikkonan ástralska hefði verið ótrúlega stolt af manni sínum.

Stutt stuð hjá Slate

[TÖLVULEIKIR]

UMFIÖLLUN

Dead to Rights-leikirnir sækja innblástur sinn í hasar Hollywood og Hong Kong-bíómynda en útkoman hefur verið æði misjöfn. Fyrsti Dead to Rights leikurinn, Dead to Rights Reckoning, kom út á dögnum fyrir PSP en þar veður lögreglumaðurinn Jack Slate áfram ásamt hundinum Shadow, en þeir eru nokkuð eittrað teymi. Leikurinn er í grunninn ósköp venjulegur hasarleikur sem er spilaður frá þriðju persónu sjónarhorni. Í leiknum er fjöldi vopna og má þar á meðal nefna skammbyssur, vélbyssur og haglabyssur, sem allar gera ágætt gagn gegn óvinum hetjunnar. Gervigreind óvinanna er reyndar ekki alveg upp á hundrad, en sleppur þó fyrir horn. Aðalvopn Jacks er þó hundurinn Shadow, en leikmenn geta sleppt honum lausum með vissu millibili og lítur hann þá á óvinina sem hundafóður og raðar þeim í sig. Annað bragð sem Jack getur beitt er að hægja á tímanum og eiga þar með auðveldara með að kljást við óvinina, nokkurs konar „bullet time“. Í raun gengur Dead to Rights aðeins út á að labba í gegnum borðin, skjóta



DEAD TO RIGHTS RECKONING FYRIR PSP

ALDURSMERKING: 16+

Niðurstaða: Leikur í góðu meðallagi en bætir engu nýju við seríuna. Það eru til miklu betri hasarleikir á PSP.

óvini og fara svo yfir á næsta borð og gera nákvæmlega það sama, sem sagt lítil fjölbreytni. Og talandi um lítið, þá er leikurinn líka frekar stuttur og ættu snjallir spilarar að ná að gleypa hann í sig á 3-4 tímum. Reyndar lengir það líftíma leiksins að það er hægt að spila hann í gegnum þráðlaust net tölvunnar og geta því félagar dundað sér við að skjóta hvor annan á netinu. Graffikin í leiknum er mjög góð og svipar mikið til PlayStation 2 útgáfu leiksins og hljóðið er vel yfir meðallagi en ég verð að segja að frumraun Jack Slate og hundsins Shadow á PSP hefði getað verið betri, þótt inn á milli leynist snilldartaftar.

Ólafur Þór Jónsson

Bítlaæðið 42 ára

Fyrir skömmu voru liðin 42 ár síðan fjórmenningarnir í Bítlunum gerðu strandhögg á austurströnd Bandaríkjanna. Það var þáttastjórnandinn Ed Sullivan sem bauð drengjunum frá Liverpool að koma fram í sjónvarpsþætti sínum og gerðu þeir allt brjálað í landinu. Var talað um Bítlamaniú í Bandaríkjunum og fimm þúsund aðdáendur bitust um þá 750 miða sem í boðu voru. Sullivan þótti forsjáll í þessari bókun sinni en hann sá fagnaðar-



ALGJÖRT BRJÁLAÐIÐ Það varð uppi fótur og fit meðal blaðamanna þegar fjórmenningarnir frá Liverpool mættu á svæðið.

lætin sem brutust út á Heathrow-flugvellið eftir tónleikaferð piltanna í Svíþjóð.

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIDAVEÐIÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR MIDAVEÐIÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006
NORTH COUNTRY

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006
KEIRA KNIGHTLEY
PRIDE & PREJUDICE
HROKI & HLEYPIDÓMAR

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006
MUNICH

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006
MUNICH

| ÁLFABAKKI | KEFLAVÍK | KRINGLAN | HÁSKÓLABÍÓ |
|--|--------------------------------|---|--|
| NORTH COUNTRY KL. 5:15-8-10:40 B.I. 12 | BAMBI 2 ísl. tal KL. 2-4-6 | DERAILED KL. 6-8:15-10:30 B.I. 16 | NORTH COUNTRY KL. 5:30-8-10:30 B.I. 12 |
| BAMBI 2 KL. 2-4-6 | DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16 | BAMBI 2 KL. 12-2-4-6 | BAMBI 2 ísl. tal KL. 3-6:30 B.I. 16 |
| DERAILED KL. 8-10:20 B.I. 16 | FUN WITH DICK & JANE KL. 6-8 | MUNICH KL. 6-8:15-10 B.I. 16 | PRIDE & PREJUD. KL. 5:30-8-10:30 |
| DERAILED VIP KL. 8-10:20 | JARHEAD KL. 10 B.I. 16 | CRONICLES OF NARNIA KL. 12-3 | HARRY POTTER OG ELDB. KL. 2:45 B.I. 10 |
| MUNICH KL. 9:15 B.I. 16 | CRONICLES OF NARNIA KL. 2 | HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 12-3 B.I. 10 | OLIVER TWIST KL. 3-5:30 B.I. 12 |
| PRIDE & PREJUDICE KL. 8 | AKUREYRI | | CRASH KL. 8-10:20 B.I. 16 |
| OLIVER TWIST KL. 1:15-4-6:30 B.I. 12 | BAMBI 2 ísl. tal KL. 2-4-6 | | CRONICLES OF NARNIA KL. 3 |
| RUMOR HAS IT KL. 10:40 | DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16 | | |
| CRONICLES OF NARNIA KL. 2-5 | MUNICH KL. 9 B.I. 16 | | |
| KING KONG KL. 8 B.I. 12 | MARCH OF THE PENGUINS KL. 7 | | |
| LITLI KJULLINN ísl. tal KL. 1:50-3:30 | CRONICLES OF NARNIA KL. 2-4:30 | | |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 2-5 B.I. 10 | | | |

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 491 1770 HÁSKÓLABÍÓ

Renna í gömul og ný Eurovision-lög

Þeir félagar Sigurjón Brink og Gunnar Ólason úr Skítamóral hafa undanfarnin fimmtudagskvöld haldið tónleika fyrir gesti Hverfisbársins sem hafa notið mikilla vinsælda.

Þessi tónleikaröð hóf göngu sína árið 2002 en þá voru það Sigurjón og Jói úr Idol sem héldu uppi stemningunni. Þegar Jói sneri sér að öðrum verkefnum tók Gunnar við kyndli hans. „Við erum að taka allt milli himins og jarðar. Við erum alltaf að breyta og betrum bæta prógramið og tökum líka á móti óskalögum,“ segir Sigurjón. Nefnir hann sem dæmi að lög með Coldplay og U2 séu á meðal þeirra sem séu á dagskránni. „Það er stór og mikill fastur hópur sem hefur verið þarna í gegnum árin. Svo eru að bætast við ný og ný andlit og margir sem hafa fylgt okkur hafa tekið þarna start á helgina,“ segir



SIGURJÓN OG GUNNAR Þeir félagar syngja allt milli himins og jarðar á hverju fimmtudagskvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR

hann. „Við spilum ekki út í eitt heldur tölum líka við hlustendur og reynum að vera myndir.“

Eurovision-lög eru einnig á dagskránni hjá þeim félögum, enda báðir reyndir þátttakendur í keppninni. „Við rennum alltaf í einhver

gömul og ný Eurovision-lög. Við höfum verið beðnir mikið um það undanfarið og höfum reynt fyrir okkur í alls konar lögum. Það er líka alltaf jafngaman að taka við skrítum óskalögum hvort sem það klikkar eða ekki,“ segir hann.

Skapandi sumarstörf

Ertu á aldrinum 17 - 25 ára og hefur áhuga á menningu og listum?

Hitt Húsið auglýsir eftir umsóknum í Skapandi sumarstörf á vegum Reykjavíkurborgar. Hópum eða einstaklingum býðst tækifæri á að starfa í 6 - 8 vikur á tímabilinu 1. júní - 26. júlí við framkvæmd hugmynda sinna.

Skila þarf inn umsókn þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- Greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum.
- Tíma- og verkáætlun verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun.
- Upplýsingar um aðstandendur verkefnisins og tilgreina einn aðila sem tengilið verkefnisins.
- Auk þess skal sækja um verkefnið hjá **Vinnumiðlun ungs fólks www.vuf.is** og útprentuð staðfesting frá þeim verður að fylgja umsókninni.

Umsóknarfrestur er til 31. mars. Umsóknum skal skilað í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3 - 5, 101 Reykjavík, merktum „Skapandi sumarstörf“

Lumar þú á góðri hugmynd?

Athugið að eingöngu er um laun til einstaklinga að ræða en ekki önnur fjármögnun á verkefninu

rh HITT HÚSIÐ

Upplýsingar í síma 520 4602

ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI. ÞESS VEGNA GETUR ÞÚ HÆTT HJÁ HENNI ÞEGAR ÞÚ VILT.

HÚN ER BARA ÞANNIG SKJALDBAKA.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.



Kemur Bjarni heim?

Bjarni Guðjónsson er farinn frá bandaríska félaginu MetroStars en hann hefur afskrifað það að leika í bandarísku atvinnumannadeildinni. Hann fór aftur til Englands þar sem hann ætlar að skoða sín mál en hann er samningslaus. Ef hann fær ekkert áhugavert tilboð í Englandi mun hann halda heim á leið. ÍA hefur víst ekki efni á að fá Bjarna og er talið að baráttan muni standa milli FH og KR.

sport

sport@frettabladid.is



60 MEÐ BJÖRGVINI BJÖRGVINSSYNI

SEKÚNDUR

Að vera íslenskur skíðamaður er... toppurinn.

Lillehammer eða Tórínó...

Lillehammer, flottustu Ólympíuleikar frá upphafi.

Silvía Nótt eða Kristján Hreins... Silvía Nótt.

Besti skíðamaður heims í dag... Benjamin Raich.

Besti skíðamaður allra tíma... Ingemar Stenmark.

Besta skíðabrekka Íslands... Strompurinn á Dalvík.

Besta skíðabrekka í heimi... Dalvík, þegar það er snjór!

Að detta á skíðum á fullri ferð... magnað.

Átrúnaðargoð... Ég sjálfur.

Bestu vonbrigði... Gera ekki það sem maður getur gert.

Besta afrek... Að vinna Ólympíuleikana.

Takmarkið í Tórínó... Milli 10 og 25.

Uppáhaldshljómsveit... Coldplay.

> Sindri ríður á vaðið

Sindri Pálsson skíðakappi úr Breiðabliki ríður á vaðið hjá íslensku keppendum á vetrarólympíuleikum í Tórínó sem hófust um helgina. Sindri keppir í brúni í dag en það verður í fyrsta skipti í 46 ár sem Ísland á keppanda í brúni á Ólympíuleikum. „Ef Sindri nær að vera undir topp 50 þá væri það mjög góður árangur, þetta snýst eins og svo margt annað um dagsformið en þetta er fyra stórmótið hans en mjög viðunandi árangur er að vera á milli sæta 50 og 60. Það má litlu út af bera og ein mistök geta verið mjög dýrkeypt,“ sagði Guðmundur Jakobsson, formaður alþagreiðanefndar skíðasambandsins og aðalfarastjóri Íslands á leikumum.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

9 10 11 12 13 14 15

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Höttur og Grindavík mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 KR og Þór Ak. mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Skallagrímur og Hamar/Selfoss mætast í IE-deild karla.
- 19.15 Njarðvík og ÍR mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Fjölnir og Snæfell mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 Haukar og Keflavík mætast í Iceland Express-deild karla.

SJÓNVARP

- 14.30 Spænski boltinn á Sýn.
- 21.25 NBA á Sýn.
- ÓL í Tórínó á RÚV allan daginn.

Tólf lið í 1. deild karla á næsta ári

Ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleiðum í gær. Stærstu tíðindin þaðan eru að fjölgað verður í 1. deild karla á næsta leiktímabili og þá verða sjö varamenn heimilaðir í Landsbankadeild karla í sumar.

FÓTBOLTI „Þetta er nánast sama tilfinning og þegar maður nær að vinna sig upp um deild,“ sagði Þórður Einarsson, framkvæmdastjóri Leiknis úr Reykjavík, eftir ársþing KSÍ sem var í gær. Á þinginu var samþykkt tillaga um að fjölga liðum í 1. deild karla úr tíu í tólf fyrir leiktímabilið 2007. Það er því ljóst að aðeins eitt lið fellur úr 1. deildinni í sumar og þrjú efstu lið 2. deildar fara beint upp. Samhliða mun eitt lið falla úr 2. deild og þrjú lið komast upp úr 3. deild.

„Öll félög á landinu ættu að vera ánægð með þessa niðurstöðu því þetta er framfaraspur fyrir íslenska knattspyrnu. Þetta er fyrsta skrefið í áttina að lengra leiktímabili og nú munu lið í 1. deild fara að fá fleiri alvöru leiki,“

sagði Þórður en hann telur rökrétt að fjölga síðan í 2. deildinni með sama hætti árið 2008. HK kom einnig með tillögu að fjölgun í 1. deild en með öðrum hætti. Kópavogsmenn drógu til baka sína tillögu til að styðja við þá sem Leiknir kom með.

Tillaga FH um fjölgun varamanna var samþykkt á þinginu í gær en liðum verður því heimilt að hafa sjö varamenn á skýrslu í Landsbankadeild karla og VISA-bikarnum. Tillaga Skagamanna um að leyfa félögum að setja gylltar stjórnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt var einnig samþykkt. Fjöldi stjarna fer eftir því hversu marga Íslandsmeistararitla viðkomandi félag hefur unnið, ein stjarna fyrir hverja fimm titla.



ÞUNGU HUGSI Geir Þorsteinsson og Eggert Magnússon íhuga málin á ársþinginu í gær.

KR ákvað að draga tillögu sína um að heimila varaliðum félaga að taka þátt í Íslandsmótinu til baka og þá var tillaga HK um að byrja deildabikarkeppnina fyrr felld.

Hins vegar var það samþykkt að taka upp alþjóðlegar reglur FIFA fyrir keppni í Futsal í stað þeirra sem hafa gilt um innanhússknattspyrnu. -egm

Mál Jóhanns Birnis Guðmundssonar skýrast:

Búinn að semja við GAIS til eins árs

FÓTBOLTI „Ég er búinn að ná munnlegu samkomulagi við GAIS um að spila með liðinu í eitt ár og skrifa undir samninginn á morgun [í dag]. Þeir taka bara nánast við samningi mínum frá Örgryte og ég er virkilega ánægður með að þetta sé gengið í gegn,“ sagði Jóhann Birni Guðmundsson knattspyrnukappi við Fréttablaðið í gær en hann skiptir því um lið í Gautaborg í Svíþjóð og þarf hann því ekki að flytja sem er mjög mikill kostur.

Keflavík og FH vildu fá Jóhann til liðs við sig en úr því verður ekki og fer Jóhann með sínu nýja liði í æfingafærð til Florída í Bandaríkjunum strax á morgun.

„Mér list mjög vel á allar aðstæður hjá liðinu og þjálfarinn,“



JÓHANN B. GUÐMUNDSSON

gamla kempa Roland Nilson, er fínn. Hann virkar vel á mig og það er mikill léttir að þetta hafi gengið í gegn,“ sagði Jóhann að lokum, í skýjunum yfir því að ná samningum við GAIS. -hþ

Jónas Guðni Sævarsson leikmaður Keflavíkur:

Óvíst um framhaldið

FÓTBOLTI Óvíst er hvort Jónas Guðni Sævarsson fái samning hjá Ham-Kam í Noregi en hann hefur verið við æfingar hjá liðinu í vikutíma. Jónas kemur heim í dag en Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að hann byggist ekki við tilboði frá liðinu. Ham-Kam þyrfti að greiða Keflavík fyrir Jónas en hann er á þriggja ára samningi hjá Sudurnesjálíðinu.

„Ég hef ekkert heyrð í þeim sjálfum en ég heyrði að það væri ekki von á tilboði frá þeim að svo stöddu en þó er aldrei að vita. Ég veit að hann stóð sig mjög vel og við viljum að sjálfsögðu að hann fari út þrátt fyrir að það yrði virkilega slæmt að missa hann. Auðvitað vildum við fá bætur fyrir strákinn eins og gengur og gerist

en ef tilboð bærst myndum við gera allt til þess að Jónas kæmist út til Noregs,“ sagði Rúnar í gær.

Jónasi gekk þó mjög vel og hann var ánægður með dvöl sína í Noregi og vonaðist vissulega eftir að fá samning hjá liðinu.

„Ég væri að fara einu skrefi lengra með því að fara herna út og uppfylla æskudrauminn um atvinnumennskuna og ef mér byðist samningur myndi ég skoða það gaumgæfilega. Mér hefur gengið mjög vel í vikunni, við höfum verið að æfa tvisvar á dag og unnum svo æfingaleik í gær 2-0 þar sem mér gekk ágætlega svo það er aldrei að vita,“ sagði Jónas við Fréttablaðið í gær, en bætti við að spennandi hlutir væru að gerast í Keflavík en liðið ætlar sér stóra hluti í Landsbankadeildinni í sumar. -hþ

RENAULT
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Kangoo

NÝ SENDING

www.renault.is

Kangoo



Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.420.000

Verð frá kr. 1.140.562 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 21.895

Fjármögnunarleiga kr. 17.586 án vsk.

Trafic



Renault Traffic dci100 - Dísel

Verð frá kr. 2.230.000

Verð frá kr. 1.791.165 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 34.696

Fjármögnunarleiga kr. 27.868 án vsk.

Master



Renault Master

Verð frá kr. 2.390.000

Verð frá kr. 1.919.679 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 37.224

Fjármögnunarleiga kr. 29.899 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Með bílinn handa þér



DRÍFA SKÚLADÓTTIR Drífa er hér í leik gegn Stjörnunni en hún skoraði eitt mark í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur lagði gríska liðið Athiniakos 37-29:

Valsstúlkur réðu vel við áskorunina

HANDBOLTI Valur er komið áfram í áskorandakeppni Evrópu eftir góðan 37-29 sigur á HC Athiniakos en leikurinn fór fram í Grikklandi í gær. Valsstúlkur töpuðu fyrri leiknum 26-24 en bitu heldur betur frá sér í seinni leiknum og unnu rímmuna samtals 61-55. Ágúst Jóhannsson, hjálfi Vals, var virkilega ánægður með sigurinn en átta liða úrslit keppinnar fara fram í mars.

„Ég er mjög ánægður með þennan sigur, það var fyrst og fremst liðsheildin sem skóp sigurinn en stemningin í liðinu er frábær,“ sagði Ágúst við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. „Við vorum að spila mjög vel og náðum fljótlega fimm marka forystu. Allt gekk upp bæði í vörn og sókn og núna

duttu dauðafærin inn í stað þess að leka út eins og þau gerðu í fyrri leiknum. Við misstum aðeins tókin á þessu undir miðjan síðari hálfleik og heimastúlkur náðu að koma þessu niður í tvö mörk. Þá skiptum við um vörn, fórum í 5-1 og við það riðlaðist þeirra leikur. Við skoruðum helling af mörkum úr hraða-upphlaupum á lokasprettinum og gengum frá þeim. Við spiluðum hraðan leik og sprengdum þær gjörsamlega,“ sagði Ágúst.

„Við munum líklega mæta mjög sterku liði í átta liða úrslitunum en þó eru þarna lið inni á milli sem við eigum góða möguleika gegn. Eitt er ljóst að um hörkuleiki verður að ræða og við bíðum bara spennit eftir næstu áskorun,“ sagði Ágúst að lokum. - hph

Stórleikur Inter og Juventus fer fram í kvöld:

Toppslagur á Ítalíu

FÓTBOLTI Stærsti leikur tímabilsins á Ítalíu fer fram í kvöld þegar Inter tekur á móti Juventus. Þarna mætast tvö efstu lið deildarinnar og má reikna með hörkuleik en ef Inter sigrar minnkar bilið í topplið Juventus niður í sex stig en með tapi má segja að Juventus sé komið með aðra höndina á bikarinn.

„Þessi leikur er gríðarlega mikilvægur fyrir bæði lið. Þegar ég var í Egyptalandi horfði ég á alla leiki Inter í sjónvarpinu og fannst óþægilegt að geta ekki tekið þátt,“ sagði nígeríski landsliðsmaðurinn Obafemi Martins sem snýr aftur í lið Inter eftir að hafa verið að spila á Afríkumótinu. Hans hefur verið sárt saknað í liði Inter og líklegt að hann byrji við hlið Adriano í kvöld.

Javier Zanetti, fyrirlíði Inter, hefur biðlað því til dómara leiksins að hann leggi sig allan fram í leiknum. „Það er alltaf hart barist þegar þessi tvö lið mætast og mikið af vafaatriðum sem koma upp. Því miður hefur hallað á okkur í þessum vafaatriðum í síðustu viðureignum við Juventus,“ sagði Zanetti en Inter tapaði síðasta deildarleik sínum fyrir Fiorentina 2-1 í síðustu viku.

Juventus hefur ekki verið jafn sannfærandi upp á síðkastið og liðið var í byrjun tímabils.



MIKILVÆGUR LEIKUR Dejan Stankovic og Pavel Nedved ræða saman í viðureign liðanna í fyrri. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sóknarmennirnir Zlatan Ibrahimovic og David Trezeguet hafa ekki verið mjög beittir í síðustu leikjum en á miðvikudag gerði liðið 1-1 jafntefli við Parma. Gianluca Zambrotta meiddist í þeim leik og verður ekki með Juventus næstu þrjár vikurnar.

Búast má við því að Gianluca Paparesta, dómari leiksins, hafi í nógu að snúast í kvöld en leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn.

- egm



Þjálfarastyrkir ÍSÍ

Vor 2006

Verkefnasjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands auglýsir hér með til umsóknar styrki fyrir íþróttþjálfara til að sækja sér menntun eða kynna sér þjálfun erlendis.

Veittir verða **10 styrkir**, hver að upphæð **kr. 50.000.-**

Við úthlutun verður leitast við að styrkja sem flestar íþróttageinar. Þjálfarar hvers kyns hópa (afreksmanna, barna og unglina o.s.frv.) koma jafnt til greina við úthlutun. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um styrkina. Styrkhæfar teljast umsóknir vegna ferða/námskeiða á tímabilinu 1. janúar 2006 til 30. júní 2006.

Tekið er við umsóknum á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem skal skilað til skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fyrir mánudaginn 6. mars nk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal og á heimasíðu ÍSÍ – www.isisport.is

NAVISION SMALL BUSINESS

Fjárfesting til framtíðar

Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinn
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja **NAVISION SMALL BUSINESS**

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

| Dæmi um viðbótarlausnir | Verð |
|-------------------------|----------|
| - Hver aukantandi | 64.000.- |
| - Launakerfi | 40.000.- |
| - Innheimtakerfi | 40.000.- |
| - Verkbókhald | 40.000.- |

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

www.maritech.is

R SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR SMS LEIKUR

Meistaradeildin í 100% beinni! Henry vs. Beckham • Arsenal vs. Real Madrid

Þú gætir unnið:
• Ferð fyrir 2 á leikinn*
• PS2 tölvu
• PSP tölvu
• Fótbolta tölvuleiki
• Fullt af DVD og tölvuleikjum og fleira!

*Ferðin á leikinn er dregin úr öllum innsendum skeytum þann 6. mars. Vinningshati verður birtur á www.gras.is

Carlsberg býður þér og vini þínum á Highbury að sjá Arsenal vs Real Madrid 8. mars! Sendu SMS skeytið JA SPORT á númerið 1900 og þú gætir unnið.

Við sendum þér 2 spurningar. Þú svarar með því að senda SMS skeytið JA A, B eða C á númerið 1900.

9. hver vinnur! Ferð þú á leikinn?

Vinningar verða afhentir í Skifunni Smáralind/Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

Ótrúlegt að enn sé ekki búíð að fjölga

Athygli vakti að á ársþingi KSÍ sem fram fór í gær barst ekki tillaga um að fjölga liðum í efstu deild karla úr tíu í tólf. Sigurður Jónsson, þjálfari Grindvíkinga, er mjög undrandi á þessu og í viðtali við Hjaltu Þór Hreinsson lýsir Sigurður áhyggjum sínum af framþróun íslenskrar knattspyrnu og staðhæfir að vel sé hægt að fjölga strax í ár úr tíu í tólf lið án stórvægilegra breytinga.

Það hefur verið lengi í umræðunni að fjölga liðum í efstu deild karla úr tíu í tólf. Enn sem komið er hefur það ekki verið samþykkt. Á ársþingi KSÍ árið 2005 var tillöggunni vísað frá en þess í stað skipuð nefnd til að skoða hvað þyrfti að gera svo að mögulegt væri að lengja keppnistímabilið.

Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að lengja keppnistímabilið án þess að bæta keppnisvæðinguna umtalsvert, með hita og sjálfvirkni vatnskerfi en það myndi fela í sér mikinn kostnað fyrir félögin.

Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkinga í Landsbankadeild, karla telur það lífsnauðsynlega þróun fyrir íslenska knattspyrnu að fjölga liðum í deildinni sem allra fyrst. „Það þarf að fjölga leikjum og lengja keppnistímabilið, við erum að æfa alltof mikið af árinu til þess að fá að spila aðeins í nokkra mánuði og ég tel að það sé klárlega grundvöllur fyrir því að lengja tímabilið, það er það sem allir leikmenn vilja. Það er ótrúlegt að ekki sé búíð að fjölga miðað við hversu lítið þarf til og hversu mikil áhrif þetta myndi hafa á knattspyrnuna á Íslandi,“ sagði Sigurður sem gefur lítið fyrir þær niðurstöður að mikill kostnaður þyrfti að felast í lengingu keppnistímabilsins.

Má spila þéttar

„Það má spila leikna mun þéttar en gert er núna. Það þarf ekki að koma að nema fjórum leikjum til viðbótar við þessa átján og það er lítið mál að byrja til dæmis keppnistímabilið aðeins fyrr, ljúka því aðeins seinna og sleppa því að taka frí um verslunarmannahelgina sem er algjörlega óþarft,“ segir Sigurður og bendir á annan mjög stóran kost við að fjölga leikjunum í efstu deild.

„Fjölgun myndi þýða að liðin yrðu að öllum líkindum með stærri leikmannahópa sem þýðir

að ungir leikmenn fá fleiri tækifæri til að spreya sig og geta þar með komið sér á framfæri. Það eru ekki nægilega margir ungir leikmenn sem fá að spreya sig og öðlast reynslu sem er mjög mikilvægt fyrir stráka á þessum aldri,“ sagði Sigurður.

En eru vellirnir í nógu góðu ásigkomulagi til að fjölga leikjum?

„Mín skoðun er sú að það sé ekki hugsað nægilega vel um vellina. Það eru margir sem ég hef rætt við sem eru sammála mér í því að það sé byrjað að huga að völlum fyrir sumarið alltof seint. Það væri hægt að hjálpa gifurlega mikið til með því að leggja dúka yfir vellina sem myndu hlífa þeim, vellirnir yrðu þar með tilbúnir mun fyrr,“ bendir Sigurður á og bætir við að tímabilið á Íslandi, sem hefst iðulega um miðjan maímánuð, sé einfaldlega of seint.

„Það er mjög auðvelt að byrja mótið viku til tíu dögum fyrr. Ég er búinn að spila á völlum í Skotlandi og Svíþjóð við svipaðar aðstæður og það er ekkert því til fyrirstöðu að gera slíkt hið sama hérna heima,“ segir Sigurður sem hefur spilað sem atvinnumaður í Englandi, Skotlandi og Svíþjóð.

En hvað leiðir fjölgunin af sér?

„Við myndum spila fleiri leiki á hverju ári sem væri mjög gott fyrir knattspyrnuna í heild sinni. Mótið er mjög stutt eins og er og eðli málsins samkvæmt eru þjálfarar ekki tilbúnir til að taka miklar áhættur í þessum fáum leikjum þar sem það er einfaldlega of mikið í húfi. Menn eru mjög hræddir við að nota yngri leikmenn þar sem þú mátt ekki við því að tapa neinum stigum. Ég veit að ég og eflaust fleiri þjálfarar væru tilbúnir til að gefa fleiri ungum leikmönnum tækifæri með fleiri leikjum. Það myndi án efa skili sér í betri leikmönnum sem er ekkert nema jákvæð þróun fyrir knattspyrnuna á Íslandi,“ sagði Sigurður.



SIGURÐUR JÓNSSON Segir að löngu sé orðið tímabært að fjölga liðum í efstu deild úr tíu í tólf. Á ársþingi KSÍ í gær var samþykkt að fjölga liðum í 1. deild en engin tillaga um fjölgun í efstu deild barst og því er fjölgun í deildinni ekki á dagskrá á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



SIGURÐUR JÓNSSON Er ekki mjög jákvæður á að fjölgað verði úr því sem komið er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Útsláttarkeppni?

Til að bæta við spennuna í deildarkeppninni kemur Sigurður með athyglisverða hugmynd, að taka upp útsláttarkeppni í efstu og 1. deild um sæti í efstu deild árið eftir.

„Tvö lið fara sjálfkrafa niður en síðan tæki við útsláttarkeppni um laus sæti í efstu deild. Það myndi halda spennunni í mótinu lengur en raun ber vitni í dag og skapa fleiri leiki sem skiptu máli á lokasprettinum,“ sagði Sigurður og tekur dæmi um FH og Val á síðasta ári.

„FH var löngu búíð að tryggja sér Íslandsmeistarátitilinn áður en mótið var búíð og Valur var búíð að tryggja sér annað sætið. Það dró spennuna mikið úr mótinu sem var þar með búin á toppnum. Ef svipað væri uppi á teningnum í framtíðinni myndi það auka spennuna fram eftir móti sem skilar sér í mætingu fólks á völlum auk þess sem það hvetur leikmenn til að gefa allt í á lokasprettinum. Þetta dæmi hefur sýnt sig í öðrum löndum og hefur gefist vel fyrir þar,“ sagði Sigurður en fyrirkomulagið þekkist víða um Evrópu.

Sigurður segir að góðir hlutir gerist hægt og varlega verði að fara í sakirnar, ekki sé hægt að gera íslensku deildina jafn stóra og umfangsmikla og stóru deildirnar á Norðurlöndunum eru en í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru fjórtán lið í efstu deildunum.

„Ég vil byrja á því að fjölga liðum í tólf áður en skrefið upp í fjórtán liða deild verður tekið. Það þarf ekki að byggja nýja velli og setja hitakerfi og fleira á vellina til að fjölga í tólf lið, sem vissulega væri hægt í sumar, en það gildir annað mál ef fjölga á í fjórtán lið. Ef á að fjölga um fjögur lið og bæta við átta leikjum þá er klárlega þörf á því að laga vellina en eins og staðan er í dag er engin þörf á því í tólf liða deild,“ sagði Sigurður en bætti

við að fríin í kringum landsleiki væru erfiðari en þó væri hægt að skoða ýmsa kosti í kringum þau.

„Landsliðsfríin eru erfiðari þar sem ungmennalandsliðið spilar daginn áður en A-landsliðið og þrátt fyrir að það séu fáir leikmenn úr efstu deild í A-liðinu eru oft margir í ungmennaliðinu. Það er hugsanlegt að spila bara þegar landsleikir eru og félög þyrftu að taka því að missa sína menn í nokkra daga, en þá missa þeir hugsanlega af einum leik af 22 sem væri enginn heimsendir fyrir félögin sem fengu lengra tímabil í staðinn. Félögin þyrftu að sjálf-sögðu að komast að samkomulagi um þetta atriði en þetta myndi einnig hugsanlega gefa yngri leikmönnum tækifæri í staðinn,“ ítrekaði Sigurður.

Gervigrasið ekki skemmtilegt

Talað er um að hægt væri að spila til að mynda fyrstu tvær umferðir Íslandsmeistarátitilinn inni í knattspyrnuhöllunum en flestir eru alfaríð á móti þeirri hugmynd, þar á meðal Sigurður sem sér einfadlega ekki þörf fyrir það eins og staðan er í dag. Sigurður er einnig alfaríð á móti því að félög byggja gervigrasvelli og spili á þeim í efstu deild hér heima.

„Gervigrasið tekur þetta óvænta og skemmtilega úr fótboltanum, það geta verið þúfur á vellinum og undirlagið mismunandi að gerð og mýkt. Auk þess gerir bleytan grasvöllum mönnum oft erfitt fyrir en fótboltinn missir þann eiginleika á gervigrasinu þar sem undirlagið er nánast alltaf eins,“ sagði Sigurður og bætti við að mikil óánægja væri með að gervigrasvelli væru notaðir í efstu deild í Svíþjóð þar sem hann spilaði.

Deildabikar inn í Íslandsmótið?

Sigurður kom með aðra athyglisverða hugmynd sem gengur út á

að láta Deildabikar KSÍ fá meira vægi en hann er spilaður alfaríð í knattspyrnuhöllunum.

„Það væri einnig hægt að ræða hvort Deildabikarinn mætti fá meira vægi og láta hann koma inn í Íslandsmótið. Þannig gætu úrvalsdeildarliðin verið saman í riðlum og fengu ákveðin stig eftir árangri í Deildabikarunum. Þannig væri hægt að gefa fleiri leikjum aukíð vægi enda eru margir leikmenn á launum allan ársins hring.

Til dæmis gæti efsta liðið fengið nokkur stig inn í Íslandsmótið en eins og staðan er í dag er Deildabikarinn ekkert annað en æfingamót þar sem engin verðlaun eru í boði. Fjögur til fimm stig inn í Íslandsmótið gætu verið góð verðlaun fyrir hvaða lið sem er,“ sagði Sigurður sem er ekki mjög jákvæður á að fjölgað verði á næstunni en það getur úr þessu í fyrsta lagi gerst sumarið 2008.

Verðum að láta verkin tala

„Ég er ekkert mjög jákvæður úr því að þetta er enn ekki komið. Það virðist vera sú skoðun að það þyrfti gervigrasvelli og upphitaða velli til að hægt sé að fjölga og ég sé það ekki gerast nærri því strax, ekki á meðan skoðun forystumanna knattspyrnusambandsins er þessi. Ég hefði viljað sjá þetta samþykkt í tólf liða deild fyrir löngu síðan en þetta hefur verið í umræðunni í langan tíma.

Menn hafa verið að tala meira en að láta verkin tala. Ég myndi halda að það að ekki sé búíð að fjölga í deildinni, hefti framþróun íslenskrar knattspyrnu og þeir sem stjórna hljóta að bera einhverja ábyrgð á því. Ég er mjög undrandi á því að það sé ekki tillaga um þetta á ársþingi KSÍ um helgina,“ sagði Sigurður og sendi knattspyrnukefju að lokum.

hjalti@frettabladid.is

Iceland Express
» deildin

Stórleikur í Grafarvogi: Fjölnir – Snæfell

í kvöld kl. 19:15

Grafarvogsbúar og aðrir Fjölnismenn!
Mætum öll í Íþróttamiðstöðina við
Dalhús og hvetjum okkar menn til
sigurs. Við þurfum ykkar stuðning!

Enska úrvalsdeildin

| |
|--|
| WIGAN - LIVERPOOL 0-1 |
| 0-1 Hyppia (30) |
| ARSENAL - BOLTON 1-1 |
| 0-1 Nolan (12), 1-1 Silva (90) |
| ASTON VILLA - NEWCASTLE 1-2 |
| 0-1 Ameobi (12), 1-1 Moore (16), 1-2 Zogbia (29) |
| FULHAM - WEST BROMWICH 6-1 |
| 1-0 Heiðar (4), 2-0 Heiðar (40), 3-0 Radzinski (48) 4-0 Sjálfsmark (58), 5-0 John (83) |
| EVERTON - BLACKBURN 1-0 |
| 1-0 Beattie (33) |
| MIDDLESBROUGH - CHELSEA 3-0 |
| 1-0 Rochemback (2), 2-0 Downing (45), 3-0 Yakubu (68) |
| PORTSMOUTH - MAN. UTD. 1-3 |
| 0-1 Nistelrooy (18), 0-2 Ronaldo (38), 0-3 Ronaldo (45), 1-3 Taylor (87) |

STADA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|-----------|----|----|---|----|-------|----|
| CHELSEA | 26 | 21 | 3 | 2 | 52-16 | 66 |
| MAN. UTD | 26 | 16 | 6 | 4 | 52-27 | 54 |
| LIVERPOOL | 25 | 14 | 6 | 5 | 31-17 | 48 |
| TOTTENHAM | 25 | 12 | 8 | 5 | 34-21 | 44 |
| ARSENAL | 25 | 12 | 5 | 8 | 39-20 | 41 |
| BOLTON | 24 | 10 | 9 | 5 | 30-23 | 39 |
| WIGAN | 26 | 12 | 3 | 11 | 30-32 | 39 |
| WEST HAM | 25 | 11 | 5 | 9 | 36-34 | 38 |
| BLACKBURN | 25 | 11 | 4 | 10 | 31-31 | 37 |
| EVERTON | 26 | 11 | 3 | 12 | 19-32 | 36 |
| MAN CITY | 25 | 10 | 4 | 11 | 33-28 | 34 |

Enska 1. deildin:

| |
|---|
| BRIGHTON - LEICESTER 1-2 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliðinu hjá Leicester í leiknum og lék hann til enda. |
| CARDIFF - STOKE 3-0 |
| Hannes Þ. Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Stoke. |
| DERBY - LEEDS 0-0 |
| Gylfi Einarsson var allan tímann á bekknum. |
| HULL - NORWICH 1-1 |
| IPSWICH - BURNLEY 2-1 |
| PLYMOUTH - SHEFF UTD 0-0 |
| PRESTON - LUTON 5-1 |
| QPR - MILLWALL 1-0 |
| SHEFF WED - CRYSTAL PALACE 0-0 |
| WATFORD - COVENTRY 4-0 |
| WOLVES - CREWE 1-1 |

STADA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|-----------|----|----|----|---|-------|----|
| READING | 33 | 25 | 7 | 1 | 72-19 | 82 |
| SHEFF UTD | 33 | 21 | 7 | 5 | 59-32 | 70 |
| WATFORD | 33 | 17 | 10 | 6 | 61-38 | 61 |
| LEEDS | 32 | 17 | 8 | 7 | 44-25 | 59 |
| PRESTON | 32 | 13 | 15 | 4 | 44-23 | 54 |
| CR.PALACE | 32 | 15 | 8 | 9 | 45-31 | 53 |

Þýska úrvalsdeildin

| |
|--|
| BIELEFELD - STUTTART 2-1 |
| 1-0 Boakye (31), 1-1 Magnin (37), 2-1 Boakye (50) |
| DUISBURG - MUNCHENGLADBACH 1-1 |
| 1-0 Lavric (4), 1-1 Svensson (20) |
| FRANKFURT - HANNOVER 0-1 |
| 0-1 Yankov (78) |
| HAMBURGER - MAINZ 1-0 |
| 1-0 Mahdavi (6) |
| SCHALKE - BAYER LEVERKUSEN 7-4 |
| 1-0 Larsen (9), 2-0 Kristajic (17), 3-0 Bajramovic (34), 3-1 Voronin (40), 3-2 Berbatov (50), 4-2 Kuranyi (55), 5-2 Larsen (63), 5-3 Voronin (64), 5-4 Krzynowek (70) 6-4 Lincoln (76), 7-4 Asamoah (81) |
| WERDER BREMEN - KAISERSLAUTERN 0-2 |
| 0-1 Sanogo (71), 0-2 Skela (88) |
| WOLFSBURG - HERTHA BERLÍN 1-1 |
| 0-1 Marcelinho (víti 32), 1-1 Hoffland 63. |

Heiðar með stórleik fyrir Fulham

Heiðar Helguson átti sannkallaðan stórleik fyrir Fulham í gær þegar liðið vann stórsigur á West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni. Middlesbrough vann mjög óvæntan 3-0 sigur á meisturunum í Chelsea.

FÓTBOLTI Íslenski landsliðsmaðurinn Heiðar Helguson fór svo sannarlega á kostum í gær þegar lið hans Fulham gjörsgraði West Bromwich Albion 6-1 í ensku úrvalsdeildinni á heimavelli sínum. Heiðar skoraði tvö fyrstu mörkin í leiknum og þá átti hann stóran þátt í öðru marki sem var skráð sjálfsmark hjá varnarmanni West Brom. Annað mark Heiðars var sérstaklega fallegt en þá skoraði hann með hörkuskalla. Hann hefur nú gert átta mörk á leiktíðinni og er svo sannarlega búinn að sýna sig og sanna hjá félaginu.

Chris Coleman hrósaði sóknarparinu Brian McBride og Heiðari eftir leikinn. „Þeir eru stórir og sterkir strákar sem gefa varnarmönnum engan frið,“ sagði Coleman.

Liverpool komst aftur á beinu brautina með því að leggja Wigan 1-0 með fyrsta marki Sami Hyypia á leiktíðinni. „Við þurfum að leggja mikið á okkur til að ná þessum sigri og við sýndum mikinn karakter með því að ná honum. Þessi sigur var sérstaklega mikilvægur fyrir okkur þar sem úrslitin í undanföllum leikjum hafa verið mjög neikvæð. Þetta er mikilvægt fyrir sjálfstraust leikmannanna,“ sagði Rafael Benítez, knattspyrnu- stjóri Liverpool.

Óvæntustu úrslit gærdagsins voru án nokkurs vafa í leik Middlesbrough gegn Chelsea en þar töpuðu Englandsmestarárnir 3-0. „Á tíma mínum með Chelsea í úrvalsdeildinni er þetta í þriðja sinn sem ég þarf að horfa upp á ósigur. Það er ekki verkur vafi á því að þetta var sá verst af þeim.

Við áttum ekki skilið að tapa hinum tveimur leikjunum en það er hins vegar ljóst að við áttum ekki skilið að fá neitt út úr þessum leik,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea.

Steve McClaren, stjóri Middlesbrough, getur farið að anda léttar en fyrir þennan leik hafði liðið aðeins unnið einn af síðustu ellefu leikjum sínum. „Þrátt fyrir alla erfiðleikana hefur liðið alltaf staðið saman og andinn verið góður. Við vorum verðlaunaðir fyrir það í þessum leik,“ sagði McClaren.

Glenn Roeder hefur verið að gera góða hluti með Newcastle United en hann stýrir félaginu til bráðabirgða. Í gær vann félagið annan leik sinn í röð þegar það bar sigurorð á útivelli gegn Aston Villa 2-1. Shay Given, markvörður Newcastle, varði vítaspyrnu frá Milan Baros í stöðunni 1-1. „Þetta var ekki sanngjarn sigur hjá Newcastle. Við gáfum þeim tvö mörk á silfurfati en annars stjórnuðum við seinni hálfleiknum algjörlega,“ sagði David O'Leary, stjóri Aston Villa en Roeder var honum ekki sammála.

Manchester United minnkaði forystu Chelsea niður í tólf stig með því að vinna Portsmouth 3-1 þar sem Cristiano Ronaldo skoraði tvívegis en United var með þriggja marka forystu í hálfleik.

- egm



HEIÐAR Í STUÐI
Heiðar Helguson hefur nú skorað átta mörk fyrir Fulham á leiktíðinni.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Arsene Wenger, stjóri Arsenal:

Boðið að taka við enska landsliðinu

FÓTBOLTI Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var boðið að taka við enska landsliðinu árið 2000 þegar Kevin Keegan hrökklaðist úr starfi. Wenger var tekinn fram yfir núverandi stjóra landsliðsins, Sven Göran Eriksson, sem mun hætta með landsliðið eftir heimsmeistaramótið í sumar.

„Ég var bedinn að taka við starfinu en ég gaf þeim alltaf sama svar þar sem landsliðið snýst ekki alfarið um fótbolta,

hann fer saman með menningu þjóðarinnar og þjóðarstoltinu,“ sagði Wenger og bætti við að sér þætti eðlilegast ef stjórinn væri enskur.

„Landsliðið er mjög mikilvægt fyrir fólk, það sést á áhuganum þegar liðið er í sjónvarpinu. Þetta snýst ekki aðeins um fótboltann, ef England væri að spila gegn Færeyjum myndi það samt laða að fleiri áhorfendur en þegar Liverpool mætir Arsenal.“ - hþ



ARSENE WENGER Hefði getað tekið við enska landsliðinu.NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

Ekki tala við Spinelli fyrri hluta vikunnar

Vofa gengur nú ljósru logum í knattspyrnuheimi Evrópu – vofa eiganda knattspyrnuliðanna. Þegar rétt tæpir tveir þriðju hlutar leiktíðarinnar eru liðin og línurnar eru farnar að skýrast fyrir lokaspættinn í deildinni hefur gripið um sig mikil taugaveiklun meðal eiganda liðanna og fær nú hver þjálfari á fætur öðrum að fjúka.

Ög skiptir litlu hvað menn heita og höfðu afrekað fyrrum. Þannig fengu tveir ungir og stórefnilegir þjálfarar að fjúka í Serie A í vikunni, þeir Roberto Donadoni hjá Livorno og Serse Cosmi hjá Udinese.

Frægasti og sigursælasti þjálfari ítalskrar knattspyrnusögu, Giovanni Trapattoni, fékk sömu leiðis að taka pokann sinn hjá Stuttgart í Þýskalandi.

Þessir brottrekstrar voru mál málanna í vikunni á Ítalíu í bland við mikinn styr um ummæli Fabios Capello um vist sína á Spáni þótt ekki þurfi Capello að óttast um atvinnuöryggi sitt, eflaust enginn

þjálfari í dag í traustara sæti nema kannski José „Kristur“ Mourinho hjá Chelsea.

Donadoni móðgaðist

Atgangurinn í kringum Capello sýnir hversu mikil áhrif pólitískar réttþugsunar eru orðin í pressunni. Capello sagðist í viðtali hafa notið mjög dvalar sinnar á Spáni þennan eina vetur sem hann stýrði Real Madrid fyrir réttum áratug. Samfélagið hefði verið dýnamískt, skipulagðra en hann hefði átt von á og að honum hafi þótt Ítalía hálf sofandi í sam- anburðinum.

Einhverjir túlk- uðu orð hans um spænska skipulagið á þann hátt að hann væri að hrósa Franco einræðisherra og skósveinum hans fyrir að skilja Spán eftir í góðum hönd-

um. Capello brást reiður við, sagðist alla tíð hafa verið hatrammur andstæðingur fasista og minnti á að faðir hans hefði dvalið í fangabúðum nasista á stríðsárunum.

Serse Cosmi hefur náð miklu út úr litlu hjá liðum sínum en í þetta sinnið gekk honum flest í mót, Udinese nú í tólfta sæti og brottreksturinn kom ekki á óvart. Uppsögn Robertos Donadoni var hinsvegar óvænt og málalátubúnaður hjá Livorno svo dásamlega séríttalskur og kómískur að fánaleikinn kallaði fram bros hjá öllum nema aðdáendum félagsins.

Donadoni hefur náð að kreista fram ótrúlega mikið úr liðinu, það er nú í sjötta sæti

og á góða möguleika á Evrópusæti. Að auki hefur Livorno spilað mjög góðan fótbolta og þótti Donadoni afsanna þá kenningu að sóknarfir leikmenn yrðu oft varnarsinn- aðir þjálfarar. En uppá síðkastið hefur heldur hægt á siglingunni og um síðustu helgi gerði liðið jafntefli við Messina.

Dómgæslan í þeim leik var sikileyngunum mjög hagstæð og hafa bæði dómari og annar línu- varðanna fyrir vikið verið settir útaf sakaramenntinu hjá ítalska knattspyrnusambandinu. Úrslitin svo ósanngjörn sem mest mátti vera en það róaði ekki hinn skapstóra eiganda Livorno Aldo Spinelli sem réðst með harkalegum hætti á Donadoni í sjónvarpinu á mánudagskvöldið.

Donadoni móðgaðist og sagði af sér strax morguninn eftir. Fyrirliðinn og markamaskínan Christian Lucarelli reyndi að telja honum hughvarf og hann og umboðsmaður hans bentu Donadoni á að það ætti aldrei að taka mark á Spinelli fyrstu þrjá dagana eftir tapleik,

það hefði verið vinnuregla hjá þjálfurum Livorno í gegnum tíðina að taka ekki mark á Spinelli eftir leik helgarinnar fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudegi!

Jafnteflin felldu Trap

Giovanni Trapattoni var nýlega valinn í lið allra tíma hjá AC Milan hjá vefnum Football Italia. Ekkert pláss í því liði fyrir Donadoni sem var þó miklum mun flinkari spilar. Trap lék í 11 ár með Milan og hóf þjálfaraferil sinn hjá þar.

Hann er í hópi fimm sigursælustu þjálfara heims og aðeins einu sinni á þrjátíu ára ferli hafði honum verið sagt upp áður, er hann gerði misheppnaða tilraun til að rífa Cagliari upp fyrir tíu árum.

Varfærni Trapattonis hefur aukist með árunum, hann náði að steingelda hið annars nánast ófrjóða ítalska landslið og tólf jafntefli í tuttugu leikjum Stuttgart voru of mikið fyrir hina annars þolinmóðu Þjóðverja. En Trap er ódrepani og þrátt fyrir árin 66 segist hann ekki hættur.



Golf á Íslandi 2006

Stórskemmtileg
sýning og ráðstefna

11.-12. febrúar

á Nordica Hotel

SKYR
SJÁÐU

UPPLIFÐU

PRÓFAÐU

...skemmtun og fróðleik
sem enginn golfari má láta
fram hjá sér fara!

David Edwards
Trick Shot Show



*
Spennandi
keppnir
Glæsilegir
vinningar

Farðu holi í höggi
og keyrðu heim
á glænýjum
* VW Golf
Highline!

Skýr
smoothie
SKYRDRYKKUR
SMOOTHIES Heilsuopnun



ICELANDAIR
www.icelandair.is

iceXpo

OPNUNARTÍMI:
Laugardag kl. 11.00-18.00
Sunnudag kl. 11.00-18.00

MÍÐAVERÐ:
1500 kr. (6-12 ára 500 kr.)
Helgarpassi 2250 kr.

Nánari upplýsingar á www.icexpo.is/golf

Ath. miðinn gildir fyrir alla viðburði sýningar og ráðstefnu.
Börn yngri en 14 ára þurfa að koma í fylgd með fullorðnum.

Áttum einfaldlega ekki skilið að vinna leikinn

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, segir að of margt hafi brugðist til að Fram hafi getað lagt sterkt lið Hauka að velli. Haukar unnu leikinn 30-27 og mæta Stjörnunni í bikarúrslitaleik karla þann 25. nóvember í Laugardalshöll.

HANDBOLTI „Við spiluðum ekki nægilega vel í þessum leik, Haukar voru einfaldlega betri og áttu sigurinn skilinn,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, eftir undanúrslitaleikinn gegn Haukum. Leikurinn var kaflaskiptur og liðin skiptust á að raða inn mörkunum án þess að andstæðingurinn fengi rönd við reist en Haukar höfðu að lokum þriggja marka sigur.

„Við byrjuðum leikinn vel en náðum ekki að fylgja því eftir. Varnarleikurinn var góður að stórum hluta en á öðrum köflum var hann að sama skapi slakur og þannig missum við niður forystuna okkar. Það var grátlegt að jafna í 20-20 og fá tvö tækifæri til að jafna en nýta þau ekki. Auk þess náðu lykilmenn í liðinu sér ekki á strik, þetta er ungt lið og það má lítið út af bregða ef ekki á illa að fara og við áttum ekki skilið að vinna leikinn,“ sagði Guðmundur og bætti við að fjölmargt hefði þurft að ganga upp til að sigra feikisterkt lið Hauka.

Það var þó aðeins markvarsla Birkis Ívars Guðmundssonar sem hélt Haukum inni í leiknum til að byrja með en Framarar mættu mjög ákveðnir til leiks með dyggan stuðning fjölmargra stuðningsmanna sinna. Liðið spilaði fráþæra vörn og Egíðijus Petkevicius markmaður varði alls sextán skot í leiknum auk þess sem Magnús Erlendsson átti góða innkomu og



MYND Andri Stefan leikmaður Hauka skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í leiknum án þess að Þorri Guðmundsson og Stefán Stefánsson komist til varnar FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

varði sex skot, þar af fjögur víta-köst. Það dugði þó ekki til þar sem óskynsamur sóknarleikur var allsráðandi hjá gestunum á Ásvöllum á meðan Haukar léku af mikilli skynsemi og yfirvegum og kláruðu leikinn örugglega.

„Það var ekki mikið sem skildi á milli liðanna í dag. Mér fannst við vera að spila mjög slakan varnarleik í 55 af 60 mínútum í leiknum en sem betur fer gekk sóknarleikurinn okkar ágætlega upp og það bjargaði okkur í þessum leik,“ sagði Birkir Ívar, markmaður Hauka, eftir leikinn en hann varði þrettán skot í markinu

og boltarnir sem hann varði úr dauðafærum vógu þungt gegn Frömurum.

„Þetta var mjög erfiður leikur og Framararnir eru með gott lið og við vorum að hluta til heppnir að vinna leikinn miðað við þá slöku vörn sem við vorum að spila. Við lögðum okkur alla fram, það er ekki hægt að taka það af okkur en það gerðu Framararnir líka og það skilaði sér í þesum hörkuleik. Við erum með aðeins betra lið og sýndum það í dag,“ sagði Birkir Ívar að lokum en bætti við að það kæmi ekkert annað til greina en að hirða bikarinn. hjalti@frettabladid.is

Stjarnan komst í gær í úrslit bikarsins með dyggum stuðningi í Ásgarði:

ÍBV átti fá svör gegn Stjörnunni

HANDBOLTI „Við byrjuðum leikinn mjög vel og höfðum svör við öllu sem þeir gerðu. Þeir buðu okkur velkomna í skot og við hittum vel þannig að ég er hæstánægður,“ sagði Patrekur Jóhannesson eftir að Stjarnan tryggði sér í úrslitaleik SS-bikars karla með 36-32 sigri gegn ÍBV á heimavelli sínum í gær. Stjarnan hafði forystuna allan tímann, voru yfir 19-14 í hálfleik og unnu á endanum með fjög-

urra marka mun. Eyjamenn tóku Tite Kalandaze og Patrek báða úr umferð á kafla í seinni hálfleik en það skilaði ekki tilætluðum árangri.

„Við vorum mjög vel undirbúnir og allir sinntu sínu hlutverki. Ófugt við þá hældum við kjafti og það skilaði sér. Þeir svekkja sig líklega á því núna að hafa verið að rífa kjaft allan leikinn,“ sagði Patrekur en hann var markahæstur í leiknum

með ellefu mörk. Leikmenn ÍBV létu mótlætið fara í taugarnar á sér og voru mikið að svekkja sig á dómgæslunni.

„Í byrjun vorum við alltof hátt stemmdir andlega og vorum að láta reka okkur af velli á klaufalegan hátt. Svo vorum við að pirra okkur út í dómara og þeir borga það margfalt til baka í leiknum. Til að byrja með vorum við að gera slæm mistök í sókninni en svo komst það í gang. Vörnin hjá okkur var alveg hrikaleg og þar af leiðandi var erfið fyrir Bjögga að standa í markinu. Stjarnan er með þrusugott lið og ef maður ætlar að ná að sigra Stjörnuna þá verður maður að spila vörn,“ sagði Kristinn Guðmundsson, þjálfari ÍBV, í leikslok. Mladen Cacic var bestur í liði gestanna í gær og skoraði tíu mörk.

Fjölmenni var á leiknum í gær og stuðningsmenn Stjörunnar létu vel í sér heyra og gáfu leiknum skemmtilegan lit. „Það er að myndast góð stemning hérna og stuðningsmennirnir eiga stóran þátt í þessum sigri í dag,“ sagði Patrekur sem var hæstánægður með stuðninginn sem liðið hefur fengið. - egm



GÓÐUR LEIKUR Tite Kalandaze átti góðan leik og skoraði 6 mörk.



Námskeið í Ólympíu

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands auglýsir eftir tveimur þátttakendum, konu og karli, á námskeið ungs íþróttafólks (20 til 35 ára) á vegum Alþjóða Ólympíuakademíunnar í Ólympíu í Grikklandi dagana 19. júní til 3. júlí n.k.

Flugferðir og upphald eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Leitað er eftir einstaklingum sem náð hafa mjög góðum árangri í íþróttagrein (-greinum) og/eða sinnt kennslu/þjálfun/félagsstörfum innan íþróttahreyfingarinnar, ásamt því að sýna málefnum Ólympíuhreyfingarinnar sérstakan áhuga. Þeir skulu hafa gott vald á ensku og/eða frönsku og vera fyrirmynd annars æskufólks í hvívetna.

Umsóknarfrestur er til 3. mars n.k.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu ÍSÍ eða á heimasíðu sambandsins, www.isisport.is

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri Fræðsluviðs, Andri Stefánsson í síma 514-4000 og einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið: andri@isisport.is

Spennandi bikarúrslitaleikur kvenna framundan:

Haukar mæta ÍBV

HANDBOLTI „Heimavöllurinn hafði sín áhrif á okkur og það peppaði liðið mjög vel upp, við vorum að spila vel á köflum en vorum nálægt því að kasta þessu frá okkur en sem betur fer spýttum við aftur í lófana undir lokin og kláruðum þetta. Við spiluðum of stuttar sóknir og ekki nógu skynsamlega en við kláruðum leikinn og það skipti öllu máli.“ sagði Guðmundur Karlsson þjálfari Hauka eftir leikinn.

Haukar voru þremur mörkum yfir þegar sex mínútur lifðu leiks en Gróttustúlkur minnkuðu muninn í eitt mark þegar þrjár mínútur voru eftir. Þær náðu þó ekki að jafna og Haukar fóru með 25-22 sigur af hólmi og tryggðu stúlkuurnar sér sæti í úrslitaleiknum þar sem þær mæta ÍBV.

Leikurinn var jafn og spennandi en Haukastúlkur voru alltaf skrefinu á undan í miklum baráttuleik þar sem hart var barist út um allan völl. Á endanum komu of mörg mistök í sókninni niður á Gróttustúlkum sem gáfu allt í leikinn en það dugði ekki til.

„Við vorum staðráðnar í að vinna leikinn en gamla góða dagsformið var ekki okkar megin í dag,“ sagði Gerður Einarsdóttir, fyrirliði Gróttu, eftir leikinn.



HART BARIST Það var hart tekið á í leik Hauka og Gróttu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Heppni spilar líka inn í þetta og við hefðum getað jafnað þetta undir lokin en það vantaði herslumuninn sem var nóg fyrir Hauka að vinna okkur að þessu sinni,“ sagði Gerður að lokum. - hph

Stílhreinir skammtarar – úr ryðfríu stáli á tilboði



Lotus Professional

Hagkvæm heildarlausn fyrir snyrtinguna



4.779 kr.

Lotus Miðap. skápur Mararþon RVS



4.779 kr.

Lotus sápuskammtari RVS



6.968 kr.

Compact WC statif RVS 2rl.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Bikarkeppni karla:

Undanúrslit:
HAUKAR-FRAM 30-27

Mörk Hauka: Kári Kristján Kristjánsson 6, Arnar Pétursson 6, Andri Stefan 5, Guðmundur Pedersen 5, Frey Brynjarsson 3, Árni Þór Sigtryggsson 2, Samúel Ívar Árnason 1, Jón Karl Björnsson 1, Halldór Ingólfsson 1. **Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 13.

Mörk Fram: Stefán Stefánsson 7, Sergey Serenko 6, Þorri Gunnarsson 5, Rúnar Káráson 3, Guðjón Drengsson 2, Haraldur Þorvarðarson 2, Jóhann Einarsson 2. **Varin skot:** Edgevítius Petkevicius 16, Magnús Erlendsson 6 (4 víti).

STJARNAN-ÍBV 36-32

Mörk Stjörnunnar: Patrekur Jóhannsson 11, Tite Kalandadze 6, David Kekelia 6, Þórólfur Nielsen 4, Arnar Theodórsson 3, Björn Óli Guðmundsson 3, Kristján Kristjánsson 2, Gunnar Jóhannsson 1. **Varin skot:** Jacek Kowal 15 (2 víti).

Mörk ÍBV: Mladen Cacic 10, Sigurður Bragason 5, Jan Vitpil 5, Michael Dostalík 4, Ólafur Víðir Ólafsson 4, Grétar Þór Eyþórsson 3, Svavar Vignisson 1. **Varin skot:** Björgvin Páll Gunnarsson 8 (2 víti).

Bikarkeppni kvenna:

Undanúrslit:
HAUKAR-GRÓTTA 25-22

Mörk Hauka: Hanna G. Stefánsdóttir 11, Guðbjörg Guðmannsdóttir 5, Ramune Pekanskyte 3, Inga Friða Tryggvadóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 2, Harpa Melsteð 1, Martha Hermannsdóttir 1. **Varin skot:** Helga Torfadóttir 13, Kristína Matuzevicute 7.

Mörk Gróttu: Karen Smith 7, Agnes Árnadóttir 4, Gerður Einarsdóttir 3, Arndís María Erlingsdóttir 3, Kristín Þórðardóttir 2, Ivana Veljkovic 2, Þórunn Friðriksdóttir 1. **Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 21 (2 víti).

Áskorendakeppni kvenna í handbolta:
ATHINIAKOS-VALUR 29-37

Mörk Vals: Alla Gokorian 13, Ágústa Edda Björnsdóttir 8, Rebekka Skúladóttir 8, Arna Grímsdóttir 5, Drífa Skúladóttir 1, Hafrún Kristjánsdóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1. **Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 22.

Valur komst áfram samanlagt 61-55 úr tveimur leikjum og er komið í átta liða úrslit keppinnar.

VÍSIÐ

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr.

Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. **Þú gerir ekki betri kaup.**

Verð frá kr. 2.670.000

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006



Leður á gírhúð



Vindskeið



Samlitur



16 tommu álfelgur og heilsársdekk



Leðurstýri og skriðstillir



Með bílinn handa þér

HYUNDAI
hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Every time I try to talk to someone it's „sorry this“ and „forgive me that“ and „I'm not worthy“ ...“

Guð úr kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail frá árinu 1975.

Svar:

dagskrá**Í TÆKINU MADONNA LEIKUR Í DESPERATELY SEEKING SUSAN Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD****Með 35 dollara í vasanum**

Söng- og leikkonan Madonna heitir fullu nafni Madonna Louise Veronica Ciccone. Hún fæddist 16. ágúst árið 1958 og átti hún fimm systkini. Foreldrar hennar voru Silvio „Tony“ P. Ciccone verkfræðingur og Madonna Louise Fortin sem lést úr brjóstkrabbameini þegar Madonna var aðeins fimm ára gömul.

Madonna var heiðursnemandi í grunnskóla, stóð sig vel í íþróttum og var í klappstýruliðinu. Eftir skyldunám fékk Madonna styrk til dansnáms í háskóla í Michigan, hún kláraði tvö ár þar og hélt svo til New York þar sem hún reyndi fyrir sér sem dansari. Við komuna til New York átti hún aðeins 35 dollara í vasanum og til að afla sér tekna sat hún meðal annars nakin fyrir á myndum. Árið



1979 tók Madonna saman við tónlistarmanninn Dan Gilroy og saman stofnuðu þau hljómsveitina the Breakfast Club. Ári síðar stofnaði hún hljómsveitina Emmy en hætti í henni til að semja sólólag, mestmagnis danslög, sem nutu mikilla vinsælda í klúbbum New Yorkborgar. Tónlist Madonna barst svo til eyrna plötuútgefandans Sire Records. Á sama tíma fékk Madonna sitt fyrsta kvikmyndahlutverk í sjálfstæðri mynd sem hét A Certain Sacrifice. Madonna náði svo heimsfrægð nokkrum árum síðar og má með sanni segja að heimurinn hafi fengið að sjá meira af Madonna en ýmsir hafa kosid.

Þrjár bestu myndir Madonna

Evíta - Madonna: Truth or Dare - A League of Their Own



▶ 21.10
Spenna

Í VARDHALDI



▶ 21.20
Spenna

TWENTY FOUR



▶ 20.00
Gaman

AMERICAN DAD



▶ 21.00
Drama

BOSTON LEGAL



▶ 12.20
Fótbolti

GLASGOW RANGERS – GLAGOW CELTIC

SIÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin 8.01 Jói og þóra 8.03 Skordýr í Sólarlaut 8.25 Jói og þóra 8.26 Hopp og hí Sessami 8.39 Jói og þóra 8.52 Stjáni 9.04 Jói og þóra 9.15 Teiknimyndir 9.23 Liló og Stích 9.45 Orkuboltinn 10.00 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

12.40 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 14.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 15.50 Latibær 16.20 Spaugstofan 16.50 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó Fyrri samantekt dagsins.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.10 Bítlabærinn Keflavík (2:2) Mynd í tveimur hlutum um íslenska poppmenningu og vöggu hennar í Keflavík.

▶ 21.10 Í varðhaldi (2:4) (Háktet) Sænskur myndaflokkur um gæsluvarðhaldsfanga og fangaverði. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Helgarsportíð

22.15 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó Listhlaup á skautum, parakeppni, skylduæfingar frá laugardegi.

23.15 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 23.45 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó 0.50 Kastljós 1.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



7.00 Pingi 7.10 Myrkfælnu draugarnir 7.25 Töfravagninn 7.50 Addi Paddi 7.55 Oobi 8.05 Véla Villi 8.15 Doddi litli 8.25 Kalli og Lóla 8.40 Normafélagið 9.05 Ginger segir frá 9.30 Hjólagerið 9.55 Skrimslaspilið 10.20 Sabrina 10.45 Hestaklúbburinn 11.10 Tvíbura-systurnar 11.35 Home Improvement 4

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 14.00 Neighbours 14.20 Neighbours 14.40 Neighbours 15.00 Neighbours 15.20 Neighbours 15.45 Það var lagið 16.45 Punk'd (1:8) (e) 17.15 Absolutely Fabulous (1:8) 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Kompás

20.00 Sjálfstætt fólk

20.35 The Closer (10:13) (Málalok) (Butler Did It) Vellauðug ekkja finnst látin og skömmu síðar fremur þjónninn hennar sjálfsmorð. Bönnuð börnum.

▶ 21.20 Twenty Four (3:24) (24) Jack fylgist með rússnesku hryðjuverkamönnunum og bíður færís að ráðast til atlögu. En þeir eru farnir að taka gísla af lífi til að þrýsta kröfum sínum í gegn og tíminn því orðinn naumur. Stranglega bönnuð börnum.

22.05 Rome (4:12) (Rómaveldi) (Stealing From Saturn) Pompeius lúrir fyrir utan Rómaborg og bíður þess að ráðast til atlögu gegn Sesari. Á meðan safnar Sesar liði sínu og leitar að þeim sem hafa lofað honum stuðningi í borginni. Stranglega bönnuð börnum.

23.00 Idol – Stjörnuleit 0.30 Idol – Stjörnuleit 0.55 We Were Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) 3.10 Vatel 4.50 The Closer (10:13) (Bönnuð börnum) 5.35 Fréttir Stöðvar 2 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS

16.50 Fashion Television (13:34) (e) 17.15 Summerland (10:13) 18.00 Idol extra 2005/2006 (e)

18.30 Fréttir NFS

19.10 Friends 6 (21:24) (e)

19.35 Friends 6 (22:24) (e)

▶ 20.00 American Dad (11:13) (e)

20.30 The War at Home (5:22) (e) (Bigger They Come, The)

21.00 My Name is Earl (5:24) (e) (Teacher Earl) Earl er smáglæpamaður sem ákveður að bæta fyrir alla þá slæmu hluti sem hann hefur gert um ævina.

21.30 Invasion (5:22) (e) (Unnatural Selection) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar. Kemur þá ýmislegt dularfullt í ljós sem engar rökréttar skýringar virðast á.

22.15 Reunion (4:13) (e)

23.00 HEX (19:19) (e) 23.45 Smallville (9:22) (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 Behind the Scenes 12.30 Celebrity Soup 13.00 E! Entertainment Specials 14.00 Live from the Red Carpet 16.00 Awards Fashion Police 17.00 The E! True Hollywood Story 19.00 Celebrity Soup 19.30 Big Buzz Gone Bad 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Celebrity Soup 23.30 Wild On Tara 0.00 Live from the Red Carpet 2.00 Awards Fashion Police

SKJÁREINN

10.15 Fasteignasjónvarpið (e) 11.00 Sunnudagsþátturinn

12.00 Cheers – öll vikan (e) 14.00 How Clean is Your House (e) 14.45 Family Affair (e) 15.15 Worst Case Scenario (e) 16.00 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.00 Innlit / útlit (e) 18.00 Close to Home (e)

19.00 Top Gear

19.50 Less than Perfect

20.15 Yes, Dear Chuck Norris leikur öryggisvörð í mynd sem myndverð er að gera.

20.35 According to Jim

▶ 21.00 Boston Legal Í Boston Legal sjá áhorfendur heim laganna á nýjan hátt. Alan á í sérstöku vináttusambandi við Denny Crane sem er farinn að eldast og hættir til að gleyma.

21.50 Da Vinci's Inquest Þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

22.40 Desperately Seeking Susan Rosanna Arquette leikur húsmóður sem fær áratúu í garð Susan, sem er leikin af Madonna. Húsmóðirin þráir að vera Susan, en sjálf er Susan hundelt af mafiunni.

0.20 Threshold (e) 1.10 Sex and the City (e) 2.40 Cheers (e) 3.05 Fasteignasjónvarpið (e) 3.15 Östóðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

11.20 Portsmouth – Man. Utd. frá 11.02 13.20 Sunderland – Tottenham (b) 15.50 Man. City – Charlton (b) 18.15 Fulham – W.B.A. frá 11.02

20.30 Helgaruppgjör

21.30 Helgaruppgjör (e)

22.30 Wigan – Liverpool frá 11.02 Leikur frá því í gær.

0.30 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Head of State 8.00 Interstate 60 10.00 What About Bob? 12.00 Dante's Peak 14.00 Head of State 16.00 Interstate 60 18.00 What About Bob? 20.00 Dante's Peak (Tindur Dantes) 22.00 Gothika (Martróð) Halle Berry leikur geðlækni sem vaknar upp í sinni verstu martróð; sem sjúklingur á geðsjúkrahúsini sem hún vann eitt sinn á. 0.00 The Laramie Project (Bönnuð börnum) 2.00 Rules of Attraction (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Gothika (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SAMTAL UM UPPELDI OG MENNTUN

Foreldravöld í Kennaraháskóla Íslands þriðjudaginn 14. febrúar kl. 20:00

EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM um liðan nemenda og námsárangur

Að þessu sinni skoðum við hvernig einstaklingsmiðað nám stuðlar að bættri liðan nemenda og hvaða áhrif það hefur á námsárangurinn þegar nemendur eru öruggir og ánægðir í skólanum. Merkir frumkvöðlar á þessu sviði verða með Innlegg á fundinum - þau Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskólann og Sif Vigþórsdóttur skólustjóri í Norðlingaskóla. Auk þess heyrum við sjónarmið Ágúst Ólasonar sem hefur kynnt einstaklingsmiðuðu námi sem foreldri og kennari.

Foreldravöldin í Kennaraháskóla Íslands eru notalegir fundir yfir kaffisopa fyrir foreldra leik- og grunnskólubarna og aðra sem áhuga hafa á uppeldis- og menntamálum.

Verið velkomin 14. febrúar kl. 20:00 í húsnæði Kennaraháskóla Íslands – gengið inn frá Háteigsvegi.

Foreldravöldin eru í boði Símenntunarstofnunar Kennaraháskóla Íslands, Heimilis og skóla og SAMFOK

Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands



Heimili og skóli Landssamtök foreldra



VIÐ MÆLUM MEÐ...

Kompás

Djöfladyrkun og MS-sjúkdómurinn

Í kvöld fjallar Kompás m.a. um satanisma á Íslandi. Saga djöfladyrkunar hér á landi verður sögð og rætt við tvo menn sem trú á satan og iðka sínar trúarathafnir samkvæmt því. Kompás ræðir við prest í kirkju satans í New York og presta hér á Íslandi um djöfladyrkun. Er margir sem trú á Satan hér á landi? Hvernig framkvæma þeir sínar trúarathafnir? Drepa þeir geitur á altari djöfulsins? Kompás heimsækir einnig MS-sjúkling í Mosfellsbænum; sjúklingurinn segir sögu sína og hvernig lífsbaráttan gengur við þessar erfiðu aðstæður þar sem bæturnar frá Tryggingastofnun hrökkva skammt í nútíma neytlusamfélagi. Átakanleg saga manns sem glímur við ólæknandi sjúkdóm.

Stöð 2, NFS kl. 19.10

Jóhannes Kr. Kristjánsson er umsjónamaður þáttarinn



► 21.10
Fréttir

60 MINUTES



10.00 Fréttir 10.05 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Fréttaljós

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna. 12.25 Silfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Fréttaljós 16.00 Fréttir 16.10 Silfur Egils 17.45 Hádegis E 18.00 Veðurfréttir og íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir og veður

19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og þau krufin til merrjár.

20.00 Fréttaljós Vikulegur fréttaskýringarþáttur með fjölda gesta í myndveru í umsjónfréttastofu NFS.

► 21.00 Silfur Egils Umræðubáttur í umsjá Egils Helgasonar.

22.35 Veðurfréttir og íþróttir

23.05 Kvöldfréttir 23.45 Síðdegisdagskrá endurtekin í h

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.40 Olympic Games: Olympic News Flash 12.45 Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 14.15 Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy 15.00 Luge: Winter Olympic Games Torino Italy 16.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 16.45 All Sports: Daring Girls 17.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 18.45 Luge: Winter Olympic Games Torino Italy 19.15 Short Track Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 20.15 Olympic Games: Olympic News Flash 20.20 Short Track Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 21.15 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 22.00 Olympic Games: Olympic Extra 23.00 All Sports: Daring Girls 23.15 Olympic Games: Mission to Torino (m2t) 23.30 Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 0.00 Tennis: WTA Tournament Paris 1.00 Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy 2.00 Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 Secrets of the Ancients 13.00 Classic EastEnders 13.30 Classic EastEnders 14.00 EastEnders Omnibus 14.30 EastEnders Omnibus 15.00 EastEnders Omnibus 15.30 EastEnders Omnibus 16.00 Cavegirl 16.25 Cavegirl 17.00 Home From Home 17.30 Ground Force 18.00 White Shark Red Triangle 18.50 Animal Camera 19.20 Two Thousand Acres of Sky 20.10 Ray Mears' Extreme Survival 21.00 Star Portraits 21.30 Two Pints of Lager & a Packet of Crisps 22.00 SAS Desert – Are You Tough Enough? 23.00 Spooks 0.00 Around the World in 80 Treasures 1.00 What the Industrial Revolution Did for Us 1.30 Landscape Mysteries 2.00 Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Air Crash Investigation 13.00 Megastructures 14.00 Return To Titanic 15.00 A Night to Remember 17.30 Treasures of the Titanic 18.00 Hunter Hunted 19.00 Alien Worlds 20.00 Megastructures 21.00 Air Crash Investigation 22.00 Air Crash Investigation 23.00 Surviving Maximum Security 0.00 Air Crash Investigation 1.00 Air Crash Investigation

ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous 13.00 Weird Nature 13.30 Supernatural 14.00 Maneaters 14.30 Predator's Prey 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Big Cat Diary 17.00 Crocodile Hunter 18.00 State of the Great Ape 19.00 Life of Mammals 20.00 Animal Cops Houston 21.00 Animal Precinct 22.00 Venom ER 23.00 Weird Nature 23.30 Supernatural 0.00 Life of Mammals 1.00 State of the Great Ape 2.00 Venom ER

DISCOVERY

12.00 The Greatest Ever 13.00 Birth of a Sports Car 14.00 Mythbusters 15.00 Brainiac 16.00 Firehouse USA 17.00 Ten Ways 18.00 American Hotrod 19.00 American Chopper 20.00 Mythbusters 21.00 My Shocking Story 22.00 My Shocking Story 23.00 Testing the Games 0.00 A Haunting 1.00 FBI Files 2.00 Mythbusters

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurokademíunnar 11.00 Messufall

12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi e. 14.00 Sögur af fólkí 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Frjálssar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e.

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Tímans nýu bendingar 11.00 Guðsþjónusta í Víðalínskirkju 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjöl-

skylduleikritið: Landið gullna Elidur 13.45 Fiðla Mozarts 14.15 Söngvámál 15.00 Sögumenn: Ég var alltaf að hrasa og meiða mig 16.10 Endurómur úr Evrópu 18.26 Seiður og hól 19.00 Afsprengr 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Smásaga: Dagur eins og hver annar 22.30 Grúsk 23.00 Andrámur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhorníð

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.45 Veðurregnrir 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

„Frá! Farið frá! Marsbúarnir eru að koma!“

Nú gefst Íslendingum í fyrsta sinn kostur á að sjá konsertuppfærslu af söngleiknum vinsæla eftir JEFF WAYNE með nokkrum af vinsælustu söngvurum landsins í broddi fylkingar. **Tryggðu þér miða núna á netinu** því aðeins er um þessa einu tónleika í

HÁSKÓLABÍÓI að ræða.

TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI

FIMMTUDAGINN 23. FEBRÚAR KL. 19.30

Hljómveitarstjóri :: Bernharður Wilkinson

Sögumaður :: Jóhann Sigurðarson

Leikstjóri :: Sigurður Sigurjónsson

Söngvarar :: Margrét Eir, Jón Jósef Snæbjörnsson,

Matthías Matthíasson og Friðrik Ómar Hjörleifsson

MIÐAVERÐ :: 3.800 / 3.500 KR.





20% AFSLÁTTUR TIL 17. FEBRÚAR
EF GREITT ER MEÐ VISA-KREDITKORTI

Jeff Wayne :: Innrásin frá Mars



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS





HRÓSIÐ

...fær Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður fyrir frábæran árangur í starfi.

HIN HLIÐIN MAGNÚS EIRÍKSSON TÓNLISTARMAÐUR

Mannþekkingin helsti kosturinn

Hvað er að fréttá? Allt gott.

Augnútur? Grænbrúnn.

Starf? Tónlistarmaður.

Fjölskylduhagir? Ég er ekkjumaður. Missti konuna mína fyrir um það bil sex árum.

Hvaðan ertu? Ég er innfæddur Reykavíkingur.

Ertu hjátrúarfullur? Nei, í raun og veru ekki. Er frekar forlagatrúar eins og svo margir Íslendingar.

Upphaldssjónvarpsþáttur? Ég á engan upphaldssjónvarpsþátt.

Upphaldsútvarpsþáttur? Ég hlusta ekkert á útvarp. Maður er stundum með smá músikeitrun.

Upphaldsmatur? Glóðarsteikt nautalund á Ben's Steakhouse í New York.

Fallegasti staður? Snæfellsnesið.

Hvað er skemmtilegast? Að spila með góðum tónlistarmönnum og elska góða konu.

Hvað er leiðinlegast? Kannski að ganga frá böggpóstinum.

Helsti veikleiki? Þeir eru svo margir að ég vil ekki telja þá upp.

Helsti kostur? Það væri kannski helst mannþekkingin sem maður heldur að maður sé búinn að koma sér upp á langri ævi.

Helsta afrek? Ætli það sé ekki bara að halda haus.

Mestu vonbrigði? Að missa konuna mína af fljótt.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Jón Gnarr á góðum degi.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Óstundvísi og hranaleg framkoma.

Upphaldskvikmynd? Ég er bíófrík, þannig að þetta er alveg vonlaus spurning. Núna í dag segi ég The Bunker, myndin um síðustu daga Hitlers.

Upphaldsbók? Í dag er það Trúðurinn eftir Henrich Böll.

Hvað er mikilvægast? Það er fjölskyldan þegar upp er staðið.



SPLASH TV
FIMMUDÖGUM KL. 20:30

FYLGSTU MEÐ!



STONE OG ÓLAFUR Þessi dularfulli maður verður líklegast næsta viðfangsefni Ólafs en ævihlaup Mike Stone er æði skrautlegt en hann var meðal annars lífvörður Elvis Presley.



SKOPMYNDIN Í GRAPEVINE Ekki í fyrsta sinn sem blaðið gagnrýnir DV.

Láta DV heilsa að nasistasíð

Það var ekki við öðru að búast en að Bart Cameron, ritstjóri tímaritsins Reykjavík Grapevine, hefði sterkar skoðanir á myndbirtingum Jótlandspóststans á Múhameð spámanni og efnistöfum fjölmiðla í kjölfarið. Blaðið tæklar málið í nýjasta tölublaði sínu með því að birta sína eigin skopteikningu og er ómyrkt í máli.

Á myndinni sést hvar Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, stendur í ræðupúltri og biður þá sem eru, ólíkt múslimum, hlyntir tjáningarfrelsi um að rétta upp hönd. Gegnt honum standa nokkrir menn, rígspertrir með útrétta hönd og minnir það ekki lítið á nasistakveðjuna alræmdu. Hver þeirra hefur borða á upphandlegg sínum með titli nokkurra dagblaða sem hafa birt myndirnar sem Jótlandspósturinn lét gera. Íslendingar eiga sinn fulltrúa, því einn borðinn er merktur DV.

Grapevine og DV hafa um skeið eldað grátt silfur saman og er ólíklegt að þetta nýjasta útskið leiði til þess að stríðsöxin verði grafin.

-bs

ÓLAFUR JÓHANNESSON: GERIR HEIMILDARMYND UM MIKE STONE

Stakk undan Elvis Presley

Ólafur Jóhannesson kvikmynda-gerðarmaður er um þessar mundir að ljúka tökum á sinni nýjustu mynd, Queen Raquel, en hún fjallar um heim kynskiptinga á Filippseyjum. Þegar Ólafur leitaði að samstarfsfólki við gerð myndarinnar komst hann í kynni við Mike Stone sem að margra mati er helsta karate-góðsögn í sögu kvikmyndanna. „Ég er með frábært teymi hérna úti sem útvegar allt við gerð myndarinnar,“ útskýrir leikstjórinn þegar hann er krafinn skýringar á kynnum þeirra félaga. „Í gegnum þau komst ég í kynni við Stone en hann starfar við gerð myndarinnar,“ segir Ólafur en Mike á að baki heldur magnaða sögu.

Einkalíf hans var með skrautlegasta móti en tuttugu ár eru liðin síðan hann flúði sviðsljósið og settist að á eyjunni Bohol þar sem hann


fhugar, lifir á ávöxtum og æfir. Hann var á sínum tíma lífvörður upptökustjórans Phils Spector, Bítillsins John Lennon og rokkkóngsins Elvis Presley auk þess sem hann átti í ástarsambandi við Priscillu Presley sem varð til þess að rokkkóngurinn og hún skildu. „Mike var besti vinur Bruce Lee og eini maðurinn sem hann vildi ekki slást við,“ segir Ólafur en Lee var handviss um að Stone myndi ganga frá honum. Þar að auki er hann hálfbróðir leikkonunnar Sharon Stone, sem lék í hinni frægu Basic Instinct, og var nánasti samstarfsmaður Chucks Norris.

Fjölmeðg bókaforlög hafa falast eftir því að fá kappann til að skrifa ævisögu sína enda er ævihlaupið hans kynngimagnað. „Hann hefur alltaf neitað en með okkur hefur tekist góður vinskapur og hann hefur fallist á að segja mér sögu

sína. Finnst það tímabært,“ segir Ólafur og ekki laust við að mikillar eftirvæntingar gæti í rödd hans.

Leikstjórinn hefur talað lauslega við nokkur dreifingarfyrirtæki um myndina og þau hafa sýnt henni áhuga. „Það er auðveldlega hægt að selja hana í formi sjónvarpsmyndar til Bandaríkjanna en það finnst mér ekki spennandi enda vil ég bara gera stórar myndir fyrir áhorfendur,“ segir leikstjórinn og bætti við að hann væri líklegast á leiðinni næstu daga til að taka upp efni með Mike þar sem hann býr á eyjunni Bohol. „Verkefnið er á rannsóknarstigi og það er í nógu að snúast hjá mér. Búddamunkurinn Róbert kemur út í haust, svo Queen Raquel. Ég verð bara að koma Mike Stone að einhvers staðar þar á milli.“

freyrigja@frettabladid.is



SIRKUS RVK
FÖSTUDÖGUM KL. 20:00

FYLGSTU MEÐ!



ANDRÉS Í 4. SÆTI
NÝTT FÓLK, NÝ REYKJAVÍK

ANDRÉS JÓNSSON ER FORMADUR UNGLIÐAHREYFINGAR SAMFYLKINGARINNAR

WWW.ANDRÉS.IS

Gorbatsjev með fyrirlestur

Mikhaíl Gorbatsjev, fyrrum aðalritari kommúnistaflokksins í Sovétríkjunum, er væntanlegur hingað til lands á vegum tónleikahaldarans Einarssonar á tilfelli af 20 ára afmæli leiðtogafundarins í Höfða. Verður fyrirlesturinn sá fyrsti í röðinni Stefnumót við leiðtoga sem Einar ætlar að standa fyrir. Gorbatsjev kemur hingað 10. október og mun fyrirlesturinn fjalla um stjórnun á 21. öldinni, frið og sögulega þýðingu og minningar frá leiðtogafundinum í Höfða.

Gorbatsjev var valinn maður nýnda áratugarins af tímaritinu Time en hann er talinn hafa átt einn stærstan þátt í falli járntrjaldsins, hignun kommúnismans og að kalla stríðið leið undir lok.

Að mati margra var fundur þeirra Reagans og Gorbatsjevs einhver merkilegasti leiðtogafundur 20. aldarinnar. Það er reyndar ekki vítað hvor hafi átt hugmyndina að fundarstaðnum í Reykjavík því báðir vildu þeir eigna sér



REAGAN OG GORBATSJEV Hér sjást þeir á fundi í Hvíta húsinu en fundur þeirra í Höfða er talinn marka upphafið að þiðnun milli stórveldanna.

NORDIC PHOTO / GETTY IMAGES

heðurinn af þeirri fyrirtaks hugmynd. Talið er að það hafi verið Sovétmenn sem hefðu verið fyrri til að setja sig í samband við ríkisstjórn Íslands og sárnaði Bandaríkjamönnum það eitthvað. Gert hefði verið samkomulag um að það skyldi gert sameiginlega.

Það er ljóst að það er mikill fengur að komu þessa nóbelsverðlaunahafa svo vitnað sé til

orða Jóns Hákonssonar Magnússonar, sem var yfirmaður fjölmiðlamíðstöðvarinnar á leiðtogafundinum. „Við eigum Mikhaíl Gorbatsjev og Reagan mikið að þakka að halda þennan örlagaríka fund sem er stærsti viðburður Íslandssögunnar. [...] Rétt væri að láta gera stytta af þeim og bjóða Gorbatsjev að afhjúpa hana við Höfða í október 2006.“

PEUGEOT 407

TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans



Peugeot 407 frá kr. **2.135.000**
kr. 22.188 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.295.000**
kr. 23.839 á mánuði *

www.peugeot.is



Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407



* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Speki æskunnar

Sonur félaga míns byrjaði einn Slaugardaginn sem oftar á morgunsjónvarpinu með Afa og endaði síðan daginn á Spaugstofunni. Það fylgdi sögunni að hann hefði virst mjög hugsi þegar hann lagðist til svefns umrætt kvöld. Morguninn eftir bað hann þabba sinn um blað og penna, settist síðan niður og skrifaði bréf. Þjakkurinn var sex ára og ný orðinn skrifandi og því voru foreldrarir mjög spenntir að sjá afkrasturinn af fyrsta formlega bréfinu. Hann olli þeim ekki vonbrigðum.

MEÐ skiljanlega bjagaðri stafsetningu og lítilli sem engri virðingu fyrir háum og lágum stöfum gátu þau greint eftirfarandi skilaboð. „Kæri Afi (í morgunsjónvarpinu). Ég veit núna hver þú ert. Þú ert Davíð Oddsson.“ Félagi minn sagði mér að þau hefðu sent bréfið en ég gleymdi að spyrja hvort þau sendu það Erni Árna eða Davíð Oddssyni.

BÖRN eru að mínu áliti fyndnasta fólk í heimi og þá helst þegar þau eru alls ekki að reyna það. Hreinskilnin er oft alveg óborganleg en getur líka verið hrein kvöl og pína. Sonur minn hefur ósjaldan gert mig kjaftstopp og á vissu tímabili fékk ég köld svitaköst um leið og við feðgar stigum inn í anddyri sundlauga bæjarins.

Í eitt skiptið sátum við í heita pottinum ásamt fleirum. Ég tók eftir því að syni mínum var starsýnt á íturvaxna konu sem sat beint á móti honum. Þegar ég sá höndina á honum lyftast með vísifingur útréttan ætlaði ég að bregðast við en var of seinn. Rödd hans gnæfði yfir alla: „Pabbi, sjáðu hvað þessi kona er feit.“ Á sekúndubroti flugaði ég þann valkost að láta mig síga niður í pottinum og reyna að halda út í tíu til fimmtán mínútur undir vatnsyfirborðinu en kaus þess í stað að snúa mér að syni mínum, og þar með baki í alla aðra í pottinum, og segja hátt og snjallt við hann (og nærstadda): „Það er ljótt að benda á fólk og segja að það sé feitt.“ „Nú?“ svaraði hann, leit yfir öxlina á mér á konuna. Svo lyfti hann aftur höndinni, benti á manninn við hliðina á henni og sagði jafnhátt og áður: „Sjáðu manninn við hliðina á henni, hann er ekki svona feitur.“

SÍÐAN þetta gerðist hef ég eytt miklu púðri í að útskýra fyrir honum kurteisi og tillitssemi sem mér finnst hafa skilað miklum árangri. Hann er orðinn sjö ára og er farinn að gera sér grein fyrir að sumt sé óviðeigandi að segja, þó satt sé. Kannski gæti álíka barnanleg blanda af tillitssemi, kurteisi en jafnframt hreinskilni orðið nýjum ritstjórum DV gott veganesti.

Nóg að gerast í Stokkhólmi:

- 3.–6. júní
» Stockholm Marathon
- 1.–6. júní
» The Restaurants' Day – A Taste of Stockholm
Veisla fyrir bragðlaukana í heila viku.
- 18.–22. júlí
» Stockholm Jazz Festival
Heimspektir djassleikarar koma saman og leggja borgina undir sig.
- 31. júlí–6. ágúst
» Stockholm Pride
Regnbogahátíð homma og lesbía í heila viku!

MAMMA MIA!
Söngleikur eftir Björn og Benny sem gengur og gengur.

STOKKHÓLMUR

Eins og flestir Íslendingar vita er Stokkhólmur á austurströnd Svíþjóðar. Yndisleg borg sem teygir sig langt út á sundin eða út á ellefu eyjar.



Frændur vorir Svíar bjóða Íslendinga velkomna á tvo nýja áfangastaði Iceland Express!

Að ganga um miðbæinn er dásamlegt og þröngar götur Gamla Stan eru eins og sögusvið ævintýris. Skerjagarðurinn er skammt undan og þar er að finna fjölda lítilla eyja með notalegum sumarhúsum sem hægt er að leigja með lítilli fyrirhöfn og kostnaði.

MEÐ EXPRESS FERÐUM:

19.–26. maí, 30. júní–2. júlí og 11.–13. ágúst

Stórkostlegi Stokkhólmur!

Skoðunarferðir, góður matur og góður félagskapur. Íslensk fararstjórn. Nánar á www.expressferdir.is

NÝTT

Verð frá: **7.995 kr.***

SVÍÞJÓÐ



NÝTT
Verð frá: **7.995 kr.***

GAUTABORG

Gautaborg er önnur stærsta borg Svíþjóðar. Heimamönnum þykir hún alveg passlega stór og kalla hana „heimsborg með smábæjarsjarm“ sem er býsna nálægt tilfinningu þeirra sem borgina heimsækja.

MEÐ EXPRESS FERÐUM:

2.–5. júlí

Robbie Williams í Gautaborg

Magnaðir tónleikar á Ullevi-leikvanginum.

Nánar á www.expressferdir.is



Gautaborg er stundum kölluð San Fransisco Svíþjóðar enda er mikið um hæðir, brýr, sporvagna og sjávarréttastaði í báðum borgum. Samgöngur til og frá Gautaborg eru með þægilegasta móti; hægt er að taka ferjuna til og frá helstu nærliggjandi ferðamannastöðum þar sem tilvalið er að hafa það huggulegt og leigja sumarhús eða gista á hóteli.

Nóg að gerast í Gautaborg:

- 6.–13. ágúst
» Göteborgskalaset
Sumarhátíð! Tónlist, góðar veitingar og stemning um alla borg!
- » Liseberg skemmtigarðurinn
Stanslaust fjór fyrir alla fjölskylduna í allt sumar.



Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



AEG

Handverkfæri af BESTU gerð!



HJÓLSÖG K 55
Kr. 16.900.-



STINGSÖG STEP 1200
Kr. 19.900.-



VELTU RAFHLÖÐUVÉL RDSE 12T
Kr. 16.900.-



BORVÉL SR2 630
Kr. 8.990.-



BORHAMAR PN 300R2/K
Kr. 26.900.-

BETRI VERÐ!

AEG handverkfæri sverja sig í ættina. Þau eru eins og annað sem kemur frá þessum þýska framleiðanda vönduð og traust.

ORMSSON

LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800